ANNA GULLA RÚNARSDÓTTIR

*Velur vandaðan fatnað sem endist lengi*

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




DÖMUSKÓR

*Fjölbreytt úrval í skótísku vetrarins*

Sérblað um dömuskó

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. október 2009 — 238. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Sigur í Cannes



Sigvaldi J. Kárason og Formula Fun slógu í gegn í Frakklandi.

FÓLK 62

### Heiðarskóli tíu ára

Heiðarskóli í Reykjanesbæ hélt upp á afmæli sitt með pompi og prakt.

TÍMAMÓT 34



### Gunnleifur til FH

Gunnleifur Gunnleifsson samdi við Íslandsmeistara FH til þriggja ára.

ÍÞRÓTTIR 56




## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR** Í dag verða suðaustan 10-18 m/s sunnan og vestan til en hægari fram eftir degi annars staðar. Lengst af þurrt norðan og austan til, annars slydda og síðar rigning þegar líður á daginn.

VEÐUR 4

# Rúmlega 700 fleiri fá hjálp frá borginni

**Útgjöld sveitarfélaga vegna félagslegrar þjónustu hafa aukist mikið eftir hrun. Um 52 prósentum fleiri en í fyrra hafa fengið fjárhagsaðstoð hjá borginni í ár. Bak við tölurnar er djúpstæður vandi einstaklinga, segir sérfræðingur.**

**FÉLAGSMÁL** Útgjöld sveitarfélaganna vegna félagslegrar þjónustu hafa hækkað um sextíu til sjötíu prósent að jafnaði eftir hrun. Dæmi eru um að útgjöld hafi tvöfaldast hjá einstökum sveitarfélögum.

Þetta sýnir könnun sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nýverið gert. Hún tók til tveggja þátta félagsþjónustunnar; fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Bornir voru saman fyrstu átta mánuðir áranna 2008 og 2009 hjá stærstu sveitarfélögunum með um áttatíu prósent íbúanna.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, segir að niðurstaða könnunarinnar hafi ekki komið sér á óvart.

„Hvað varðar húsaleigubætur hafa tekjur margra lækkað mikið og fleiri falla því undir reglur um bæturnar. Fólk er líka komið út á leigumarkaðinn vegna missis á eigin húsnæði.“ Gunnlaugur segir að reglur vegna fjárhagsaðstoðar séu mjög strangar og tölfræðin beri með sér alvarleg tíðindi í því ljósi. „Fólk leitar ekki eftir þessari aðstoð nema þegar í nauðirnar rekur. Þetta er fólk sem á fá eða engin önnur úrræði.“

Hjá Reykjavíkurborg fengu 1.371 fjárhagsaðstoð vegna framfærslu fyrstu átta mánuði ársins 2008 en þeir voru 2.081 í ár. Fjölgun á milli ára var 52 prósent. 462 milljónir voru greiddar árið 2008 en 843 milljónir í ár, sem er aukning um 82 prósent. Húsaleigubætur fengu 5.292 á sama tímabili árið 2008 en voru 6.842 í ár. Útgjöld borgarinnar vegna húsaleigubóta hækkuðu um 44 prósent, úr 650 milljónum í 935 milljónir.

Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar, segir að málin sem deildin fái til úrvinnslu hafi breyst. „Hefðbundnir viðskiptavinir félagsþjónustunnar eru fólk sem hefur misst tekjur af einhverjum ástæðum; vegna veikinda eða atvinnumissis,“ segir Guðrún. „Nú koma fleiri sem eru í alvarlegum vanda þótt þeir hafi tekjur og kemur þar til skuldavandi heimilanna eftir hrunið.“ - shá



**FLOKKSBRÆÐUR FAÐMAST** Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson féllust í faðma áður en þingflokksfundur Vinstri grænna hófst um níuleytið í gærkvöldi. Jón Bjarnason fylgdist með sposkur á svip. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þingflokkur Vinstri grænna reyndi að sætta ólík sjónarmið á kvöldfundi:

# Viljum öll vera vinir áfram

**STJÓRNMÁL** „Við erum öll vinir og félagar og viljum vera það áfram,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á leið inn á fund með þingflokki sínum um klukkan níu í gærkvöldi. Hann hafði verið spurður hvort væringarnar innan flokksins upp á síðkastið kynnu að skilja eftir sig sár. Hann faðmaði Ögmund Jónasson í lyftunni á leið á fundinn.

Þingflokkurinn fundaði í gærkvöldi á óhefðbundnum tíma og fór meðal annars yfir Tyrklandsför Steingríms J. og þann mikla ágreining sem verið hefur í flokknum vegna Icesave-málsins og brotthvarfs Ögmundar Jónassonar úr ríkisstjórn. Á fundinum átti meðal annars að reyna að sætta ólík sjónarmið í flokknum og koma í veg fyrir að ríkisstjórnin liðaðist í sundur.

Fyrir fram var búist við löngum fundi og þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði ekkert gerst þar sem tíðindum sætti. - sh



**VALGEIR GUÐJÓNSSON** Bauð útlendingum heim til sín í sumar og ætlar að halda því áfram í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valgeir Guðjónsson:

## Býður útlendingum heim

**FÓLK Valgeir Guðjónsson og Ásta Kristrún Ragnarsdóttir brydduðu í sumar upp á þeirri nýjung í ferðaþjónustu að bjóða ferðamönnum heim til sín og ætla að halda uppteknum hætti í vetur. Valgeir segir í samtali við Fréttablaðið að þau hafi kynnst þjónustu af þessu tagi erlendis en uppgötvað að ekkert slíkt væri fyrir hendi hér heima. Þau ákváðu því að slá til og hafa tekið á móti þó nokkrum hópum sem hafa fræðst um Ísland, þjóðina og menningu hennar á heimili þeirra í Vesturbænum.**

- fgg / sjá síðu 62

Tímamótamál á Íslandi:

## Mansal í fyrsta skipti fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Fyrsta ákæran fyrir mansal og vændisstarfsemi sem gefin hefur verið út á Íslandi verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í dag. Catalina Mikue Ncogo, íslensk kona ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, er grunuð um athæfið.

Catalina er meðal annars ákærð fyrir að hafa blekkt konu til Íslands undir því yfirskini að hér biði hennar notalegt frí, en síðan hneppt hana í kynlífsánauð og neytt hana til að stunda vændi.

Rúmlega fertugur maður, Finnur Bergmannsson, er ákærður fyrir að aðstoða Catalinu við starfsemina.

- sh / sjá síðu 6


lagerútsala!



Bak við Holtagarða!!

Betra BAK

sbarro

18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum

1990 kr.

Risa pizza

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

TENGI

40% afsl. 60% afsl. 70% afsl. 20% 50% afsl. 40%

Tilboðsdagar í TENGI

Gæði á góðu verði!



Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

**SPURNING DAGSINS**



*Anna Lilja, byrjaði þetta allt með því að einhver fékk flugu í höfuðið?*

„Já, það byrjaði einmitt þannig.“

Félagar í Badmintonfélagi Hafnarfjarðar héldu upp á það í gær að hafa slegið flugur með spöðum yfir net í hálfa öld. Anna Lilja Sigurðardóttir er ritari félagsins.

Nóbelsverðlaunin í efnafræði og eðlisfræði:

# Frumkvöðlar nýrrar tækni

**SVÍÞJÓÐ, AP** Nóbelsverðlaunin í efnafræði renna til tveggja bandarískra vísindamanna, þeirra Venktramans Ramakhrisnan og Thomas Steitz, og ísraelsku vísindakonunnar Ada Yonath. Þau fá verðlaunin fyrir að hafa kortlagt ríbósóm, lítil korn í kjarna frumu sem hafa það hlutverk að framleiða prótín.

Sænska vísindaakademían segir verk þeirra hafa skipt miklu máli fyrir skilning manna á lífinu. Uppgötvunin hafi einnig auðveldað vísindamönnum að þróa mótefni gegn ýmsum sjúkdómum.

Á miðvikudag var skýrt frá því að þrír Bandaríkjamenn fái Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði fyrir að hafa fyrir fjórum áratugum lagt grunn að ljósleiðaratækni nútímans og stafrænni ljósmyndun.



**WILLARD S. BOYLE OG GEORGE E. SMITH** Þem tókst að búa til stafræna ljósmyndavél fyrir nærri hálfri öld. NORDICPHOTOS/AFP

Einn þeirra, Charles K. Kao, gerði árið 1966 mikilvæga uppgötvun þegar hann áttaði sig á því hvernig hægt er að senda ljósmerki langar vegalengdir gegnum örmjóa glerþræði.

Hinir tveir, þeir Willard S. Boyle og George E. Smith, fá hins vegar Nóbelsverðlaunin fyrir að búa til ljósnæma plötu sem er kjarninn í stafrænum myndavélum. Þetta tókst þeim árið 1969, fáum misserum eftir að Kao var að prófa sig áfram með ljósþræðina.

Nóbelsverðlaunin í efnafræði og eðlisfræði verða afhent í Stokkhólmi 10. desember. **- gb**

ASÍ um fjárlagafrumvarpið:

## Vill breytingar á frumvarpinu

**STJÓRNMÁL** Miðstjórn ASÍ lýsir miklum áhyggjum af fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Segir í ályktun sambandsins að ljóst megi vera að verði það að lögum muni það hafa áhrif á alla með samdrætti í þjónustu hins opinbera. ASÍ hafi því lagt áherslu á að byrðum hrunsins verði dreift með sanngjörnum hætti.

Í ályktuninni er þess krafist að frumvarpinu verði breytt, skattbyrði þeirra tekjulægstu verði létt og barna- og vaxtabætur hækkaðar. Enn fremur þurfi strax að ráðast í framkvæmdir í samstarfi við lífeyrissjóðina til að efla atvinnu og hagvöxt. **- sh**

Guðmundur í Byrginu:

## Ákærður fyrir milljónasvik

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur Guðmundi Jónssyni í Byrginu fyrir skattsvik og að draga sér tíu milljónir af fé Byrgisins þegar hann var forstöðumaður þess. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefur rannsakað fjármálaóreiðuna í Byrginu í ríflega tvö ár, en Byrgið var að mestu rekið fyrir opinbert fé.

Guðmundur Jónsson var í Hæstarétti í desember í fyrra dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn skjólstæðingum sínum, sem komið var upp um í fréttaskýringarþættinum Kompási. **- sh**

Bæjarráð Ísafjarðar:

## Segir fækkun ferjuferða aðför

**SVEITARSTJÓRNIR „Skerðingin á þjónustu Baldurs er aðför að byggðum á Vestfjörðum sem mun hafa afdrifaríkt áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja og almenn búsetuskilyrði á sunnanverðum Vestfjörðum,“ segir í ályktun bæjarráðs Ísafjarðar vegna fyrirhugaðrar fækkunar vetrarferða Breiðafjarðarferjunnar milli Stykkishólms og Brjánslækjar.**

**Bæjarráð segist taka heilshugar undir með bæjaryfirvöldum í Vesturbyggð sem lýst hafa þungum áhyggjum af yfirvofandi þjónustuskerðingu. „Bæjarráð skorar á samgönguráðherra að tryggja daglegar ferðir skipsins þar til viðunandi vegtenging kemst á við sunnanverða Vestfirði.“ - gar**



**LÖGREGLA OG SJÚKRALIÐ** Fjöldi lögreglu- og sjúkrabíla fór í Hörðaland þegar ljóst varð að þar hefðu átt sér stað alvarlegir atburðir sem jafnvel gætu leitt til dauða. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# Drakk stíflueyði og lést eftir líkamsárás

**Karlmaður og kona voru flutt á gjörgæsludeild í gærmorgun eftir líkamsárás í Hörðalandi. Konan hlaut mikla áverka á höfði og gekkst undir aðgerð í gærdag. Maðurinn er talinn hafa drukkið stíflueyði. Hann lést á sjúkrahúsi síðdegis.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður og kona voru flutt á gjörgæsludeild Landspítalans eftir líkamsárás í Hörðalandi í Fossvogi snemma í gærmorgun. Karlmaðurinn lést síðdegis í gær og konan var enn í öndunarvél þegar blaðið fór í prentun. Hún var þó ekki talin í lífshættu.

Konan hlaut þung höfuðhögg og skurði á höfði. Maðurinn er talinn hafa drukkið stíflueyði, eða annan álíka ætandi lög, eftir að hann hafði veitt konunni áverkana.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst höfðu maðurinn og konan verið gift, en voru nýskilin. Hann hafði nýverið misst atvinnuna. Þau eiga saman tvö ung börn.

Maðurinn var fluttur að heiman en hafði komið heim til konunnar um morguninn til þess að sækja börnin og fara með þau á leikskóla. Eftir að því var lokið sneri hann aftur í Hörðaland, þar sem harmleikurinn átti sér síðan stað. Það var svo rétt fyrir klukkan hálfníu í gærmorgun sem maðurinn hringdi í lögregluna. Hann kvaðst hafa valdið konunni miklum skaða, jafnvel svo miklum að hún væri látin. Að því búnu sleit hann símtalinu.

Lögreglumenn úr umferðardeild, sem voru á bifhjólum í nágrenni við Hörðaland, fóru þegar á staðinn, svo og þrír lögreglubílar og fjórir sjúkrabílar. Fleiri bílar frá lögreglu og sjúkraliði bættust svo við þegar ljóst varð að harmleikur hefði átt sér stað í íbúðinni sem hefði leitt til þess að fólkið inni væri talið í lífshættu. Að auki komu lögreglumenn úr tækni- og rannsóknardeild fljótlega á staðinn.

Maðurinn og konan voru flutt á Landspítalann í Fossvogi þar sem þeim var haldið sofandi í öndunarvélum í gær. Innanmein mannsins drógu hann til dauða nokkrum klukkustundum síðar. Konan gekkst undir aðgerð á höfði og jafnframt þurfti að sauma skurði sem hún hafði hlotið.

Auk þess sem lögregla rannsakaði vettvang í gær var rætt við vitni, sem kynnu að geta gefið einhverjar upplýsingar.

Maðurinn, sem var fæddur árið 1971, hafði verið búsettur hér um árabil og var íslenskur ríkisborgari. Konan er fædd 1966. **jss@frettabladid.is**

Alþjóðleg keppni um húfur:

## Íslensk húfa í fyrsta sæti

**FÓLK Harpa Jónsdóttir sigraði í keppninni Þúsund frábærar húfur, eða „1000 Fabulous Knit Hats“ sem útgáfufélagið Rockport Publishers hélt nýlega.**

**Húfa Hörpu, sem er úr þæfðri ull með útsaumuðum blómum, mun birtast í bók sem ber sama heiti og keppnin en í henni verða húfur úr keppninni og uppskriftir að þeim. Bókin kemur út næsta haust og verður dreift víða um heim.**

**Harpa hlaut 500 dali í verðlaunafé. „En það sem er verðmætast er auðvitað kynningin,“ segir hún. - sg / sjá Allt**

Nauðsynlegt að enda deilur:

## AGS bíður eftir málalokum

**EFNAHAGSMÁL** „Allt er tilbúið fyrir endurskoðun áætlunarinnar,“ segir Franek Roswadowski, fastafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi, spurður um ástæður þess að endurskoðun áætlunar sjóðsins hafi dregist á langinn.



**FRANEK ROSWADOWSKI**

Roswadowski bendir á að margt hafi orðið til þess að tefja fyrir endurskoðuninni, sem upphaflega átti að fara fram í febrúar. Stjórnarkreppa hér hafi tafið málið um nokkra mánuði.

Þá segist hann ekki vera í aðstöðu til að tjá sig um milliríkjamál. Stjórnvöld verði að ljúka ákveðnum samningum til að tryggja lánsfjármögnun svo málið geti haldið áfram, líkt og hann orðar það. **- jab**


SPARAÐU!

SÖLU LEIKHÚSKORTA LÝKUR 9. OKTÓBER





Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins 9.900 kr.

Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri kostar aðeins 5.900 kr.

Þriggja forsýninga Forskotkort í Kassann kostar aðeins 3.000 kr.

Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


Enginn mótmælt því að Ísland taki upp gjaldeyrishöft tímabundið segir ráðherra:

# Fráleitt að EES sé í uppnámi

**ALÞINGI** Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er ekki í hættu þótt ekki takist samningar um Icesave, að mati Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra.

„Ég tel fráleitt að EES-samningurinn sé í uppnámi ef við göngum ekki frá þeim skuldbindingum sem við höfum axlað gagnvart Hollendingum og Bretlandi,“ sagði Össur á Alþingi í gær. Þar svaraði hann spurningu Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokks.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Eiríki Bergmann, forstöðumanni Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, og Kristjáni Vigfússyni, forstöðumanni Evrópufræða við Háskólann í Reykjavík, að hætta sé á að EES-samningnum verði sagt upp náist ekki samkomulag í Icesavedeilunni.

Össur segist ósammála þessari niðurstöðu fræðimannanna. Í grunninn snúist áhyggjur þeirra um að gjaldeyrishöftin sem sett voru í kjölfar hrunsins hamli þátttöku Íslands á innri markaði EES. Það eigi þó engu að breyta, enda höftin hluti af samningi sem Ísland hafi gert við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem þjóðir Evrópusambandsins eigi meira og minna allar aðild að. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við höftin.

Samkvæmt upplýsingum frá Eftirlitsstofnun EFTA er engin athugun í gangi á skorti á frjálsu flæði fjármagns frá Íslandi, þrátt fyrir að það gangi gegn ákvæðum EES, né hefur borist formleg kæra vegna þess. **- bj**



**HÖFT** Evrópuþjóðir hafa engar athugasemdir gert við tímabundin gjaldeyrishöft hér á landi sagði Össur Skarphéðinsson á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TAX FREE
# ÖLL MÁLNING

**8. - 11. OKTÓBER**



**ÖLL INNI-OG ÚTIMÁLNING**
**VEGGMÁLNING**
**LOFTMÁLNING**
**GÓLFMÁLNING**
**ÞAKMÁLNING**
**LÖKK OG GRUNNAR**
**VIÐARVÖRN**
**OG MARGT FLEIRA**




**WWW.HUSA.IS**

## TAX FREE!
## BÍLSKÚRINN

**BÍLSKÚRSHURÐAROPNARAR**
**VERKFÆRATÖSKUR OG SKÁPAR**
**SLÖNGUHJÓL - ÚTIHURÐIR**
**GÚMMÍMOTTUR OG DREGLAR**
**STÁL- OG PLASTVASKAR**
**GLUGGAR - OFNAR**
**OG MARGT FLEIRA**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 07.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,23 | 124,83 |
| Sterlingspund | 197,13 | 198,09 |
| Evra | 182,73 | 183,75 |
| Dönsk króna | 24,545 | 24,689 |
| Norsk króna | 21,912 | 22,042 |
| Sænsk króna | 17,759 | 17,863 |
| Japanskt jen | 1,4095 | 1,4177 |
| SDR | 197,10 | 198,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

235,4011

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Bjarnason vill að landsbyggðinni verði hlíft við nýjum skattaáformum:

# Orkuskattur nái ekki út á land

**ALÞINGI** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vill að áformaður orku-, umhverfis- og auðlindaskattur leggist ekki á fyrirtæki á landsbyggðinni. Slíkir skattar hafi enda slæm áhrif.

Jón upplýsti um þessa skoðun sína á Alþingi í gær.

Einar K. Guðfinnsson Sjálfstæðisflokki innti Jón eftir afstöðu hans til málsins.

Jón svaraði því til að hann hefði við kynningu málsins í ríkisstjórn lagt áherslu á að horft yrði til þess að þetta íþyngdi ekki atvinnulífi og byggðum á landsbyggðinni þar sem áhrif af sértækum sköttum kynnu að hafa margföld áhrif.

Hitt væri annað mál að stjórnin stæði frammi fyrir gati á fjárlögum sem væri afleiðing stjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins á undanförnum áratug. Ekki væri sársaukalaust að leysa úr þeim málum. „En ég vil standa vörð um atvinnulífið á landsbyggðinni og að þar njóti menn jafnræðis,“ sagði Jón að lokum.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að nýr orku-, umhverfis- og auðlindaskattur afli ríkissjóði allt að sextán milljarða króna á næsta ári. Eftir er að útfæra hugmyndina. - bþs



**JÓN BJARNASON** vill standa vörð um atvinnulífið á landsbyggðinni.

Fræðiklerkur í Sádi-Arabíu:

# Rekinn úr ráði múslimaklerka

**SÁDI-ARABÍA, AP** Abdúlla, konungur Sádi-Arabíu, hefur rekið áhrifamikinn fræðiklerk úr hinu valdamikla æðstaráði múslimaklerka í landinu.

Klerkurinn brottrekni, Sheik Saad bin Naser al-Shethri, gagnrýndi í síðasta mánuði fyrirkomulag í nýjum vísinda- og tækniháskóla, sem Abdúlla konungur opnaði nýverið, en í þeim skóla sitja kvenkyns og karlkyns nemendur saman í tímum.

Klerkurinn sagði þetta fyrirkomulag bæði syndsamlegt og af hinu illa, ásamt því að gera karlkyns nemendum erfiðara að einbeita sér að náminu. - gb

Starfsáætlun Alþingis:

# Fyrsta umræða fjárlaga í dag

**ALÞINGI Fyrsta umræða um fjárlög fer fram á Alþingi í dag. Viðbúið er að hart verði tekist á um áform ríkisstjórnarinnar um niðurskurð og tekjuöflun enda hefur frumvarpið vakið hörð viðbrögð víða í þjóðfélaginu.**

**Samkvæmt starfsáætlun Alþingis verður önnur umræða um fjárlög 10. desember og þriðja umræða fimm dögum síðar.**

**Í starfsáætluninni er gert ráð fyrir 90 hefðbundnum þingfundardögum, 14 nefndadögum og 13 kjördæmadögum.**

**Jólaleyfi er áformað 17. desember og þinghald á nýju ári 18. janúar. 4. júní hefst sumarleyfi. Tveggja vikna þinghald er áætlað í septemberbyrjun.** - bþs

Heilbrigðisfrumvarp Obamas:

# Stuðningur almennings vex

**BANDARÍKIN, AP** Stuðningur Bandaríkjamanna við áform Baracks Obama í heilbrigðismálum hefur aukist, þótt enn sé þjóðin klofin í afstöðu sinni til málsins.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun segjast fjórðu prósent fylgjandi en fjórtutíu prósent andvíg áformunum. Þetta er nokkur breyting frá því í síðasta mánuði, þegar 49 prósent voru andvíg hugmyndum demókrata um almennar heilbrigðistryggingar.

Demókratar hafa áratugum saman reynt að fá þingið til að samþykkja að allir Bandaríkjamenn njóti heilbrigðistrygginga. - gb

## LEIÐRÉTTING

Halldór Pálmar Halldórsson líffræðingur er forstöðumaður Háskólaseturs Suðurnesja en vinnur ekki hjá Náttúrufræðistofu Reykjaness eins og missagt var í blaðinu í gær.

# Breytingar á dreifingu Fréttablaðsins

**Breytingar verða gerðar á dreifingu Fréttablaðsins í lok mánaðarins. Blaðinu verður áfram dreift frítt á þéttbýlisstöðum á suðvesturhorninu og á Akureyri. Á öðrum stöðum á landinu mun blaðið fást í lausasölu á kostnaðarverði.**

**FJÖLMIÐLAR** Breytingar verða gerðar á dreifingu Fréttablaðsins í lok október. Eftir breytingarnar verður fríðreifing blaðsins á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorninu, Borgarnesi, Akranesi, Árborg og Reykjanesi, og Akureyri. Á öðrum stöðum mun Fréttablaðið fást í lausasölu á kostnaðarverði.

Fréttablaðið verður því aðgengilegt hringinn í kringum landið í fyrsta skipti frá stofnun árið 2001.

Að sögn Ara Edwald, útgáfustjóra Fréttablaðsins, er ástæðan fyrir þessum breytingum fyrst og fremst sú að auglýsingamarkaðurinn hefur dregist svo saman að hann stendur ekki undir jafn stóru upplagi og áður.

„Við erum tilneydd til að rifa seglin vegna efnahagsástandsins. Miklar verðhækkanir á dagblaðapappír á alþjóðlegum mörkuðum og mjög óhagstætt gengi krónunnar valda okkur að auki erfiðleikum við að gefa blaðið út í eins stóru upplagi og við kjósum.“



**ARI EDWALD**

Ari bendir á að sterk staða Fréttablaðsins á auglýsingamarkaðinum tryggi eftir sem áður að mögulegt sé að halda úti öflugu blaði sem þjónusti lesendum á fjölbreyttan hátt.

„Það er hagkvæmast fyrir okkur að dreifa blaðinu á þéttbýlisstöðunum á suðvesturhorninu og á Akureyri. Sá stóri og tryggi lesendahópur sem við höfum á þessum svæðum stendur í raun undir rekstri blaðsins. Við finnum hins vegar vel fyrir því að eftirspurnin eftir Fréttablaðinu er mjög mikil í hinum dreifðari byggðum landsins. Að bjóða blaðið á kostnaðarverði er leið okkar til að mæta þessari eftirspurn því að sjálfsögðu viljum við að blaðið sé lesið sem víðast.“

Söluaðilar munu fá hvert blað afhent á 33 krónur stykkið og leggja sjálfir á þann kostnað sem fellur til vegna flutningsins.

„Við fáum aðeins greitt fyrir pappírinn, annar kostnaður við útgáfuna er án endurgjalds eftir sem áður. Í þeim tilfellum þar sem blaðið fer inn í fyrirliggjandi dreifingarkerfi söluaðila fá lesendur það á einfalda kostnaðarverðinu.“

Þegar hefur verið gengið frá samningum við N1 um að bjóða viðskiptavinum sínum Fréttablaðið. Fleiri sölustaðir munu bætast í hópinn á næstu vikum og verða kynntir jafnóðum í blaðinu. Þeim sem hafa áhuga á að taka blaðið til dreifingar á landsbyggðinni er bent á að setja sig í samband við Pósthúsið í síma 585 8300.

Áfram verður hægt að fá Fréttablaðið í fullri áskrift utan dreifingarsvæðis. Kostar það 2.890 krónur á mánuði eða frítt í rafrænni áskrift í tölvupósti, auk þess sem blaðið er aðgengilegt á Vísi.is.



**FRÉTTABLAÐIÐ** Breyting verður á dreifingu Fréttablaðsins í lok mánaðarins. Því verður þó dreift áfram lesendum á suðvesturhorninu og á Akureyri að kostnaðarlausu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**REBIYA KADEER** Leiðtogi útlægra úígúra gæti hlotið friðarverðlaunin. NORDICPHOTOS/AFP

Friðarverðlaun Nóbels:

# Kínverskt andóf líklegt til sigurs

**NOREGUR, AP** Á morgun verður tilkynnt hverjir hljóta friðarverðlaun Nóbels þetta árið. Að venju eru ýmsar getgátur um niðurstöðuna, en óvenjulega mikill samhljómur er í getgátunum í þetta skiptið. Flestir spá því að kínverskir andófsmenn hreppi hnossið.

Síðustu misseri hafa íbúar í Tíbet og Xinhua viðrað andstöðu sína gegn kínversku stjórninni með afdrifaríkum hætti.

Um þessar mundir eru tuttugu ár liðin frá atburðunum á Torgi hins himneska friðar í Peking, þegar stjórnvöld sendu herinn til að brjóta á bak aftur mótmælahreyfingu lýðræðissinna. - gb

Úrskurður Hæstiréttar:

# E-töflusmyglarar í einangrun

**DÓMSTÓLAR Tveir pólskir karlmenn skulu sæta gæsluvarðhaldi og einangrun til 26. október. Þeir voru gómaðir þegar þeir reyndu að smygla til landsins tæplega 6.000 e-töflum.**

**Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness þessa efnis.**

**Mennirnir, sem eru á þrítugsaldri, voru handteknir þegar þeir komu með flugi frá Varsjá. Annar var með 2.647 töflur faldar í niðursuðudós og hinn 3.348 töflur.** - jss






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR Í NÓTT OG Á MORGUN**

Í nótt og á morgun verður mjög kröpp lægð suður af landinu og má búast við austan stormi víða um land, sýnu hvassast sunnan og suðvestan til. Þessu fylgja hlýindi og væta, einkum sunnan til og vestan. Á laugardag verður hvasst fyrir hádegi en horfur eru á að smám saman lægi þegar líður á síðdegið og kvöldið.




**Á MORGUN** 15-28 m/s, hvassast sunnan til.

**LAUGARDAGUR** 10-23 m/s, hvassast suðaustan til. Lægir síðdegis.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Amsterdam | 16° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 13° |
| Eindhoven | 18° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 14° |
| New York | 21° |
| Orlando | 33° |
| Osló | 8° |
| París | 21° |
| Róm | 28° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Bleikir dagar hjá Nova!

Bleika slaufan

Bleika slaufan fylgir með öllum bleikum farsímum til mánudagsins 12. október, en þannig leggjum við okkar af mörkum til styrktar leitarstarfi Krabbameinsfélagsins. Líttu við hjá okkur og fáðu þér bleikan farsíma til þess að halda góðu sambandi við þína nánustu.

**0 kr.** útborgun

**Samsung L700**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 24.000 kr.




**19.900 kr.** útborgun

**SonyEricsson W595**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 43.900 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

KJÖRKASSINN



*Vilt þú að núverandi ríkisstjórn sitji áfram næstu mánuði?*

| | |
|---|---|
| Já | 46,5% |
| Nei | 53,5% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ætlar þú að sjá heimildarmyndina Guð blessi Ísland?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir


Tekist á um atvinnuuppbyggingaráform ríkisstjórnarinnar á Alþingi í gær:

# Stjórnin sögð hefta framþróun

**ALÞINGI** Nei – jú pólítík var í hávegum höfð í umræðum um auðlindir, iðnað og stöðugleikasáttmálann á þingi í gær.

Kristján Þór Júlíusson Sjálfstæðisflokki fann ríkisstjórninni flest til foráttu enda stæði hún í veginum fyrir atvinnuuppbyggingu með ýmsum aðgerðum síðustu daga og vikur. Stöðugleikasáttmálinn frá því í júní væri í uppnámi og í algjört óefni stefndi.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði lýsingar Kristjáns Þórs fjarri öllu lagi, þær væru svartagallsraus. Unnið væri að fjölda góðra verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar á vettvangi stjórnvalda.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR** Iðnaðarráðherra segir ýmis áform uppi í atvinnuuppbyggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gunnar Bragi Sveinsson og Vigdís Hauksdóttir Framsóknarflokki og Jón Gunnarsson Sjálfstæðisflokki skömmuðust út í stjórnvöld. Sagði Jón meðal annars að ríkisstjórnin væri blind á þau tækifæri sem við blöstu og væri beinlínis að vinna skemmdarverk. Vigdís sagði öll mál í uppnámi hjá ríkisstjórninni.

Björgvin G. Sigurðsson Samfylkingunni sagði rammaáætlun um nýtingu orkuauðlinda verða til um áramót og þá skýrðist hvaða virkjunarmöguleikar væru fyrir hendi.

Lilja Rafney Magnúsdóttir VG sagði tíma stóriðjuuppbyggingar liðinn og Árni Þór Sigurðsson, flokksbróðir hennar, sagði að nýta bæri orkuauðlindirnar á forsendum sjálfbærni. **- bþs**

Ráðstöfunarfé ráðherra:

# Lækkar um 16 milljónir króna

**STJÓRNMÁL** Samanlagt ráðstöfunarfé ráðherra lækkar um rúmar sextán milljónir milli ára, samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Í frumvarpi þessa árs nam það 87 milljónum en verður 70,6 milljónir á næsta ári.

Mennta- og menningarmálaráðherra fær mest, 9,6 milljónir, en dóms- og mannréttindaráðherra, heilbrigðisráðherra og iðnaðarráðherra fá átta milljónir til ráðstöfunar. Fimm ráðherrar fá fimm milljónir, umhverfisráðherra 4,5 og efnahags- og viðskiptaráðherra fær þrjár milljónir.

Í fyrra voru menntamálaráðherra ætlaðar átján milljónir. **- bþs**





Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




*Grunnnám í bókhaldi*

Markmið námskeiðsins er að þjálfa fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvum.

**108 stundir - Verð: 99.000.-**
**Verð fyrir atvinnulausa: 74.250.-**
Morgunnámskeið byrjar 2. nóvember.
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. nóvember.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI


# Ákært fyrir vændi og mansal í fyrsta skipti

**Catalina Ncogo hefur verið ákærð fyrir að blekkja konu til Íslands, halda henni í kynlífsánauð og selja körlum aðgang að henni. Hún er einnig ákærð fyrir að lifa á vændi fjölda kvenna. 43 ára karlmaður er ákærður fyrir að aðstoða hana.**

**DÓMSMÁL** Catalina Mikue Ncogo, íslensk kona ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, hefur verið ákærð fyrir mansal og vændisstarfsemi. Henni er meðal annars gefið að sök að hafa blekkt unga konu til landsins og haldið henni hér í kynlífsánauð. Aldrei áður hefur verið ákært í mansals- eða vændismáli á Íslandi.

Ákæran á hendur Catalinu, sem er 31 árs, verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness dag. Finnur Bergmannsson, 43 ára, er ákærður fyrir hlutdeild í brotunum.

Ákæran á hendur Catalinu er í tveimur liðum. Í þeim fyrri er hún sökuð um mansal, hótanir og ólögmæta nauðung. Þar er hún sögð hafa blekkt 26 ára konu frá Miðbaugs-Gíneu til landsins í júní í fyrra undir því yfirskyni að hún kæmi hingað í frí. Hún hafi síðan hýst hana á tveimur stöðum í Hafnarfirði þar sem hún neyddi hana til að stunda vændi með því að hóta henni lífláti og líkamsmeiðingum. Hún hafi jafnframt svipt fórnarlamb sitt fatnaði og skilríkjum til að hafa á henni tangarhald.

Í öðrum lið ákærunnar er hún sökuð um að hafa haft viðurværi sitt af vændi konunnar, tveggja annarra nafngreindra kvenna, sem báðar eru ættaðar frá Miðbaugs-Gíneu, „og fleiri ónafngreindra kvenna“, eins og það er orðað í ákæru. Vændisstarfsemi þessi er sögð hafa átt sér stað árin 2008 til 2009.

Segir í ákærunni að Catalina hafi haft milligöngu um að fjöldi manna hefði samræði eða önnur kynferðismök við konurnar. Þeir þurftu að greiða 20 til 25 þúsund krónur fyrir. Hún leigði íbúðarhúsnæði á fjórum stöðum í höfuðborginni undir starfsemina, tvær íbúðir í Hafnarfirði og tvær í Reykjavík.

Þriðji liður ákærunnar snýr að þætti Finns Bergmannssonar. Finnur er ákærður fyrir að uppfæra auglýsingar um vændið á vefsíðum og taka myndir af konunum gegn greiðslum frá Catalinu. Finnur rekur hugbúnaðarþjónustu og selur bókhaldsforrit.

Konurnar þrjár sem stigið hafa fram í málinu og eru nafngreindar í ákæru fara allar fram á 800 þúsund krónur í miskabætur frá Catalinu. **stigur@frettabladid.is**



**VÆNDI Á HVERFISGÖTU** Catalinu er meðal annars gefið að sök að hafa gert út nokkrar vændiskonur úr þessu húsi við Hverfisgötu – steinsnar frá lögreglustöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FÍKNIEFNAMÁL CATALINU FYRIR DÓMI



Dómstólar hafa enn til meðferðar mál á hendur Catalinu fyrir skipulagningu á innflutningi á tæpu hálfu kílói af kókaíni. Hún er sökuð um að hafa fengið þrjá Belga, tvær konur og karlmann, til að flytja efnin til landsins innvortis.

Þá var íslenskur kærasti Catalinu handtekinn á Schiphol-flugvelli í Amsterdam fyrr á árinu með tólf kíló af kókaíni. Catalina sat um tíma í varðhaldi grunuð um tengsl við málið.

Catalina sté fram og sagði sögu sína í Vikunni á sínum tíma. Þar viðurkenndi hún að hafa gert út tólf vændiskonur í borginni.

Landsbankinn tekur yfir húseignir Hannesar Smárasonar hér og í Bretlandi:

# Konan skráð fyrir glæsivillu

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hefur gengið að veðum í eignarhaldsfélaginu Fjölnisvegur 9. Félagið var í eigu Hannesar Smárasonar, fyrrverandi forstjóra FL Group. Í eigu félagsins eru fasteignir: Fjölnisvegur 11 í Reykjavík og lúxusíbúð við Pont Street í Lundúnum í Bretlandi. Unnur Sigurðardóttir, kona Hannesar, er skráð fyrir Fjölnisvegi 9.

Íbúðin í Lundúnum er í Chelsea, einu dýrasta hverfi Lundúnaborgar. Hún er á þremur hæðum, rúmir 260 fermetrar að flatarmáli með þremur svefnherbergjum á efstu hæð. Hvert þeirra er með sérbaðherbergi. Íbúðin hefur verið til sölu síðan í apríl fyrir sjö og hálfa milljón punda, jafnvirði um einn og hálfan milljarð króna.

Í fundargerðum skipulagsráðs Reykjavíkurborgar hefur komið fram að Hannes hafði fengið leyfi til að tengja bílageymsluna á Fjölnisvegi 9 við bílageymsluna á Fjölnisvegi 11, með viðbyggingu, tengigangi og svölum. Að auki keypti Hannes tölvubúnað fyrir tæpar sjö milljónir í Fjölnisveg 9 og innbú fyrir fimmtán milljónir í Fjölnisveg 11.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum er stefnt að því að selja fasteignirnar við Fjölnisveginn og í Lundúnum í framtíðinni. Óvíst er hvað gert verður við tengibyggingar á milli fasteignanna á Fjölnisvegi. Ekki náðist í Hannes þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **- jab**



**HÚSIN VIÐ FJÖLNISVEG** Hér sést Fjölnisvegur 9. Við hlið þess í skugga trjánna sést glitta í Fjölnisveg 11. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# KÓSÝ NÁTTFÖT
## *í úrvali*




Gildir á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



1 Um hvað er bókin eftir Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, sem kemur út í næsta mánuði?

2 Hvað þurftu starfsmenn Vals að gera fyrir leikinn gegn Torres?

3 Hvaða lesefni útgáfustjóra Morgunblaðsins komst í fréttir í vikunni?

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á SÍÐU 62

Barack Obama Bandaríkjaforseti ræðir við helstu ráðgjafa sína í öryggismálum:

# Dregur úr stuðningi við hernaðinn í Afganistan

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti kallaði í gær á sinn fund helstu ráðgjafa sína í öryggismálum til að ræða framhald hernaðarins í Afganistan. Átta ár voru í gær liðin frá því að bandarískir og breskir hermenn réðust inn í Afganistan.

Obama lýsti því yfir fyrr á árinu að fjölgað yrði verulega í herliði Bandaríkjanna í Afganistan, nú þegar dregið væri úr viðbúnaði bandaríska hersins í Írak. Undanfarið hefur hann þó dregið í land með það, en segir nú að í það minnsta verði ekki fækkað í herliðinu.

Á þriðjudaginn áttu leiðtogar bæði repúblikana og demókrata á Bandaríkjaþingi níutíu mínútna fund með Obama um Afganistan. Sá fundur virðist ekki hafa breytt neinu um afstöðu flokkanna, því repúblikanar halda áfram að hvetja Obama til þess að fara að ráðum hershöfðingja sinna, en demókratar segja hann ekki þurfa að flana að neinu.



**LÍKIN BORIN HEIM** Hernaðurinn í Afganistan hefur til þessa kostað meira en 800 Bandaríkjamenn lífið. NORDICPHOTOS/AFP

Obama hefur þó þegar sent rúmlega tuttugu þúsund hermenn til Afganistans á árinu, til viðbótar við þau 38 þúsund sem fyrir voru.

Bandaríkjamenn eru smám saman að komast á þá skoðun, að hernaðurinn í Afganistan sé ekki til góðs. Nú er svo komið að einungis 40 prósent styðja hernaðinn þar, en í júlí síðastliðnum voru 44 prósent fylgjandi. Átta ára hernaður í Afganistan hefur kostað rúmlega 800 bandaríska hermenn lífið.

Í Bretlandi er ekki heldur mikil stemning fyrir stríðsrekstri í Afganistan. Meira en helmingur Breta er andvígur því að breski herinn sé þar að athafna sig, samkvæmt nýrri skoðanakönnun.

Talibanar segja hins vegar að Vesturlöndum stafi engin hætta af þeim, þótt þeir muni áfram berjast gegn erlendu hernámsliði. - gb

Egyptar æfir út í Frakka:

## Slíta tengslum við Louvre

**EGYPTALAND** Egypsk stjórnvöld hafa slitið samstarfi við listasafnið Louvre í París. Aahi Hawass, yfirmaður egypska þjóðminjasafnsins, segir að samstarfið verði ekki endurnýjað fyrr en stjórnendur Louvre skili aftur egypskum fornmunum sem þeir hafi keypt af þjófum.

Hawass segist hafa skrifað stjórnendum Louvre bréf fyrir sjö árum þar sem þeir voru beðnir um að ráðfæra sig við egypsk stjórnvöld áður en þeir keyptu egypska fornmuni. Það hafi stjórnendur Louvre ekki gert heldur keypt fimm veggmyndir sem stolið hafi verið úr grafhýsi í hinni fornu borg Þebu. Stjórnendur Louvre hafa neitað að tjá sig um málið. - th

## ALÞINGI

### Einar spyr um strandveiðar

Einar K. Guðfinnsson Sjálfstæðisflokki hefur lagt fram ítarlega fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra um strandveiðar. Meðal annars spyr hann hve mikill hluti aflans fór til vinnslu í þeim höfnum sem landað var.

### Og vistunarmat

Einar spyr líka hvort heilbrigðisráðherra ætli að beita sér fyrir því að vistunarmati aldraðra verði breytt á þann veg að tekið verði tillit til aðstæðna alzheimer-sjúklinga og annarra með skylda sjúkdóma.

### Og Sementsverksmiðjuna

Þá spyr hann iðnaðarráðherra hvort hún hyggist beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til að tryggja rekstrargrundvöll Sementsverksmiðjunnar á Akranesi.

# Katrín tekur vel í hugmynd Steingríms um orkuskatta

**Fjármálaráðherra leggur til að lagt verði 20 til 30 króna gjald á hverja kílóvattstund. Iðnaðarráðherra tekur vel í hugmyndina. Forstjóri Norðuráls vill ekki svara því hvort fyrirtækið geti neitað að borga.**

**ORKUMÁL** Gjald upp á 20 til 30 aura á hverja kílóvattstund af raforku er miklu nær lagi en ein króna á hverja kílóvattstund, að sögn Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra.

Í greinargerð um orku-, umhverfis- og auðlindagjöld í fjárlagafrumvarpinu var rætt um eina krónu á kílóvattstund sem átti að skila sextán milljörðum króna í ríkissjóð og olli það töluverðum titringi hjá talsmönnum stóriðjunnar á Íslandi. Töluna 20 til 30 aura nefndi Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í grein í Fréttablaðinu í gær. Katrín segist ekki hafa rætt við Steingrím um þessa tölu. Málið sé enn í vinnslu og verði vonandi klárað í þessum mánuði.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

„Ég hef aldrei talað gegn þessari aðferðafræði heldur var það upphæðin sem menn nefndu sem var alveg út úr korti. Það var eins og það kæmi til greina að sækja sextán milljarða með því að leggja eina krónu á hverja kílóvattstund. Ég er ekki einu sinni viss um að Steingrímur hafi vitað af því að þessi króna á kílóvattstund hafi verið sett inn í greinargerðina.“ Spurð hver hafi gert það segir Katrín: „Þú verður að spyrja þá sem skrifuðu greinargerðina. Það var ekki mitt ráðuneyti en það var náttúrlega mikil pressa á fjármálaráðuneytinu þegar menn voru að skila fjárlagafrumvarpinu og þeim er kannski vorkunn að því.“

Í grein sinni í Fréttablaðinu í gær spyr Steingrímur hvort 20 til 30 aurar á kílóvattstund séu óbærileg hækkun á raforkuverði fyrir stóriðjufyrirtækin.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að gerðir hafi verið langtímasamningar um raforkuverð og skattamál við íslenska ríkið.

„Við göngum auðvitað út frá því að þeir samningar haldi,“ segir Ragnar. „Aðalatriði málsins er að fjárfestar geti treyst því að þeir samningar sem gerðir eru við íslensk stjórnvöld haldi. Það er grundvöllur fyrir frekari fjárfestingum hér. Ég held að það ætti frekar að horfa til framtíðar og sjá hvernig við getum aukið tekjuöflun í gegnum auknar framkvæmdir í landinu frekar en að reyna að kreista eitthvað út úr þeim fyrirtækjum sem þó enn standa í báðar fætur á Íslandi.“

Spurður hvort Norðurál geti neitað því að greiða aukna skatta á grundvelli undirritaðra samninga segir Ragnar: „Ég ætla ekkert að fullyrða neitt um slíkt í svona samtali.“

trausti@frettabladid.is



### ÞRETTÁN MILLJARÐAR Í TEKJUSKATT

Ólafur Teitur Guðnason, hjá Alcan í Straumsvík, segir að tuttugu til þrjátíu aurar á kílóvattstund þýði 600 til 900 milljónir króna viðbótarútgjöld á ári fyrir Alcan og það sé mjög mikið.

Spurður hvort það yrði óbærileg hækkun eins og Steingrímur J. spyr í grein sinni segir Ólafur Teitur: „Ég get nú ekki svarað því. Ég get ekki farið út í þá sálma. Þá er ég kominn út í einhverjar samningaviðræður. Steingrímur spyr hvort við viljum ekki leggja okkar af mörkum í því sambandi er ágætt að benda á að síðastliðin tíu ár hefur Alcan greitt þrettán milljarða í tekjuskatt. Þannig að við erum svo sannarlega að leggja okkar af mörkum.“


N1

Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!

Frábært úrval af dekkjum, dekkjahótel og betri þjónusta

Þú færð skjóta og góða hjólbarðaþjónustu hjá N1. Við bjóðum upp á eitt mesta úrval landsins af hjólbörðum og geymum sumardekkin á dekkjahóteli fyrir þá sem vilja.
Renndu við hjá okkur þegar þér hentar, við tökum vel á móti þér!

Hjólbarðaþjónusta N1 er á eftirtöldum stöðum:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða 2 | Reykjavík | sími 440 1318 | Langatanga 1a | Mosfellsbæ | sími 440 1378 |
| Réttarhálsi 2 | Reykjavík | sími 440 1326 | Reykjavíkurvegi 56 | Hafnarfirði | sími 440 1374 |
| Fellsmúla 24 | Reykjavík | sími 440 1322 | Dalbraut 14 | Akranesi | sími 440 1394 |
| Ægisíðu 102 | Reykjavík | sími 440 1320 | Grænásbraut 552 | Reykjanesbæ | sími 440 1372 |

WWW.N1.IS

Meira í leiðinni


Dómstóll úrskurðar gegn lögum um friðhelgi:

# Spillingarmál Berlusconi komin aftur á dagskrá

**ÍTALÍA, AP** Stjórnlagadómstóll Ítalíu kvað í gær upp þann úrskurð að lög, sem tryggðu Silvio Berlusconi forsætisráðherra friðhelgi fyrir dómstólum, brytu í bága við stjórnarskrá landsins.

Þar með geta saksóknarar haldið áfram dómsmáli á hendur forsætisráðherranum vegna spillingarmála, sem höfðuð voru á hendur honum áður en lögin voru sett.

Jafnframt vex þrýstingur á að Berlusconi segi af sér, því hann geti ekki verið forsætisráðherra landsins meðan hann sé sakborningur í dómsmáli. Talsmaður hans sagði þó ekki koma til greina að hann segði af sér.

Berlusconi fékk meirihluta þingmanna til þess að samþykkja lögin árið 2008, meðan réttarhöld yfir honum stóðu yfir í Mílanó. Réttarhöldunum var því frestað.

Berlusconi var sakaður um að hafa árið 1997 látið greiða breska lögfræðingnum David Mills að minnsta kosti 600 þúsund Bandaríkjadala fyrir að segja ósatt í vitnaleiðslum í dómsmáli, sem þá stóð yfir gegn Berlusconi vegna spillingarákæru.



**SILVIO BERLUSCONI** Ætlar ekki að segja af sér. NORDICPHOTOS/AFP

Mills hlaut í febrúar síðastliðnum fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm fyrir að hafa logið í þeim réttarhöldum.

Berlusconi hefur verið sýknaður í öðrum spillingarmálum á þeim forsendum að sakir hafi verið fyrnd. - gb

# Vinsælastur í heimi*

## Nokkur atriði um vinsældir og sætumagn tómata

Er alveg fitulaus

Íslenskir tómatar eru bragðmeiri sökum þess að þeir fá að þroskast til fulls á tómataplöntunni

Ítalir kalla tómatinn ástareplið og þykir hann afar kynörvandi

Inniheldur lýkópen sem er öflugt andoxunarefni



Til eru meira en 10.000 mismunandi tegundir af tómötum

Geymist best við stofuhita því kæling eyðir bragði og næringu tómatsins

Tómaturinn er mest selda grænmeti í heimi en meira en 60 milljónir tonna eru ræktuð ár hvert*

Er ávöxtur en vegna lítils sætumagns var tómaturinn flokkaður sem grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 44761 06/09





# Ríkið hirðir ábatann af lægri greiðslubyrði

**Þingmenn allra flokka eru sammála um nauðsyn aðgerða til að mæta snaraukinni greiðslubyrði vegna húsnæðislána. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru taldar ganga of skammt. Áform stjórnarinnar um skattahækkanir éta upp ábatann.**

**ALÞINGI** Lækkun á greiðslubyrði heimilanna er fagnaðarefni. Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar kosta um það bil ein mánaðarlán á ári. Skattahækkanirnar taka þann ábata sem lægri greiðslubyrði skilar.

Þetta sagði Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í umræðum um stöðu heimilanna á Alþingi í gær.

Fagnaði hann aðgerðum félagsmálaráðherra og sagði skattahækkunaráformin ekki honum að kenna, nema að hluta til.


TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

Guðmundur Steingrímsson Framsóknarflokki sagði marga kalla eftir leiðréttingu skulda. Aðgerðum ráðherra bæri að fagna, sér í lagi vegna þess að þær væru almennar. Óvissa ríkti þó um raunverulegt virði lána og henni þyrfti að eyða. Lagði hann til að ráðist yrði í lækkun höfuðstóls lána.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra sagði að við hefði blasað að um tuttugu þúsund hefðu farið í gjaldþrot. Um væri að ræða fólk sem hefði áfram sömu eða svipaðar tekjur og fyrir hrun en skuldabyrðin hefði vaxið því yfir höfuð.

Hann sagði almennar aðgerðir mæta vanda þessa fólks en það væri á hendi bankanna að veita sértæk úrræði þeim sem þau þyrftu með.

Unnur Brá Konráðsdóttir Sjálfstæðisflokki harmaði að ríkisstjórnin hefði ekki farið að tillögum flokks síns frá í sumar. Sagði hún mikilvægt að allir kæmu saman að lausn mála og til hliðsjónar yrði meðal annars sú ríka hefð að Íslendingar byggju í eigin húsnæði.

Lilja Mósesdóttir VG sagðist berjast fyrir leiðréttingu höfuðstóls lána og um leið afnámi verðtryggingar. Um leið yrði að efla leigu- og kaupleigukerfi húsnæðis.

Margrét Tryggvadóttir Hreyfingunni sagði boðaðar aðgerðir skref í rétta átt en stíga þyrfti stærri skref.

Undir lok umræðunnar þóttist Guðmundur Steingrímsson greina samhljóm meðal þingmanna og ítrekaði þá skoðun sína að lækka bæri höfuðstól húsnæðislána. Auk þess að gagnast heimilunum myndi það koma sér vel fyrir efnahagslífið.

bjorn@frettabladid.is


**HÚSNÆÐISMÁLIN Í BRENNIDEPLI** Guðmundur Steingrímsson vill að höfuðstóll húsnæðislána verði lækkaður. Auk þess að það gagnist heimilunum kæmi það sér vel fyrir efnahagslífið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA









**BERLÍN** Norðurlandaþjóðirnar starfrækja sendiráð sín í Berlín í sama húsi.

Kostnaður við sendiráð lækkaður um þrjú prósent:

# Sendiráðin kosta tæpa 2,5 milljarða

**STJÓRNMÁL** Rekstrarkostnaður sendiráða, fastanefnda og aðalræðismanna lækkar um 67 milljónir, eða þrjú prósent á milli ára, samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Nemur hann 2.429 milljónum króna á næsta ári.

Starfsemi verður hætt á þremur póstum; sendiráða í Róm og Pretoríu og fastanefnd í Strassborg.

Mestur kostnaður er af sendiráðinu í Brussel, til þess renna 200 milljónir króna. Starfsemi fastanefndar Íslands í New York kostar 190 milljónir.

Starfsemi íslenska ríkisins á níu stöðum til viðbótar kostar yfir 100 milljónir; sendiráðanna í Berlín, Kaupmannahöfn, Lundúnum, Moskvu, París, Washington og Peking og fastanefndanna hjá Nató og í Genf.

Innan við 100 milljónir renna til starfseminnar í Osló, Stokkhólmi, Vín, Ottawa, Tókýó, Helsinki, New York, Nýju Delhí, Þórshöfn og Winnipeg, þar sem hún er ódýrust, kostar 38,5 milljónir.

Í fyrra var áformað að selja dýra sendiráðsbústaði í eigu ríkisins og kaupa aðra ódýrari í staðinn. Til verksins voru ætlaðir tæpir tveir milljarðar króna á fjárlögum og gert ráð fyrir tekjum á móti. Þessi áform hafa verið lögð til hliðar þar sem eftirpurn á fasteignamarkaði í viðkomandi borgum hefur verið dræm. - bþs










11. - 15. mars 2010

# Búdapest

*Heimsborgin glæsilega*

**Express ferðir** bjóða frábæra 5 daga ferð með **beinu flugi** til Búdapest. Um er að ræða langa helgi þar sem sögu og menningu borgarinnar verða gerð góð skil - og ekki spillir einstaklega **hagstætt verðlag** í Ungverjalandi.




*Fararstjórarnir **Lilja Hilmarsdóttir** og **Þórarinn Sigurbergsson** eru þaulreynd í faginu og gjörþekkja borgina.*

**Verð á mann í tvíbýli**

**88.700 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum, gisting á 4* hóteli með morgunverði á Hotel Mercure Korona 4* í hjarta borgarinnar í fjórar nætur og íslensk fararstjórn. Skoðunarferðir ekki innfaldar.

**Fimmtudagur 11. mars**
Farþegar komnir inn í miðbæ um hádegisbil og frjáls dagur eftir það. Mikið er um frábær veitingahús í nágrenni við hótelið.

**Föstudagur 12. mars**
Skoðunarferð um borgina og henni gerð góð skil. Farið á alla mest spennandi og markverðustu staði borgarinnar. Ferð sem enginn má missa af.

**Laugardagur 13. mars**
Gönguferð um hluta Pest þar sem m.a. verður gengið um Gyðingahverfið, slóðir Franz Liszt og farið á elsta kaffihús borgarinnar. Þægileg og áhugaverð gönguferð.

**Sunnudagur 14. mars**
Frjáls dagur en einnig í boði að fara í siglingu á Dóná.

**Mánudagur 15. mars**
Á brottfarardegi verður ekki farið út á völl fyrr en síðdegis. Farþegum stendur tvennt til boða, að vera í borginni fram að brottför eða fara út á hina frægu Sléttu og heimsækja einstakan búgarð. Ógleymanlegt og alltaf mikið fjör.

*Fyrirspurnir og nánari upplýsingar:*
www.expressferdir.is
info@expressferdir.is
Sími 590 0100

**Express ferðir**
*Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express*

Firon/SIA F1030817


Bandarísk rannsókn gefur góða raun:

# Nýtt bóluefni gegn kókaínvímu

**BANDARÍKIN** Tilraunir með nýtt bóluefni sem myndar mótefni gegn kókaínvímu hafa gefið góða raun í Yale-háskóla í Bandaríkjunum.

Kenningin er sú að mótefnið geri kókaínið óvirkt áður en það berist til heilans og komi þannig í veg fyrir vímu. Dr. Thomas Kosten, sem vann við rannsóknina, segir að þetta sé í fyrsta skiptið sem tilraunir séu gerðar með mótefni gegn kókaíni á fólki. Korsten segir að fólkið hafi fengið fimm skammta af mótefni á 24 vikna tímabili. Um 75 prósent af þeim hafi myndað nægilegt mótefni til að hamla áhrifum af einum til tveimur skömmtum af kókaíni. **- th**



**KÓKAÍN** Mótefnið gerir kókaínið óvirkt áður en berst til heilans.




**LANDSBANKINN** Framkvæmdastjóri Landsvaka er sáttur við niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli átján sjóðsfélaga gegn honum.

# Landsbankinn er bótaskyldur

**Átján sjóðsfélagar Landsvaka geta átt von á bótum eftir að fyrsti dómurinn tengdur bankahruninu féll í gær. Allt að þrjátíu til viðbótar bíða á hliðarlínunni. Sjóðstjóri Landsvaka segist sáttur við dóminn.**

**DÓMSMÁL** „Dómurinn hefur öðru fremur fordæmisgildi gagnvart öllum þeim sem áttu fé í peningamarkaðssjóðum Landsbankans,“ segir Jóhann Haukur Hafstein héraðsdómslögmaður um niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur, sem í gær féllst á bótakröfu handhafa hlutdeildarskírteina hjá Landsvaka, vörsluaðila peningamarkaðssjóða Landsbankans. Jóhann útilokar ekki að dómurinn geti sömuleiðis skapað fordæmi fyrir þá sem áttu í sjóðum annarra banka.

Þetta var varakrafa Jóhanns, sem fór fyrir átján einstaklingum sem áttu fé í sjóðnum. Héraðsdómur sýknaði Landsbankann af aðalkröfu þeirra, sem kvað á um að hópnum yrði bætt það fjárhagslega tap sem hann varð fyrir. Þá taldi hópurinn þær upplýsingar sem lágu fyrir um fjárfestingarstefnu hans hafa verið ófullnægjandi.

Einstaklingarnir sem Jóhann fór fyrir stefndu Landsbankanum og Landsvaka vegna rýrnunar á eign þeirra í peningamarkaðssjóðunum. Þegar sjóðunum var slitið í kjölfar þjóðnýtingar bankanna fyrir ári urðu sjóðfélagar fyrir verulegri skerðingu en þeir fengu tæp 69 prósent af fjármunum sínum til baka.

Aðalkrafan hljóðaði upp á að fá þau þrjátíu prósent sem upp á vantaði. Vísað er til þess að þeir sem innleystu fé úr sjóðnum á milli 10. september og 7. október hafi fengið mun hærri upphæð en þeir sem á eftir komu.

Ekki hefur verið metið hversu háa bótakröfu er um að ræða, að sögn Jóhanns.

Á bilinu tíu til fimmtán þúsund einstaklingar áttu fé í peningamarkaðssjóðunum og námu eignir þeirra sem málið höfðuðu allt frá hálfri milljón til fimmtíu milljóna króna.

Þetta er fyrsti dómurinn sem fellur einstaklingum í vil gegn bönkunum eftir bankahrunið í fyrra. Jóhann segir á bilinu tuttugu til þrjátíu einstaklinga geta hugsað sér að höfða mál af svipuðum toga.

„Við erum sátt við niðurstöðu dómsins,“ segir Björn Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Landsvaka. Hann bendir á hún sanni að starfsfólks sjóðsins hafi unnið af heilindum.

Hvorki Jóhann né lögmaður Landsvaka hefur tekið ákvörðun um áfrýjun málsins. Björn telur líklegt að ákvörðun um það verði tekin á mánudag.

**jonab@frettabladid.is**

## Í MÓTSVARI LANDSVAKA SEGIR:

„Landsvaki lýsir sig ósammála niðurstöðu dómsins um varakröfu stefnenda. Samkvæmt dómnum bar Landsvaka að lækka gengi sjóðsins þann 10. september 2008 vegna frétta um að líkur væru á að ábyrgð vegna XL Leisure (innskot: bresk ferðaskrifstofa sem Eimskip hafði selt en varð gjaldþrota) myndi falla á Eimskip. Dómurinn telur að þeir sem innleystu á tímabilinu frá 10. september 2008 til lokunar 6. október hafi fengið of hátt verð fyrir eignarhlut sinn í sjóðnum og þeir sem eftir sátu hafi orðið fyrir tjóni. Landsvaki vill taka fram að niðurfærslur eigna voru að mati félagsins fullnægjandi í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga á hverjum tíma.“




Breytingar á hugmyndafræði:

## Ekki ókeypis hádegisverður

**KÚBA** Stjórnvöld á Kúbu hafa stigið fyrsta skrefið í því að afleggja hádegisverð í boði ríkisins fyrir vinnandi fólk, að því er fram kemur á vef BBC.

Ríkið greiðir nú fyrir máltíðir um 3,5 milljóna manna, en í vikunni lokaði fjöldi mötuneyta. Ríkið telur sig ekki lengur hafa efni á því að greiða andvirði um 44 milljarða króna á ári fyrir hádegisverð landsmanna.

Í stað þess að fá ókeypis hádegisverð fá starfsmenn 15 pesóa, jafngildi 90 króna, til að kaupa sér hádegismat. Gangi áformin vel gætu almennar matarúthlutanir verið næstar á lista. - bj

Stýrihópur Virkari velferðar mótar tillögur um sjálfstætt líf fatlaðra utan stofnana:

# Fatlaðir öðlist aukið sjálfstæði

**FÉLAGSMÁL** Ísland getur orðið fyrirmynd annarra þjóða hvað varðar réttindi fólks sem þarfnast aðstoðar. Þetta segir Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins og fulltrúi í stýrihópi Virkari velferðar, verkefnis sem hrundið hefur verið af stokkunum og hefur það að markmiði að stuðla að sjálfstæðara lífi fatlaðra utan stofnana. Í stýrihópi Virkari velferðar, eða ViVe eins og verkefnið er kallað, sitja auk Guðjóns: Evald Krogh, þekktur norskur baráttumaður fyrir réttindum fatlaðra, Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, Guðmundur Magnússon, varaformaður Öryrkjabandalagsins, og Sigrún Björk Jakobsdóttir, forseti bæjarstjórnar á Akureyri. Verndari verkefnisins er Vigdís Finnbogadóttir. Meginverkefni stýrihópsins er að móta tillögur til stjórnvalda um það hvernig hægt er að gera fötluðum kleift að lifa sjálfstæðara lífi utan stofnana með notendastýrðri aðstoð.

Í tilkynningu frá verkefninu segir að Íslendingar standi hinum Norðurlandaþjóðunum að baki hvað þetta varðar. Hér hafi stofnanaúrræði orðið ofan á, en hinar Norðurlandaþjóðirnar bjóði í auknum mæli upp á notendamiðaða aðstoð. Þar njóti nú yfir 15 þúsund manns slíkrar aðstoðar og í stétt aðstoðarmanna séu yfir 50 þúsund. - sh



**VIRKARI VELFERÐ** Verkefnið var kynnt í Norræna húsinu á mánudag. Á myndinni sést Kristján Bergmann, markaðsstjóri Hertz, eins aðalstuðningsaðila verkefnisins, auk Vigdísar Finnbogadóttur og fulltrúa stýrihópsins. MYND/ODDUR ÁSTRÁÐSSON

Breytt skipulag í Þorlákshöfn:

## Auglýsa fjórtán metra háa turna

**SKIPULAGSMÁL Breyta þarf húsnúmerum á iðnaðarsvæði við Unubakka í Þorlákshöfn gangi eftir breyting á deiliskipulagi sem nú er í auglýsingu.**

**Bætt hefur verið við byggingarreit að Unubakka 26-28 þar sem Lýsi hf. á að fá að reisa tvo þvottaturna, allt að fjórtán metra háa.**

**Frestur til að skila athugasemdum við breytinguna á deiliskipulaginu rennur út 13. nóvember. Deiliskipulagstillagan er til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss í Þorlákshöfn og inni á vefnum www.landmotun.is.** - óká



**Í HAFNARFIRÐI** Fullyrt er að innbrotum hafi fjölgað.

Bæjarfulltrúi vitnar í tölfræði:

## Nágrannavarsla fælir þjófa frá

**LÖGREGLUMÁL „Innbrot á svæðum í Vesturbæ Reykjavíkur sem tekið hafa upp virka nágrannavörslu voru, samkvæmt tölum frá lögregluembætti höfuðborgarsvæðisins, engin á fyrstu sex mánuðum ársins," segir í tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks í fjölskylduráði Hafnarfjarðar.**

**Í tillögunni kemur fram að undanfarna mánuði hafi innbrot í heimahús, iðnaðarhúsnæði og bíla aukist í Hafnarfirði. „Til að stemma stigu við frekari aukningu er lagt til að hafinn verði undirbúningur að tilraunaverkefni um nágrannavörslu í Hafnarfirði í því augnamiði að nágrannavarsla verði mjög víðtæk í bæjarfélaginu, helst í hverri götu."** - gar

Breytingar á Vesturgötu:

## Verður vistgata með einstefnu

**UMHVERFI** Vesturgötu verður breytt í vistgötu milli Aðalstrætis og Grófarinnar og á þessum kafla verður einstefna til norðurs. Hafist verður handa við breytingarnar á næstu dögum.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá Reykjavíkurborg verða sett gróðurbeð í Vesturgötu og gatan fegruð á ýmsan annan hátt. Snjóbræðsla verður á gönguleiðum. „Efniviður er valinn til að skapa vistlega stemmingu og tengja við Grófartorg og annað sem fyrir er," segir í tilkynningunni. Á vistgötum hafa gangandi og hjólandi forgang fram yfir bílaumferð án þess þó að mega hindra för ökutækja að óþörfu. Hámarkshraði verður fimmtán kílómetrar á klukkustund. - gar

### SVEITARFÉLÖG

**Mótmæla sameiningu**

Bæjarráð Grindavíkur kveðst mótmæla harðlega öllum hugmyndum um að sveitarfélög verði þvinguð til sameiningar án þess að íbúar fái að tjá sig á lýðræðislegan hátt um málið. „Með þessum vinnubrögðum er íbúalýðræði fótum troðið," segir bæjarráðið.




## Almenn aðgerð:
## Þak er sett á lengingu íbúðalána vegna greiðslujöfnunar:

- **Afborganir lækka og verða tengdar greiðslujöfnunarvísitölu**
- **Lánstími lengist að hámarki um 3 ár**
- **Eftirstöðvar skuldar af íbúðaláni verða gefnar eftir ef skuldin hefur ekki verið greidd upp í lok framlengds lánstíma**




## Almenn aðgerð:
## Þak sett á lengingu bílasamninga vegna greiðslujöfnunar:

- **Afborganir lækka og verða tengdar greiðslujöfnunarvísitölu**
- **Gengistryggðir bílasamningar lengjast að hámarki um 3 ár**
- **Í lok þess tíma geta lántakar leyst til sín bifreiðina gegn greiðslu hugsanlegra eftirstöðva eða skilað bifreiðinni**



## Dæmi um áhrif vegna leiðréttingarinnar:

### Verðtryggt íbúðalán:
10 milljónir króna til 40 ára
tekið 1. júlí 2007, vextir 4,15%




### Gengistryggt íbúðalán og bílasamningar:
Íbúðalán: 20 milljónir kr.
Bílasamningur: 2 milljónir kr.
Karfa: Yen og svissneskur franki.




### Gengistryggður bílasamningur:
2 milljónir kr. til 7 ára
tekið 1. júlí 2007, gengiskarfa




- Upphafleg greiðslubyrði
- Greiðslubyrði 1. október 2009
- Greiðslubyrði eftir aðgerðir

# Léttari byrðar

**Ríkisstjórnin hefur kynnt viðamiklar aðgerðir sem fela í sér umtalsverða leiðréttingu á greiðslubyrði af íbúða- og bílalánum og nýjar leiðir til að laga skuldir fólks að núverandi eignastöðu og greiðslugetu.**

**Leiðréttingin felur m.a. í sér:**

- **almennar aðgerðir sem létta greiðslubyrði fólks.**
- **sértækar lausnir sem nýtast einstaklingum í alvarlegum greiðsluvanda.**

**Úrræðin ná jafnt til verðtryggðra sem gengistryggðra íbúða- og bílalána.**

**Greiðslur munu framvegis tengjast greiðslujöfnunarvísitölu sem fylgir launaþróun og atvinnustigi.**

**Fjárhagslegar aðstæður fólks eru mismunandi. Ekki henta öllum sömu lausnir. Kynntu þér úrræðin nánar á island.is eða leitaðu ráða ef þú ert í vanda vegna skulda eða tekjumissis – úrræðin eru til staðar.**

**Hjá viðskiptabanka/sparisjóði þínum, Íbúðalánasjóði og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna starfar fólk sem hefur það hlutverk að veita þér ráðgjöf um hvaða lausnir henta þér og aðstæðum þínum. Sjá nánar spurningar og svör á island.is**

**Áætluð gildistaka aðgerðanna er 1. nóvember nk.**

## Sértæk aðgerð: **Greiðslubyrði sniðin að aðstæðum**

Þetta úrræði er sérstaklega ætlað þeim sem orðið hafa fyrir umtalsverðu tekjufalli. Greiðslubyrði láns verður sniðin að aðstæðum einstaklings og staðan endurmetin síðar.

## Sértæk aðgerð: **Sértæk skuldaaðlögun fjármálastofnana**

Fyrir fólk í verulegum greiðsluvanda sem nægir ekki almenn leiðrétting eða önnur vægari greiðsluerfiðleikaúrræði. Skuldir og eignir verða lagaðar að greiðslugetu með langtímahag heimilis í huga. Skuldaaðlögun getur átt sér stað með sölu eða yfirtöku eigna, hlutfallslegri lækkun krafna, framlengingu lána eða tímabundnum gjaldfresti. Vinnubrögð lánastofnana samræmd. Miðað er við að skuldarinn haldi að hámarki hóflegu húsnæði og bíl og geti staðið undir afborgunum vegna þessara eigna.

## Greiðslubyrði af íbúðalánum og bílasamningum lækkar umtalsvert og miðast við dagsetningar 2008:

**Greiðslubyrði vegna verðtryggðra lána miðast við 1. janúar 2008:**

**Algeng lækkun 15-20%**

**Greiðslubyrði vegna gengistryggðra lána miðast við 2. maí 2008:**

**Algeng lækkun 20-35%**

island.is

RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## „ORÐRÉTT“

### Hreinskilinn

**„Það var búið að vera langvarandi ósætti um það hvernig ætti að æfa og hvernig ætti að standa að tónleikum og hvaða atriði skiptu máli hjá hljómsveitinni.“**

VALLI Í FRÆBBLUNUM UM STEBBA TROMMARA SEM ER HÆTTUR.
**Fréttablaðið 7. október**

### Hvað næst? UMFÍ?

**„Þegar lán sem við tókum upp á 16 milljónir var komið í um 40 milljónir neyddumst við til að fara í Landsbankann og óska eftir að klúbburinn yrði tekinn til gjaldþrotaskipta.“**

ÓNEFNDUR STJÓRNARMAÐUR Í GOLFKLÚBBNUM Á ESKIFIRÐI.
**Morgunblaðið 7. október**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HILMAR ÖRN HILMARSSON

## Þjakaður af baráttu ljóss og myrkurs



„Ég er að ljúka mjög skrítnum mánuði eða mánuðum í tónsmíðavinnu, þar sem ég var annars vegar að ljúka við tónlistina fyrir heimildarmyndina Guð blessi Ísland og hef þar fengið útrás fyrir reiði, vonbrigði og tortryggni, og hins vegar tónlist við heimildarmynd þar sem verið er að selja hina fallegu ímynd Íslands. Þar hef ég þurft að sækja í fegurðina, kærleikann og slíka hluti,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson, tónlistarmaður og allsherjargoði, og kveðst þannig vera að ná áttum eftir tímabil þar sem svart og hvítt hafi barist í kolli hans.

Efniviðinn í Guð blessi Ísland þekkja sjálfsagt velflestir, en þar er fjallað um efnahagshrunið. Hin myndin er Ultimate Journeys: Iceland fyrir National Geographic HD (háskerpusjónvarpsstöðina) og fer í dreifingu um heim allan. „Þetta er ógurlega falleg mynd þar sem landslag og náttúrufar fær að njóta sín í háskerpu. Ég hef því farið úr svartasta ömurleika í allt sem er bjart og upphafið og yndislegt,“ segir hann. Tónlistin er enda ólík í myndunum, en í Guð blessi Ísland segir Hilmar Örn tóninn hafa verið sleginn í kröftugum bumbuslætti mótmælanna á Austurvelli sem svo endurómi í tónsmíðinni.

Annars segist Hilmar Örn vera að fara að undirbúa allsherjarþing Ásatrúarfélagsins en á þeim vettvangi séu verkefni nóg. „Lítið hefur dregið úr brúðkaupum og veruleg aukning hefur verið í nafngiftum. Maður fær því að taka þátt í góðu og björtu stundunum í lífi fólks,“ segir Hilmar Örn.



## HVALFJÖRÐUR

### ÖRNEFNI

Nafn Hvalfjarðar, nafn hæsta foss landsins í firðinum, Glyms í Botnsá, fjallsins Hvalfells og Hvalvatns sem Botnsá rennur úr eru örnefni sem öll eru dregin af ferð illhvelisins „Rauðhöfða“ inn fjörðinn, upp Botnsá og Glym, allt upp í Hvalvatn, þar sem hann bar beinin, samkvæmt þjóðtrúnni.

Má einnig geta þess að norðan í Hvalfelli er hellir, þar sem Arnes útileguþjófur bjó í tvö ár að talið er.

## SJÓNARHÓLL

### Á AÐ ENDURSKOÐA SAMSTARFIÐ VIÐ ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐINN?



**JÓHANNES SVEINBJÖRNSSON**
Bóndi

### Sitjum uppi með AGS

„Ætli maður sé ekki í sömu sporum og flestir aðrir í að vilja helst geta verið laus við samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn [AGS],“ segir Jóhannes Sveinbjörnsson, bóndi í Þingvallasveit. „Mér finnst hins vegar ábyrgðarlaust að ætla að slíta samstarfinu núna. Allar okkar áætlanir hafa byggst á að fara í þetta samstarf.“

Þá segir Jóhannes augljóst að málefni Icesave og fyrirgreiðsla AGS verði ekki sundur slitin. „Alveg sama hvað menn reyna að telja sér trú um annað. Allt er þetta svo forsenda allrar annarrar fyrirgreiðslu,“ segir hann og bætir við að enn hafi ekki verið í umræðunni bent á aðrar leiðir sem sýna hafi mátt fram á að væru færar. „Ég hefði hins vegar verið rosalega ánægður ef hægt hefði verið að semja við Norðmenn, Rússa eða aðrar þjóðir til að losna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en það virðist vera fullreynt.“

Jóhannes áréttar að hann sé enginn aðdáandi AGS og er ósáttur við að þjóðin skuli þurfa að feta þessa slóð. Verði samstarfinu við sjóðinn slitið segist hann hafa áhyggjur af áhrifunum á gengi krónunnar og þar af leiðandi á verðbólgu og starfhæfi bæði atvinnulífs og þess sem eftir stendur af fjármálakerfinu.




**LÁTTU EKKI VERÐTRYGGINGUNA ÉTA BARNIÐ ÞITT** Höfundur: Helga Valdís Árnadóttir.



**HVER VILL EKKI VERA Í BANDI MEÐ ÞESSUM?** Höfundar: Arnar Geir Ómarsson og Bragi Valdimar Skúlason.




**ESB VILL LÁTA GREIPAR SÓPA** Höfundur: Bobby Breiðholt.

# Evrópumál full Fítonskrafti

**Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verður vafalítið eitt helsta átakamálið í íslenskum stjórnmálum á komandi árum. Baráttan verður þó ekki einungis háð í þingsölum, með leiðaraskrifum, á borgarafundum og bloggsíðum heldur líka í auglýsingum. Auglýsingastofan Fíton beið ekki boðanna; þar á bæ voru grafískir hönnuðir fengnir til að draga um afstöðu og hanna í framhaldinu áróðursspjöld með eða á móti inngöngu Íslands í ESB. Niðurstöðurnar birtust í nýútkomnu riti, Fítonblaðinu. Óhætt er að segja að þær veiti áhugaverða nasasjón af því sem ef til vill koma skal, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.**



**LITLI OG STÓRI** Höfundur: Anna Karen Jörgensdóttir.

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

**Gigtarganga - Gigtarfólk- Gigtarganga**
**Verður í dag 8. október**

Gengið frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt undir kjörorðinu **"Vinnum saman"** *Við stöndum fyrir dugnað, einurð og útsjónarsemi. Úrræði við gigtarsjúkdómum er fjárfesting.*

17:00 - Safnast verður saman á Lækjartorgi
17:20 - Upphitun fyrir gönguna
17:30 - Gengið upp Bankastr. og Skólavörðust.*
18:05 - Göngufólki er boðið að hlusta á stutt orgelverk í Hallgrímskirkju, Haukur Guðlaugsson spilar.

* *Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.*

**Verum sýnileg, tökum fjölskylduna með.**

Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu GÍ í síma 530 3600.

**www.gigt.is**

Grensásdeildin fær 864 þúsund krónur eftir söfnun í IKEA um helgina:

# Bökuðu snúða fyrir Grensás

Kanilsnúðadagar voru haldnir í IKEA um helgina til styrktar Grensásdeild Landspítalans. Þar bökuðu nokkur bakarí kanilsnúða fyrir viðskiptavini að smakka, og máttu viðskiptavinir síðan velja besta snúðinn með því að stinga peningum í bauk merktum honum. Alls söfnuðust 432 þúsund krónur til styrktar Grensási, og raunar gott betur, því IKEA tvöfaldaði þá upphæð. Samtals runnu því 864 þúsund krónur til deildarinnar.

Bakarar úr Mosfellsbakaríi urðu hlutskarpastir í keppninni um bestu snúðana. Þeir höfðu undir bakara frá Sandholti, Veislunni, Konditori Copenhagen og framkvæmdastjóra IKEA. Edda Heiðrún Backman tók á móti söfnunarfénu fyrir hönd Grensáss í gær og veitti bökurunum verðlaun fyrir þátttökuna, og sigurliðinu sérstakt viðurkenningarskjal. **- sh**



**VERÐLAUN AFHENT** Edda Heiðrún Backman tók við söfnunarfénu í gær og afhenti bökurunum viðurkenningar fyrir framlag sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ódýru gervigæsirnar




# Fyrsta byssan þín ?

## Gott úrval - Gott verð - Góð kjör



### Stoeger P350 Synthetic

Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.

**Fullt verð 72.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 12.515 á mánuði vaxtalaust.**



### Escort MarineHunter.

Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.

**Fullt verð 69.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 11.999 á mánuði vaxtalaust.**



### Optima B12.

Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Hnotuskefti. Útdragari og skiftanlegar þrengingar.

**Fullt verð 96.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 16.635 á mánuði vaxtalaust.**



### Stoeger P350 Camo

Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.

**Fullt verð 79.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 13.716 á mánuði vaxtalaust.**



### Escort MarineGuard.

Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Fastþrengd. Framsigti á hlaupi.

**Fullt verð 62.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 10.798 á mánuði vaxtalaust.**



### Optima S12.

Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Hnotuskefti. Útdragari og skiftanlegar þrengingar.

**Fullt verð 99.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 17.150 á mánuði vaxtalaust.**



### Stoeger SP312

Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 26" hlaup. Fastþrengd.

**Fullt verð 66.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 11.485 á mánuði vaxtalaust.**



### Escort Fieldhunter.

Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.

**Fullt verð 59.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 10.283 á mánuði vaxtalaust.**



### Optima Silver Select.

Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Valin hnota í skeftum, bakslagsdempari, útdragari og skiftanlegar þrenginar. Einn gikkur og val á milli hlaupa.

**Fullt verð 129.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 22.299 á mánuði vaxtalaust.**

3% lántökugjald er innifalið í mánaðagreiðslu

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar





Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410 - veidihornid.is - sportbudin.is

# Tölvur eru á miklum meirihluta heimila

Tölvur eru á miklum meirihluta íslenskra heimila, samkvæmt rannsókn Hagstofu Íslands. Alls er til tölva á 92 prósent heimila, og níu af hverjum tíu eru tengd netinu.

Bæði tölvu- og netnotkun er mjög almenn hér á landi, og höfðu 93 prósent landsmanna á aldrinum 16 til 74 ára notað tölvu og netið síðustu þrjá mánuði áður en rannsóknin var gerð.

Í fyrsta skipti síðan mælingar hófust árið 2002 fækkar þeim sem versla á netinu, enda er minna keypt af farmiðum, gistingu og annarri ferðatengdri þjónustu en fyrri ár. - bj



**FÆRRI VERSLA** Í fyrsta skipti frá árinu 2002 fækkar þeim sem versla á netinu milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FBL-GREINING:** FÓLKSFLUTNINGAR MILLI LANDA

## *Tvöhundruð milljónir*

Í vikunni kom út Þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna, sem gefin er út árlega. Þetta árið er athyglinni beint að orsökum og áhrifum fólksflutninga milli landa. Höfundar skýrslunnar hvetja ríki heims til að draga úr hömlum á innflutningi og auðvelda innflytjendum lífið.

### Hversu margir flytja?

Talið er að nærri milljarður jarðarbúa hafi tekið sig upp og flutt til annarra heimkynna. Flestir þeirra flytja reyndar innan heimalands síns, en um 200 milljónir hafa flutt sig til milli landa. Þar af hafa aðeins 70 milljónir, eða rétt rúmlega þriðjungur, flutt frá landi í þróunarheiminum svonefnda til auðugra ríkja. Flestir fluttust frá einu þróunarlandi til annars eða á milli auðugra landa.

### Hvers vegna flytur fólk?

Mikill meirihluti þeirra 200 milljóna sem flutt hafa milli landa hefur gert það til þess að fá tækifæri til betra lífs. Meira en þrír fjórðu þeirra flytja til lands þar sem lífsskilyrði eru skárri en í heimalandi þeirra. Íbúar fátækustu landanna eiga þó erfiðast með að flytja úr landi. Til dæmis hefur innan við eitt prósent Afríkumanna flutt til Evrópu.



### Hver eru áhrifin?

Höfundar skýrslunnar segja að í langflestum tilvikum sé flutningur fólks á milli landa til góðs, bæði fyrir einstaklingana sem flytja, landið sem þeir flytja frá og landið sem þeir flytja til. Þeir segja áhyggjur af því að innflytjendur taki störf frá heimamönnum og valdi launalækkunum reistar á veikum grunni. Sama megi segja um áhyggjur af því að glæpum fjölgi, kostnaður við félagsþjónustu aukist og upplausn verði í samfélaginu.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni
FRÉTTABLAÐIÐ


**FRÉTTASKÝRING:** Þingmál vetrarins



**BROSAÐ** Ráðherrarnir ætla að gera eitt og annað í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stórt og smátt úr ranni ríkisstjórnarinnar í vetur

**Ríkisstjórnin hyggst leggja fram 184 mál í vetur. Bróðurparturinn er lagafrumvörp en einnig er von á þingsályktunartillögum og skýrslum. Flest málanna hvíla á herðum utanþingsráðherranna í dóms- og mannréttindaráðuneytinu og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.**

Í frumvarpasúpu vetrarins eru, eins og gengur, bæði stórir bitar og smáir.

Tólf frumvörp eru boðuð vegna efnahagshrunsins. Til dæmis á að breyta lögum um upptöku eigna, gjaldþrotaskipti og fjárnám, rýmka heimildir til greiðsluaðlögunar, greiðslujöfnunar lána og niðurfærslu skulda, breyta lögum um Íbúðalánasjóð og endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar. Þá verður ýmsum lögum og reglum um fjármálafyrirtæki og hlutafélög breytt með hliðsjón af reynslunni af hruninu.

Nokkur mál er varða lýðræðisumbætur eru væntanleg. Má þar nefna frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur, stjórnlagaþing og persónukjör. Einnig á að breyta lögum um fjármál stjórnmálasamtaka, setja ráðherrum og embættismönnum siðareglur og rýmka aðgengi almennings að upplýsingum með breytingum á upplýsingalögum.

Frumvarp um bótagreiðslur til þeirra sem sættu illri meðferð eða ofbeldi á vistheimilum fyrir börn verður lagt fram í haust og þingsályktun um sóknaráætlun fyrir Ísland fram til 2020.

Fjármálaráðherra boðar fjölda frumvarpa til breytinga á skattalögum. Ná þau til tekjuskatts, virðisaukaskatts, vörugjalds og stimpilgjalda auk ýmissa sértækra skatta. Þá eru boðuð ný lög um orku-, umhverfis- og auðlindaskatta eins og frægt er.

**Eitt og annað**

Ýmsar kerfisbreytingar verða gerðar í vetur. Sameina á héraðsdómstóla í einn og breyta skipulagi lögreglu og sýslumannsembætta og sameina iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í atvinnuvegaráðuneyti.

Banna á nektardans, leggja fram framkvæmdaáætlun um jafnréttismál, setja heildarlög um heilbrigðisstéttir og endurskoða lög um slysatryggingar.

Þá á að leggja fram rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, byggðaáætlun, setja lög um fjölmiðla og heildarlög um skipulag og verndun menningararfsins.

**Og enn skal talið**

Margt er á döfinni hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Sameina á þrjár slysarannsóknanefndir, endurskoða umferðarlög, loftferðalög og siglingalög auk þess að breyta lögum um Siglingastofnun og vita.

Nokkur stór mál á vettvangi umhverfismála koma fram í haust. Til dæmis endurskoðun á tilteknum þáttum skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um brunavarnir. Þá á að setja lög um umhverfisábyrgð.

Að auki verða lögð fram fjölmörg frumvörp og þingsályktanir vegna alþjóðasamstarfs. Er þar til dæmis um að ræða staðfestingar, breytingar eða upptöku á sáttmálum eða samningum.

bjorn@frettabladid.is

## LÍFIÐ GENGUR SINN VANAGANG

Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar eru ýmis mál sem sýna glögglega að þrátt fyrir hrunið og afleiðingar þess gengur lífið sinn vanagang.

**Þjóðfáninn og skjaldarmerkið**
Breyta á ákvæðum um heimildir til að nota íslenska fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu.

**Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla**
Breyta á ýmsum ákvæðum laganna, meðal annars um útfarir.

**Lögbirtingablaðið**
Hætta á að gefa blaðið út í prentuðu formi.

**Þjóðkirkjan**
Setja á ný lög þar sem þjóðkirkjunni verði sjálfri falið að setja sér reglur sem nú eru í lögum.

**Trúfélög**
Breyta á ákvæðum laganna um sjálfvirka skráningu barna í trúfélög.

**Happdrætti**
Koma á í veg fyrir starfsemi happdrætta sem ekki hafa fengið leyfi fyrir starfsemi sinni hérlendis.

**Vopn**
Endurskoða á vopnalög.

**Dánarvottorð og krufningar**
Flytja á dánarmeinaskrá frá Hagstofu til landlæknis.

**Hitaveitur**
Setja á heildstæða löggjöf um starfsemi hitaveitna þar sem meðal annars verður kveðið á um afhendingargæði.

**Hvalir**
Setja á lög um að ef hvalveiðar verða stundaðar við landið verði það gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt.

**Kjöt og mjólk**
Setja á lög um markaðssetningu mjólkur utan greiðslumarks og heimila kjötframleiðendum að standa saman að útflutningi þegar markaðsaðstæður knýja á um slíka ráðstöfun.

**Svín**
Heimila á innflutning á frosnu svínasæði til að auðvelda kynbótastarf.

**Silungur og lax**
Breyta á lagaákvæðum um atkvæðisrétt í veiðifélögum.

**Jarðir**
Vernda á núverandi og framtíðarlandnæði sem til matvælaframleiðslu er fallið.

**.is**
Setja á lög um landslénið .is, þar á meðal um lénaúthlutanir.

**Leigubílar**
Heildarendurskoðun á lögum um leigubifreiðar.

## SÉRTÆKIR SAMNINGAR AFLAGÐIR – EFTIR VERNE

Athygli vekur að iðnaðarráðherra ætlar að leggja fram frumvarp til laga um ívilnanir vegna erlendra fjárfestinga á Íslandi. Með slíkum almennum lögum á að hverfa frá sértækum fjárfestingarsamningum. Liggja á fyrir hvaða ívilnanir bjóðast en með því er talið að möguleikar á erlendri fjárfestingu, fjölbreyttri og jákvæðri, eins og það er orðað, aukist. Áður en frumvarp þessa efnis verður lagt fram ætlar iðnaðarráðherra að leggja fram annað frumvarp. Í því verður ráðherranum veitt heimild til að gera fjárfestingarsamning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Verne Holding ehf. um byggingu og rekstur gagnavers í Reykjanesbæ.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

# Aðeins í 4 daga !

## lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.




## ekki missa af þessu!!

Bak við Holtagarða!!

## lagerútsalan hefst í dag

## 30-70% afsláttur

fim - fös frá kl. 11 - 18
lau - sun frá kl. 11 - 16

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**

Betra BAK

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




398

BÓNUS FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR 398 kr.kg.




1698

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR 1698 kr.kg.




49

N.V FERSKIR NAUTABORGA

498 k




398

G.V FERSKT GRÍSAHAKK 398 kr.kg.




798

G.V FERSKT GRÍSASNITSEL 798 kr.kg.




798

G.V FERSKT GRÍSAGÚLLAS 798 kr.kg.




798

Hálfur lambsskrokkur frosinn
niðursagaður í poka 798 kr.kg.




498

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr.kg.




398

K.F NÝTT KJÖTFARS 398 kr.kg. KJARNAFÆÐI



1198

K.S FERSKT LAMBALÆRI/*NÝSLÁTRAÐ 2009*
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR 1189 kr.kg.



198

K.S FROSINN INNMATUR 198 kr.kg.
*HJÖRTU OG LIFUR*

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B
RAR 4 STK M/BRAUÐI
1298
G.V FERSKAR GRÍSALUNDIR 1298 kr.kg.
1500 STK Í BOÐI, TAKAMARKAÐ MAGN.
Nautaveisla
Ferskt nautahakk
898
N.V FERSKT NAUTAHAKK 898 kr.kg.
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr.kg.
KJARNAFÆÐI
898
K.F LAMBASALTKJÖT 1.FLOKKUR
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr.kg.
259
BÓNUS NÝBAKAÐAR KJALLARABOLLUR
4 STK 259 kr.
259
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR
4 STK 259 kr.
259
MYLLU KRYDDKAKA 440g 259 kr.
Súkkulaði ís 2 BÓNUS
Vanillu ís 2 BÓNUS
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR BÓNUS
BRAGÐAREFUR 2 LÍTRAR BÓNUS
298
BÓNUS ÍS 2 LTR. 298 kr.
4FYRIR3
Coca-Cola zero
698
698 kr. 8 ltr.
4FYRIR3
COKE TILBOÐ 4 FL. x 2 LTR.= 8 LTR. 698 kr.
KJARNAFÆÐI
1359
K.F FROSNAR LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
MERKT VERÐ 1698 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 1359 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

## Útgjöldin

> Kílóverð á sveppum í ágúst ár hvert.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** MARINÓ THORLACIUS LJÓSMYNDARI

## *Síbilandi jeppi og myndavél*



„Mín verstu kaup voru Land Rover Freelander-jeppi, sem ég átti fyrir nokkrum árum,“ segir Marinó Thorlacius, ljósmyndari og eigandi ljósmyndastúdíósins Altars, eftir dágóða umhugsun. „Starfs míns vegna þurfti ég að ferðast mikið um landið og í vetrarfærðinni er betra að vera á einhverju jeppakyns. Ég keypti hann notaðan á tvær milljónir. Þetta reyndist hins vegar vera raunasaga frá upphafi til enda; bílinn bilaði stanslaust og ég var í eilífum vandræðum út af honum, lenti til dæmis oftar en einu sinni að sitja fastur úti á landi út af einhverjum smábilunum. Ég hef sjaldan verið jafn feginn og þegar ég losnaði óvænt við bílinn. Farið hefur fé betra.

Bestu kaupin eru hins vegar Nikon D70-myndavél sem ég keypti fyrir nokkrum árum. Ég hafði verið að dufla eitthvað við ljósmyndun. Eftir að ég eignaðist þessa myndavél fór ég að fikra mig smám saman framar á skaftið, þar til ég ákvað að hella mér út í fagið. Ég á því alltaf eftir að halda dálítið upp á þessa myndavél; að vissu leyti henni að þakka að ég er þar sem ég er í dag.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### TUNGUNA ÚT VIÐ LAUKSKURÐINN

■ *Brynja Brynjarsdóttir ferðamálafrömuður kann ráð við sviða í augum.*



„Maður tárast auðvitað svo oft þegar maður er að skera lauk og ég er búin að prófa ýmislegt til að losna við það. En leiðin til að sleppa við að tárast er sú að stinga út úr sér tungunni á meðan maður sker. Þá dregur tungan að sér gufuna úr lauknum sem annars fer í augun, vegna þess að hún sækir í blautt yfirborð. Þetta er alveg snilldarbragð til að losna við tárin með lauknum.“

■ **Líkamsræktarstöðvar bæta verðmerkingar á söluvarningi**

## Hreyfing hunsaði tilmæli Neytendastofu



Allar líkamsræktarstöðvar nema Hreyfing hafa nú gert bragarbót á verðmerkingum á söluvörum og veitingum. Neytendastofa sótti 21 stöð heim um mánaðamótin 31. ágúst til 2. september og gerði athugasemd vegna skorts á verðmerkingum hjá þrettán stöðvum. Hinn 24. til 25. september fóru fulltrúar Neytendastofu aftur á þær stöðvar og könnuðu hvort farið hefði verið eftir tilmælum Neytendastofu um úrbætur. Svo reyndist vera í öllum tilfellum nema hjá Hreyfingu en þar reyndust veitingar að mestu vera óverðmerktar. Tekin verður í framhaldinu ákvörðun um hvort beita skuli sektarákvæðum fyrir að virða að vettugi tilmæli og ábendingar Neytendastofu um úrbætur á verðmerkingum.

■ **Ferðalangar óttast gjaldþrot flugfélaga**

## Betra að bóka líka hótel



Yfirleitt er ódýrast að kaupa flugmiða langt fram í tímann, þá er mest úrvalið af hagstæðum miðum. Að því er fram kemur á heimasíðu Neytendasamtakanna www.ns.is hafa Íslendingar hins vegar nokkrar áhyggjur af því að það sé ekki öruggt að flugfélögin verði enn starfandi næsta sumar. Það hafi sýnt sig undanfarið að fyrirtæki sem talin eru traust hafa orðið gjaldþrota. Því hafa samtökin tekið saman punkta um réttindi neytanda fari flugfélag sem hann keypti af á hausinn: Ef einungis er keyptur miði þá fást engar bætur. Hafi hann verið greiddur með kreditkorti getur kortafyrirtækið kannski afturkallað greiðslu. Hafi viðkomandi keypt pakkaferð (alferð) þar sem hið gjaldþrota flugfélag sér um flugið á fyrirtækið sem seldi ferðina að aðstoða kaupanda. Verði ferðaskrifstofa gjaldþrota á tryggingarskylda vegna alferðar að bæta tapið, bæði fyrir flug sem fellur niður og kostnaðar vegna heimferðar, sé fólk statt í útlöndum. Neytendasamtökin gefa þeim sem eru farnir að huga að ferðalögum næsta sumar það ráð að bóka pakkaferð, hótel og flugmiða. Þá teljist ferðin vera alferð og falli undir tryggingaskyldu fari eitthvað úrskeiðis.

■ **Íslendingar notuðu matarlit meira en aðrar þjóðir**

## Litríkur matur í kreppunni

Íslendingar notuðu manna mest af matarlit í kreppunni á fjórða áratugnum að því er fram kom í fyrirlestri Sólveigar Ólafsdóttur sagnfræðings um íslenskan kreppukost sem haldinn var nú í vikunni. Þá voru hér starfræktar nokkrar verksmiðjur sem framleiddu matarlit, pylsur voru eldrauðar, Valstómatsósa eldrauð og litríkar kökur voru vinsæll veislukostur. Sólveig sagði ómögulegt að fullyrða hvers vegna liturinn var svo mikið notaður en kannski hafi fólk verið að lífga upp á matinn eftir að ávextir urðu sjaldséð sjón. Ást Íslendinga á matarlit hélt áfram í áratugi en um 1960 tóku efasemdir um hollustu matarlits tóku að kvikna. Þó að matarlit beri að nota í hófi er því ekki að neita að það er hægt að lífga allhressilega upp á kökur til að mynda með því að setja matarlit í kremið eins og meðfylgjandi mynd sýnir.








# Máltíð sem kostar innan við hundrað krónur

**Það er sláturtíð og Íslendingar standa í röðum eftir að kaupa slátur. Sláturmarkaðurinn í Hagkaup lengdi opnunartíma til að bregðast við aukinni eftirspurn. Það er ekkert mál að taka slátur segir Margrétar Sigfúsdóttir.**



**GÓÐ KAUP** Að taka slátur er hagkvæmt og ekki mikið mál að sögn Margrétar Sigfúsdóttur, sem mælir með því að fjölskyldan sameinist við sláturgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er yfirleitt röð hjá okkur um tvöleytið,“ segir Sigmundur Bjarki Garðarsson hjá Sláturmarkaði Hagkaupa. Markaðurinn er opnaður klukkan tvö á daginn og þá eru ævinlega viðskiptavinir mættir tilbúnir í slátrið. Að sögn Sigmundar byrjaði sláturtíðin rólega þegar markaðurinn var opnaður í september en undanfarið hefur fjör færst í leikinn. Markaðurinn verður opinn út október og því nægur tími til þess að kaupa slátur. „Við ákváðum að lengja afgreiðslutímann í ár, það verður opið í sex vikur í stað fjögurra til fimm.“ Ástæðan er vinsældir sláturgerðar sem jukust allverulega í hrunmánuðinum mikla í fyrra. „Það var algjört sölumet í fyrra,“ segir Sigmundur sem segir ómögulegt að spá fyrir um það hvort sölumet verði aftur slegið í ár.



**MARGRÉT SIGFÚSDÓTTIR**

En hvað kostar slátrið? Samkvæmt upplýsingum Sigmundar kosta 3 frosin slátur 3.178 krónur og eru vambirnar þá ósaumaðar, 3 slátur með saumuðum vömbum kosta 4.998 krónur. 5 slátur kosta síðan 4.789 og þau er einungis hægt að kaupa með ósaumuðum vömbum.

Ekki er hægt að segja til um nákvæman keppafjölda sem úr hráefninu fæst en það fást um það bil 17 til 18 vambir úr þremur slátrum og um þrjátíu úr fimm slátrum. Þá má ekki gleyma sviðakjömmunum, þeir eru eins og gefur að skilja sex þegar tekin eru þrjú slátur en tíu þegar tekin eru fimm slátur.

Það er kannski ekki hægt að reikna nákvæmlega verðið á hverja máltíð enda matarskammtar misstórir. Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, segir keppinn máltíð fyrir um það bil tvo. Ef reiknað er með því að þrjú slátur gefi 18 keppi, eða 36 matarskammta og sex kjamma sem eru sex matarskammtar (miðað við kjamma á mann) þá eru alls 42 matarskammtar í þriggja slátra kaupum – matarskammturinn er því á bilinu 76 til 119 krónur, eftir því hvort keyptar eru saumaðar eða ósaumaðar vambir.

Sjötíu skammtar fást með sömu reikningsaðferð úr fimm slátra skammti og þar kostar skammturinn því um 68 krónur. Í þetta dæmis vantar reyndar verðið á mjölinu sem notað er en sá kostnaður er óverulegur.

En hversu flókið er að taka slátur? Margrét segir að það eigi ekki að vaxa neinum í augum. Hún segir ágætt að fylgja hefðbundnum leiðbeiningum um slátur, sjá neðar á síðunni.

Margrét bendir fólki á að blandan eigi að vera þunn þegar hún fer í keppina, segir fólk oft telja hana of þunna og bæti þá í mjöli, en lendi svo í ógöngum með allt of þykka blöndu fyrir vikið. Margrét segir svo mikilvægt að frysta keppina strax, setja hvern og einn í poka og leggja flatan í frystinn. „Ég set alltaf bökunarplötur milli laga á keppunum til þess að þjappa þeim vandlega sama og fjarlægi þær svo þegar keppirnir eru frosnir.“ segir hún. **sigridur@frettabladid.is**

## MIKILL SPARNAÐUR

Þeir sem eru sólgnir í slátur ættu hiklaust að verja tímanum í sláturgerð því afskaplega mikill verðmunur er á heimatilbúnu slátri og sláturkeppum keyptum úr búð.

Verðathugun í Bónus á Laugavegi í gær leiddi í ljós að kílóverð á lifrarpylsu er 908 krónur og blóðmör 728. Það þýðir að 400 gramma keppur, sem er hefðbundin stærð, kostar 363 krónur af lifrarpylsu en 290 krónur af blóðmör. Miðað við útreikningana á verði á slátri í greininni hér til hliðar má því sjá að þeir eru miklu dýrari en heimagerðir sem kosta á bilinu 140 til 240 áður en mjölkostnaði er bætt við.

## BLÓÐMÖR OG LIFRARPYLSA

**Blóðmör**
1 l blóð
2 dl vatn
1 msk. salt
300 g haframjöl
500 g rúgmjöl
500 g mör, smátt skorinn

Blóð og vatn er síað saman gegnum fíngert sigti. Hrærið salti saman við þar til það leysist upp. Hrærið haframjöli saman við með sleif og svo rúgmjölinu en blandan á að vera örlítið þynnri en lifrarpylsuhræran. Að lokum fer smátt skorinn mörinn saman við. Saxað grænkál og fjallagrös eru oft notuð í blóðmör og þykja góð með en þá þarf aðeins minna af mjöli. Hálffyllið keppina og saumið fyrir.

**Lifrarpylsa**
3-4 msk. sykur
1 lifur
100 g nýru
½ l mjólk eða kjötsoð
½ msk. salt
100 g hafragrjón
100 g hveiti
250 g rúgmjöl
400 g mör, smátt skorinn

Hakkið lifur og nýru. Saltinu er blandað saman við mjólk, salt og sykur. Blandið kjöthakkinu og mjöli smám saman út í vökvann og mörnum skal blanda saman við síðast. Það á bæði við blóðmör og lifrarpylsu að strjúka þarf vætuna vel af keppunum þegar þeir eru teknir úr saltvatninu. Ekki setja of mikið af hrærunni í hvern kepp, gott er að miða við að helmingsfylla. Saumið fyrir gatið, strjúkið keppinn og jafnið þannig innihaldið (og passið að ekki myndist loftbólur).

Þá keppi sem á að geyma og ekki sjóða strax í matinn má setja í frystikistuna. Slátur geymist í 6 til 8 mánuði í frysti.

Þá keppi sem á að hafa til matar skal hins vegar sjóða strax. Setjið ekki of marga keppi í pottinn, það er betra að rúmt sé um þá. Þegar keppirnir fljóta upp skal stinga í þá með nál og hleypa loftinu út. Suðutími er þrjár klukkustundir.

Heimild og nánari skýringar á www.ss.is

# STÓR !
# RÝMINGARSALA

20 - 80 %
AFSLÁTTUR

Gríptu tækifærið á meðan birgðir endast.





Parket, flísar, hreinlætistæki, inni og útihurðir.

Baltic Wood · Kährs · Solidfloor · Junckers · ringo · Saloni cerámica
casamood · Refin · Pergo · Zucchetti · Alape · GSI
Apavisa · Lugato · Rockfon · Agrob Buchtal

Opið laugardag 10 - 14

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki
INTERIORS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 5 **Velta:** 14,7 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
820 **+0,94%**

MESTA HÆKKUN
**CENTURY ALU.** +3,95%
**FØROYA BANKI** +0,36%

MESTA LÆKKUN
**ÖSSUR** -0,41%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Airways 145,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 240,00 +0,00% ... Bakkavör 1,45 +0,00% ... Eik Banki 90,00 +0,00 ... Føroya Banki 139,00 +0,36% ... Icelandair Group 2,45 +0,00% ... Marel Food Systems 65,90 +0,00% ... Össur 122,50 -0,41%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ásókn í innistæðubréf

Öll innistæðubréf Seðlabankans gengu út í útboði bankans í gær. Tilkynnt var um útgáfuna fyrir hálfum mánuði samhliða vaxtaákvörðun bankans en þá var ákveðið að gefa út bréf fyrir fimmtán til 24 milljarða króna í viku hverri.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á vaxtaákvörðunarfundinum, spurður um ástæðu útgáfunnar, að ákvörðunarfælni bankastarfsmanna og minnkandi lánsfjáreftirspurn hefði valdið því að peningar söfnuðust fyrir í viðskiptabönkunum.



**FRÁ VAXTAÁKVÖRÐUNARFUNDI** Már Guðmundsson, hér í miðjunni, segir innlánsreikninga bankanna hafa bólgnað út eftir bankahrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Innlánsreikningar bankanna hefðu bólgnað út eftir bankahrunið og lægju þeir nú á vel á annað þúsund milljörðum króna. Því byði Seðlabankinn bönkunum að fjárfesta í innistæðubréfum.

Í gær voru seld bréf fyrir 25 milljarða króna og bera þau 9,75 prósenta nafnvexti. Fram kemur í Hagsjá Landsbankans í gær að fyrir viku hafi vextir innistæðubréfanna numið 9,67 prósentum. Innistæðubréfaflokkurinn er nú kominn í 50 milljarða króna, samkvæmt upplýsingum Landsbankans. - jab

# Stork Fokker fær samning

Hollenska flugiðnaðarfyrirtækið Stork Aerospace hefur enn haft betur í útboði tengdu svonefndu JSF-herþotuverkefni, tengdu F-35 orrustuþotum, frá Lockheed Martin.

Útboðið sneri að framleiðslu á flapastýrum fyrir F-35 Lightning II þotuna allt til ársins 2014. Velta tengd verkinu er metin á 200 milljónir dala. Vefritið Defence Professionals segir að út tímabilið geti pantanir numið allt að milljarði dala.

Stork Aerospace er í eigu iðnsamstæðunnar Stork B.V. í Hollandi, sem er að stórum hluta í íslenskri eigu, en Eyrir Invest fer þar með sautján prósenta eignarhlut. - óká

# TM Software sótti á erlend mið

„Við þróuðum þetta til að leysa vandamál innanhúss hjá okkur. Nú er viðbótin fullbúin og notuð til að leysa vandamálin úti í hinum stóra heimi,“ segir Pétur Ágústsson, hópstjóri hjá TM Software. Fyrirtækið hefur þróað viðbót við Jira-verkbeiðna- og þjónustukerfið sem gerir notendum kleift að tengja við tímaskráningar og koma í veg fyrir tvískráningar beiðna og reikninga.

Pétur segir mikla ánægju með lausnina og sé hún í notkun víða, svo sem hjá Apple, Sony í Evrópu og bandaríska netrisanum America Online og fleiri fyrirtækjum jafnt hérlendis sem erlendis.

Markaðssetning á lausninni erlendis er hluti af viðbrögðum TM Software við áhrifum hremminganna hér eftir hrunið fyrir ári




**PÉTUR ÁGÚSTSSON** Innanhússlausn hjá TM Software er orðin fullbúin vara fyrir erlendan markað. MARKAÐURINN/GVA

þegar innlend fyrirtæki drógu hratt saman seglin. Á vordögum sótti fyrirtækið á erlenda markaði af meiri krafti en áður. Það hefur skilað sér í því að þrjátíu prósent tekna TM Software koma nú erlendis frá. - jab

# Ferðamenn gera vel við sig í mat og drykk

Erlendir ferðamenn hér voru 3,3 prósentum færri í síðasta mánuði en á sama tíma í fyrra. Alls fóru ríflega 42 þúsund erlendir gestir frá landinu um Leifsstöð. Þrátt fyrir fækkunina er þetta annar stærsti septembermánuður frá upphafi talninganna, samkvæmt tölum sem Ferðamálastofa birti í gærmorgun.

Greining Íslandsbanka bendir á það í Morgunkorni sínu að á fyrstu níu mánuðum ársins hafi tæplega 396 þúsund erlendir gestir farið frá landinu og er það fjölgun upp á hálft prósent á milli ára.

Ferðaþjónusta hafi því notið góðs af lágu gengi krónunnar á tímum alþjóðlegs samdráttar og bendi ýmsar tölur til að erlendir ferðamenn sem leggi leið sína hingað geri mun betur við sig en fyrri ár, svo



**KEFLAVÍK** Ferðaþjónustan hérlendis hefur notið góðs af lágu gengi og teikn eru um að ferðamenn eyði meiru en áður. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

sem í mat, drykk og afþreyingu.

Svipuðu máli gegnir um íslenska ferðamenn en brottferðum þeirra héðan fækkaði um rúm átta prósent á milli ára í september. Frá áramótum hafa ferðirnar dregist saman um tæp 44 prósent. - jab

# FME í Bretlandi vill auknar heimildir

**Reynslan af íslenskum bönkum endurspeglar galla í eftirlitskerfum. Formaður breska fjármálaeftirlitsins vill auka heimildir eftirlitsstofnana vegna ríkja þar sem eftirliti er ábótavant. Kallar á nákvæmari útfærslu segir forstjóri FME.**

**VIÐSKIPTI** „Eftirlitsstofnanir Evrópusambandsríkja ættu að hafa heimild til að takmarka starfsemi útibúa erlendra banka sem standa höllum fæti og sæta ekki nægilegu eftirliti heima fyrir,“ hefur Wall Street Journal eftir Adair Turner, stjórnarformanni Fjármálaeftirlits Breta (FSA), í gær.

Adair Turner segir betur fara á að eftirlitsstofnanir ættu rétt á að fá allar viðeigandi upplýsingar um erlenda banka sem reka útibú í landinu, þar á meðal nákvæm gögn um eigið fé, lausafjárstöðu og hvernig staðið er að áhættustýringu.

Wall Street Journal segir eftirlitsstofnanir Evrópusambandsríkja fást við þann vanda að eftirlitsstofnanir í heimaríkjum hafi engin formleg yfirráð yfir útibúum erlendra fjármálastofnana, sem þó kunni að vera að safna innlánum meðal þegna landsins.

Reglur í Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu kveða á um að banki eins ríkis geti stofnað útibú í öðru ríki, en lúti eingöngu eftirliti heimafyrir. Wall Street Journal segir að þessi „gloppa í kerfinu“ hafi komist í hámæli þegar bresk stjórnvöld þurftu að bæta eigendum innlána þar í landi tjón sem komið hafði til vegna hruns íslensku bankanna í fyrra.

Formaður breska fjármálaeftirlitsins segir að líkt og alþjóðlegu reikningsskilareglurnar MIFID gefi löndum Evrópska efnahagssvæðisins verkfæri til að stýra því hvernig útibú erlendra banka selji fjárfestingarafurðir þá ætti




**PICCADILLY CIRCUS** Íslenskar eftirlitsstofnanir áttu í vandkvæðum með að elta hraðan uppgang íslensks fjármálakerfis árin fyrir hrun. Meðal eftirlitsstofnana heimsins er umræða um hvernig koma megi í veg fyrir vandamál viðlíka þeim sem Icesave-reikningar Landsbankans hafa valdið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUNNAR ANDERSEN**

að vera hægt að ná meiri stjórn á annarri fjármálastarfsemi í hverju landi, svo sem söfnun innlána.

Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), segir tillögu formanns breska fjármálaeftirlitsins um að gefa gistiríki víðtækar heimildir þegar eftirliti heimaríkis fjármálastofnunarinnar sé ábótavant kalla á að svarað sé spurningunni um hverjum sé ætlað að meta hæfi eftirlitsstofnana í heimaríkinu. „Þetta er útfærsluatriði sem þarf að skilgreina betur, en auðvitað getur þetta verið vandamál og ekki bundið við Bretland,“ segir Gunnar og bendir á að sú staða gæti komið upp hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu að erlendur banki vildi hefja störf þar sem vafi kynni að leika á getu fjármálaeftirlits í heimaríki hans. „Breytingarnar þurfa hins vegar að vera innan ramma tilskipunar Evrópusambandsins,“ áréttar hann.

olikr@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið

# Krónan sýnir merki um styrk

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri hefur ekki verið meiri en í nýliðnum mánuði frá því eftir hrun bankanna fyrir ári.

Þetta kemur fram í morgunkorni Íslandsbanka í gær. Að jafnaði var veltan 380 milljónir króna á dag í september, eða 2,1 milljón evra. „Hlutdeild Seðlabankans í veltunni hefur einnig verið að minnka, en í september greip bankinn einungis tvisvar sinnum inn í markaðinn og keypti krónur fyrir 3 milljónir evra. Í ágúst greip bankinn hins vegar sex sinnum inn í markaðinn,“ segir Greining Íslandsbanka.

Bent er á að gengi krónunnar hafi verið nokkuð stöðugt þrátt fyrir minni inngrip Seðlabankans. Þá hafi afgangur á vöruskiptajöfnuði í september verið minni en síðustu mánuði og um leið dregið úr afganginum á þjónustujöfnuði vegna minni tekna af erlendum ferðamönnum.

„Það er því styrkleikamerki að þrátt fyrir þetta hafi krónan ekki lækkað um meira en ríflega eitt prósent yfir mánuðinn. Í lok september var miðgildi evrunnar 181,6 krónur en í lok ágúst var það 179,4 krónur,“ segir í umfjöllun bankans og um leið sagt styrkleikamerki að gengi krónunnar hafi hækkað erlendis. „Í lok ágúst var evran




**PENINGAR** Það þykir styrkleikamerki að krónan hafi einungis veikst um eitt prósent í nýliðnum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skráð á aflandsmarkaði á 214,5 krónur samkvæmt miðlunarkerfi Reuters en 190 krónur í lok september.“ - óká


Maður lifandi er 5 ára
Bjóðum 5 ára gömul verð á réttum dagsins allan október.
now
Eve
Cetyl Myristoleate
100 mg
CLA
Goji
ENERGY
Spirulina
ADAM
20% afsláttur af öllum
NOW vítamínum og bætiefnum
Glæsileg afmælistilboð
í öllum verslunum okkar
allan október.
Kíktu á okkur á Facebook!
maður lifandi
Þú ert það sem þú borðar
Borgartún 24 - S: 585 8700 - Hæðarsmári 6 - S: 585 8710 - Hafnarborg Hafnarfirði S: 585 8720
www.madurlifandi.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðin valdi gildi félagshyggjunnar við uppbyggingu samfélagsins.

## Er val?

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Þjóðin minnist þess um þessar mundir að ár er liðið frá hruni íslenska bankakerfisins. Fátt er ljóst um það hvað framtíðin ber í skauti sér, annað en að fyrir liggur að landið er svo skuldsett að það mun taka áratugi að vinna sig út úr því. Vitanlega hefur almenningur áhyggjur af stöðu mála, ekki síst þeim þætti að varpa skuldaklafa á herðar afkomendunum. Þessar áhyggjur birtast greinilega í umræðunni um Icesave-málið.

Icesave-málið er vel afmarkað að umfangi. Það er auðvelt að benda á það hverjir bera ábyrgð á því og ættu þess vegna að glíma við afleiðingarnar. Það er sömuleiðis morgunljóst að íslenskur almenningur átti engan þátt í Icesave-klúðrinu og ætti því ekki að sitja uppi með fjárhagslegar afleiðingar þess. Hitt er líka ljóst að Íslendingar eru þjóð meðal þjóða í alþjóðlegu samhengi og eins og sakir standa er okkur afar mikilvægt að njóta virðingar og velvilja á þeim vettvangi.

Í samskiptum milli ríkja tíðkast að taka skuldbindingar alvarlega. Samningum milli aðila verður heldur ekki breytt nema með aðkomu, eða í það minnsta samþykki, þeirra sem hlut eiga að máli. Þetta á við um þær skuldbindingar sem gefnar voru í Icesave-málinu strax síðastliðið haust og samningana sem svo voru undirritaðir á vordögum, hvaða skoðun sem menn hafa svo á réttlætinu í því.

Umræðan um Icesave-málið hefur á stundum einkennst af ábyrgðarleysi. Stjórnarandstaðan hefur dregið upp þá mynd að oddvitar ríkisstjórnarinnar hafi í hendi sér val á milli tveggja kosta, annars vegar að hlekkja þjóð sína í ævarandi skuldafangelsi og hins vegar að byggja upp sjálfstætt samfélag sem ekki þiggur aðstoð frá öðrum þjóðum og reiðir sig því, að minnsta kosti næstu árin, að mestu á sjálfa sig þangað til hún getur risið skuldlítil upp úr kreppunni.

Látið hefur verið að því liggja að valið standi á milli kreppu sem vissulega geti orðið mjög djúp á næstu mánuðum og misserum en svo muni uppbyggingin verða hröð, og hins að kreppan verði ekki ívið eins djúp en á móti komi skuldaklafinn sem fylgja muni þjóðinni langt inn í framtíðina.

Gallinn er hins vegar sá að kreppa er ekki fyrirbrigði af ákveðnu fyrirframgefnu umfangi sem val stendur um hvernig er tekið út; annað hvort dýpra og hraðar eða grynnra og lengur. Þvert á móti er eðli kreppu því miður þannig að því dýpri sem hún verður, þeim mun líklegra er að afleiðingar hennar vari lengur.

Þannig er það engan veginn gefið að fjárhagslegar byrðar sem börn okkar og barnabörn þurfa að bera vegna hrunsins 2008 verði minni þótt Íslendingar greiði ekki Bretum og Hollendingum krónu upp í Icesave-skuldirnar.

Vinstriflokkarnir fengu skýrt umboð þjóðarinnar í vor til að stýra endurreisn samfélagsins eftir hrunið. Skilaboð þjóðarinnar í kjörklefanum voru að hún vildi að velferðargildi félagshyggjuaflanna yrðu höfð að leiðarljósi við þær afar erfiðu aðstæður sem við glímum nú við. Það er ábyrgðarhluti að virða þessi skilaboð að vettugi og vera kann að það gæti orðið þjóðinni jafnvel dýrkeyptara en að standa við Icesave-skuldbindingarnar, bæði pólitískt og efnahagslega.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Of gildishlaðið

Björn Bjarnason er ekki par hrifinn af nafnabreytingum á hans gamla ráðuneyti, sem kemur til með að heita dóms- og mannréttindaráðuneytið. Birni þykir mannréttindi allt of gildishlaðið hugtak til að geta átt heima í titli ráðuneytis. Þetta er laukrétt athugað hjá Birni; nýja nafngiftin ber yfir sér blæ undarlegra hugmynda í þá veru að gera eigi mannréttindum hátt undir höfði. Hér er því þörf á hlutlausara og meira lýsandi hugtaki. Hvað um: ráðuneyti dómsmála og hlutskiptis mannsins?



### Hin tæra snilld

Orðin „tær snilld“, sem Sigurjón Árnason lét falla um Icesave-reikningana eru fyrir löngu orðin alræmd og fáir, ef nokkrir, eru fáanlegir til að taka undir það í dag. Nú er hins vegar allt komið í háaloft hjá Vinstri grænum út af Icesave, sem í versta falli gæti lyktað með klofningi hreyfingarinnar. Sjálfsagt fyndist einhverjum á hægri vængnum það vera „tær snilld“.



### Á lokalokalokastigi

Eins og rakið var í Fréttablaðinu í gær hefur Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ítrekað lýst því yfir á undanförnum mánuðum að endurreisn bankakerfisins sé á lokastigi, nú síðast í stefnuræðu á mánudagskvöld. Er einhver ástæða til að taka meira mark á því nú en í byrjun febrúar? Hér er það lagt til að Jóhanna Sigurðardóttir minnist ekki á bankaendurreisn á lokastigi fyrr en hún er sannarlega í höfn.

bergsteinn@frettabladid.is

# Skrifleg geymd



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Saga Íslands

Ýmsar sprungur í innviðum íslenzks samfélags minna nú á tilveru sína í kjölfar hrunsins. Margir þóttust ekki þurfa að taka eftir sprungunum, meðan allt virtist leika í lyndi, og þrættu jafnvel fyrir þær, en nú er ný staða komin upp. Landið leikur á reiðiskjálfi. Nú verður ekki lengur undan því vikizt að horfast í augu við ýmsar óþægilegar staðreyndir. Hér ætla ég að staldra við eina slíka.

### Sjálftökusamfélag

Ísland er sjálftökusamfélag. Forréttindahópum hefur með fulltingi stjórnmálamanna haldizt uppi að skara eld að eigin köku með því að skammta sjálfum sér hlunnindi og fé á kostnað almennings. Ókeypis úthlutun aflaheimilda til útvegsmanna samkvæmt lögum, sem þeir sömdu sjálfir og Alþingi samþykkti, er augljóst og afdrifaríkt dæmi. Illa útfærð einkavæðing bankanna fyrir fáeinum árum fylgdi sömu forskrift með afleiðingum, sem blasa nú við heiminum öllum. Sjálftökuhefðin nær marga áratugi aftur í tímann. Hver skyldi hafa reist sér sumarbústað í þjóðgarðinum á Þingvöllum næst Valhöll, sem nú er nýbrunnin? Það var formaður Þingvallanefndar, nema hvað, þá þingmaður Sjálfstæðisflokksins, nú löngu látinn. Ætli Morgunblaðið hafi mótmælt sjálftökunni? Eða Tíminn? Nei, þetta var partur af hefðbundnum helmingaskiptum. Hin flokksblöðin andæfðu ekki heldur að neinu gagni, ef þau þá sögðu múkk.

Æ síðan hefur Þingvallanefnd notað þjóðgarðinn til að búa til ýmis einkahreiður í blóra við lög. Í fyrstu grein laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum segir: „Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Samt hefur Þingvallanefnd haft heimild til að leyfa byggingu fjölda einkabústaða og aðrar framkvæmdir í þjóðgarðinum fram á síðustu ár.

Allir vita um lögleysurnar, en enginn gerir neitt.

*Brýnt er að færa til bókar gömlu spillingarsögurnar, svo að komandi kynslóðir þurfi ekki að ganga gruflandi að sögu landsins. Fólkið í landinu þarf að fá að bera vitni um ástand fyrri tíðar.*

### Á allra vörum

Spilling af þessu tagi hefur áratugum saman verið á allra vörum. Hún er varðveitt í munnlegri geymd, en fáar skrifaðar heimildir eru til um hana. Blöðin voru flokksblöð og urðu bankablöð, og Mogginn er nú útvegsblað. Viðskiptasaga landsins er að mestum hluta sjálfsævisaga. Bankarnir hafa sjálfir líkt og ýmis stórfyrirtæki og fyrirtækjasamtök ráðið sagnfræðinga og aðra til að skrá sögu sína. Hvernig ætli stjórnmálasaga heimsins liti út, væri hún eingöngu reist á sjálfsævisögum stjórnmálamanna? Hún myndi þá breiða yfir ýmsar óþægilegar staðreyndir. Einmitt þannig er viðskiptasaga Íslands.

Til eru skrifaðar heimildir á stangli um gamalt bankamisferli, til dæmis ritgerð í Skírni eftir Sigurð Nordal prófessor 1924 og nokkru yngri bréfaskipti bræðranna Bjarna og Péturs Benediktssona, sem ég hef rifjað upp á þessum stað og víðar, en misferlið var aldrei dregið fram í dagsljósið. Þess er hvergi getið í sjálfsævisögum bankanna.

Hvergi er heldur til skrifleg heimild um erindið, sem einn ríkisbankastjórinn bar upp við aðstoðarmann ónefnds ráðherra, en erindið var þetta: bankastjórinn sagðist mundu kunna betur við, að hann fengi að vita fyrir fram um gengisfellingar líkt og bankastjórar hinna bankanna. Kannski hefðu menn gætt sín betur við einkavæðingu bankanna, hefði hulunni verið svipt í tæka tíð af gömlu ríkisbankahneykslunum.

### Tvær færar leiðir

Brýnt er að færa til bókar gömlu spillingarsögurnar, svo að komandi kynslóðir þurfi ekki að ganga gruflandi að sögu landsins. Fólkið í landinu þarf að fá að bera vitni um ástand fyrri tíðar. Til þess eru tvær leiðir færar. Í fyrsta lagi er nú starfrækt í Háskóla Íslands Miðstöð munnlegrar sögu, sem Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, veitir stjórnarforustu. Til miðstöðvarinnar geta menn beint upplýsingum, sem þeir telja geta komið að gagni við að skrá sögu landsins rétt. Gefi nógu margir glöggir menn sig fram, hlýtur miðstöðin að veita upplýsingum þeirra í frjóan farveg.

Í annan stað hefur Þjóðminjasafn Íslands lengi safnað skipulega heimildum um lífshætti á eldri tíð, til dæmis um frásagnir og refagildrur úr grjóti, með því að semja spurningaskrár og senda fólki. Þar hefur í þessu skyni frá 1963 verið starfrækt sérstök þjóðháttadeild fyrir frumkvæði Kristjáns Eldjárn, þá þjóðminjavarðar og síðar forseta Íslands. Margir af þessum spurningalistum safnsins eru til komnir fyrir tilstilli annarra. Þjóðminjasafnið þyrfti að láta semja og senda út slíka spurningalista um gömlu spillingluna: forréttindi, frænddrægni, fyrirgreiðslu, klíkuskap, mútur, nápot og annað hefðhelgað svindl, sem fólk ýmist þekkir sjálft af eigin raun eða man eftir öðrum leiðum.

# Færð þú sára tíðaverki?

UMRÆÐAN

Erla Kristinsdóttir skrifar um endómetríósu



ERLA KRISTINSDÓTTIR

Sárir og mjög miklir tíðaverkir eru eitt helsta einkenni endómetríósu eða legslímuflakks. Endómetríósa er sjúkdómur þar sem slímhúð sem einungis á að vera innan legsins finnst utan þess og þá oftast í kviðarholi. Það tekur að meðaltali 6-10 ár að greina sjúkdóminn og er hann talinn vera mjög vangreindur þar sem margar konur leita sér aldrei hjálpar vegna hans.

Miklir tíðaverkir geta aldrei talist eðlilegir. Tíðaverkir teljast vera óvenju miklir þegar þeir hafa áhrif á daglegt líf konunnar og hún getur ekki stundað vinnu og félagslíf eins og hún er vön. Því hefur stundum verið haldið fram að tíðaverkir séu böl konunnar og við því verði hún að lifa. Það er hinsvegar full ástæða til þess að panta tíma hjá kvensjúkdómalækni og athuga hvort að um endómetríósu sé að ræða ef tíðaverkir hafa reynst konum böl hingað til.

Endómetríósu fylgja einnig ýmis sálræn og andleg einkenni. Þau helstu eru þreyta, síþreyta, sektarkennd og þunglyndi. Samtök kvenna með endómetríósu halda fræðslufund um andleg einkenni endómetríósu laugardaginn 10. október kl. 14 í Hringsal Landspítalans við Hringbraut. Áhugasamir eru hvattir til þess að mæta og fræðast um sjúkdóminn. Einnig má leita sér frekari upplýsinga á heimasíðu samtakanna, endo.is.

*Höfundur er formaður Samtaka kvenna með endómetríósu.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# 15-30% AFSLÁTTUR

HEITIR & KALDIR

Dagar í OKTÓBER

**15% afsláttur**
á kaffikönnum,
hitakönnum & kötlum,
brauðristum og grillum,
djúpsteikingapottum,
hrísgrjónapottum,
hægsuðupottum
(Slow Cooker)
og straujárnum

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



30% afsláttur




· AEG OFN [B-3051-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VEGGHÁFUR [8060-D-M]

LISTAVERÐ: 270.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 189.900,-**

ÞÚ SPARAR **80.800,- kr.**

≈3 TÆKI =PAKKA≈ TILBOÐ=



30% afsláttur




· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VIFTA [DS70-M]

LISTAVERÐ: 304.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 209.900,-**

ÞÚ SPARAR **94.800,- kr.**

≈3 TÆKI =PAKKA≈ TILBOÐ=



30% afsláttur




· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VIFTA [DK9660-M]

LISTAVERÐ: 342.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 239.900,-**

ÞÚ SPARAR **102.800,- kr.**

≈3 TÆKI =PAKKA≈ TILBOÐ=

## Tilboðspakkar á tækjum í eldhúsið

MEIRIHÁTTAR
STÁLTÆKI
Í ELDHÚSIÐ

**ÚRVAL HEIMILISTÆKJA Á TILBOÐSVERÐI**

Tefal
POTTAR OG PÖNNUR



**20% AFSLÁTTUR**




## KÆLI- & FRYSTISKÁPAR

MIKIÐ ÚRVAL - MARGAR STÆRÐIR

**15% AFSLÁTTUR**

Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE



FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA

**20% AFSLÁTTUR**

**FRYSTIKISTUR Á TILBOÐSVERÐI**

**AEG RYKSUGUR Á TILBOÐSVERÐI**



EINS OG
ÞÆR GERAST
**BESTAR!**

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

**20% AFSLÁTTUR**

KOMIÐ OG GERIÐ FIRNAGÓÐ KAUP!

# ORMSSON

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>LÁGMÚLA 8<br>SÍMI 530 2800 | ORMSSON<br>SMÁRALIND<br>SÍMI 530 2900 | ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>MODEL-AKRANESI<br>SÍMI 431 3333 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 |

# Ef árgalli kemur í siðu

**UMRÆÐAN**

Njörður P. Njarðvík skrifar


NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK

Í þeirri fornu bók Konungs skuggsjá (frá miðri 13du öld) er á einum stað rætt um árgalla eða óáran: „En árgalli verður með mörgum háttum. Það er stundum að óáran verður á korni og gefur þó jörð gras og hálm en stundum gefur hún hvorki“ (Kgs45, 51). Síðan eru taldir upp ýmsir aðrir árgallar og sagt að ef þeir komi allir í senn og standi þrjá vetur þá geti það nálega horft til landauðnar. En versti árgallinn er þó ótalinn: „Nú er sá einn ótaldur árgalli er miklu er þyngri einn en allir þessir er nú höfum vér talda, ef óáran kann að koma í fólkið sjálft er byggir landið eða enn heldur ef árgalli kemur í siðu þeirra og manvit og meðferðir er gæta skulu stjórnar landsins. ... En ef óáran verður á fólkinu eða á siðum landsins þá standa þar miklu stærstir skaðar af, því að þá má ei kaupa af öðrum löndum með fé, hvorki siðu né manvit ef það týnist eða spillist er áður var í landinu“ (Kgs45, 51).

Þessum orðum er slöngvað til okkar gegnum aldir og hitta okkur í hjartastað nú ári eftir efnahagshrun, því að einmitt þetta hefur gerst. Árgalli hefur komið í siðu þeirra og manvit og meðferðir er gæta skulu stjórnar landsins – og óáran hefur orðið á fólkinu, þjóðinni sjálfri. Efnahagshrunið má því heita nánast rökrétt afleiðing af öðru fyrra hruni sem ekki er eins sýnilegt. Því að forsenda hrunsins er siðferðisbrestur, dómgreindarskortur og tillitsleysi sem birtist í taumlausri eigingirni, græðgi og brengluðu verðmætamati. Leiðsögumenn á þessum villigötum þjóðarinnar voru bankamenn og aðrir „athafnamenn“ (er svo eru kallaðir) sem sýsluðu með „verðbréf“ (sem svo eru kölluð) og leituðust við að halda uppi gerviverði þeirra með blekkingum og lánum, enda raunverulegt fé ekki fyrir hendi. Álengdar stóðu ráðherrar, þingmenn og forseti – og forstöðumenn eftirlitsstofnana - með gagnrýnislaust aðdáunarbros og lofsöngva – og fjölmiðlar sungu bakraddir. Og svo smitaðist því miður fjöldi landsmanna af frjálshyggjuveirunni og varð helsjúkur. Allt skyldi keypt með lánum. Var einna líkast því að kjörorðið væri: Sá er mestur sem skuldar mest – þótt allir þættust eiga allt. Þessi eltingaleikur við óþarfa lúxus bar auðvitað fyrst og fremst vott um flottræfilshátt og sýndarmennsku. Forn er þessi ábending Hávamála: Svo er auður / sem augabragð / hann er valtastur vina – og hefur nú ræst illilega sem oftar.

Eftir hrun kemur tómarúm, enda var þjóðin nánast gáttuð og vissi vart sitt rjúkandi ráð. En raunveruleikinn blasir við undanbragðalaus eins og fyrri daginn. Og nú er að horfast í augu við hann og taka afleiðingum afglapanna, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Og læra af mistökunum. Því miður virðist það ekki ganga of vel. Of margir hlaupa undan ábyrgð sinni. Það gildir ekki aðeins um stjórnmálamenn sem brugðust gersamlega upp til hópa, því að endanleg ábyrgð hvíldi á Alþingi. Alþingismenn báru ábyrgð á ríkisstjórn sem bar ábyrgð á eftirlitsstofnunum og seðlabanka sem bar ábyrgð á fjármálafyrirtækjum. Það gildir einnig um almenning. Hver og einn ber ábyrgð á eigin gerðum og skuldbindingum. Hafi menn látið glepjast af gylliboðum banka um lán til að sækjast eftir lúxus sem menn hafa engin efni á, þá hljóta þeir að bera sína ábyrgð. Eiga aðrir að sitja uppi með skuldir þeirra? Saklaust fólk sem hvergi lét glepjast? Er það hin nýja réttlætiskennd eftir hrunið?

*Hver og einn ber ábyrgð á eigin gerðum og skuldbindingum. Hafi menn látið glepjast af gylliboðum banka um lán til að sækjast eftir lúxus sem menn hafa engin efni á, þá hljóta þeir að bera sína ábyrgð.*

Hvar er það þjóðfélag statt þar sem menn geta keypt af sjálfum sér, selt sjálfum sér og lánað sjálfum sér – eins og enn viðgengst? Hvers er að vænta af þjóð sem ber ekki virðingu fyrir landi sínu, sögu eða tungumáli?

Einna verst þótti mér þó að frétta af fjölda háskólanema sem sótti fé í atvinnuleysissjóð á meðan þeir voru í námi. Íslenska þjóðin gefur þessu fólki ókeypis háskólanám, sem er fjarri því að vera regla í öðrum löndum. Þessir nemendur launa þá miklu gjöf með því að svíkja fé úr almannasjóði ætluðum fólki sem hefur misst atvinnu sína. Ég hlýt að spyrja: Hvers virði er menntun fólks sem sýnir af sér þvílíka siðblindu? Hefur það ekki í raun fyrirgert rétti sínum til ókeypis æðri menntunar?

Þjóðin stendur nú uppi skuldum vafin sakir afglapa fjárglæframanna og vanhæfni stjórnmálamanna. Árgalli hefur komið í siðu þeirra og manvit og meðferðir er gæta skulu stjórnar landsins – og óáran hefur orðið á fólkinu – eins og segir í Konungs skuggsjá. Þessi alvarlegi árgalli verður ekki leystur með lánum frá öðrum þjóðum. Þjóðin skuldar sjálfri sér endurskoðun á tilveru sinni og tilgangi. Sú skuld verður ekki greidd nema með endurheimtri siðferðisvitund.

*Höfundur er rithöfundur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands.*

# Grunnskólabörn kynnast ferðamáta framtíðarinnar

**UMRÆÐAN**

Jórunn Frímannsdóttir skrifar um grunnskólakort Strætó


JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Stjórn Strætó bs samþykkti á fundi sínum þann 1. október að bjóða öllum grunnskólum sveitarfélaganna sem standa að rekstri Strætó bs. svokölluð grunnskólakort, sem eru sérstök hópakort ætluð til vettvangsferða kennara og nemenda.

Kortin gilda milli klukkan 9 og 15 virka daga, þ.e. utan helstu annatíma strætó sem eru snemma á morgnana og síðdegis. Tilgangurinn er að kynna strætó fyrir ungu fólki og þannig auka líkurnar á að börn og unglingar læri að nýta sér kosti almenningssamgangna. Um leið aukast möguleikar kennara á að fara í styttri vettvangsferðir með nemendur sína. Þannig verður auðveldara fyrir grunnskólakennara og nemendur þeirra að nýta t.a.m. listasöfn, almenningsgarða, útikennslustofur og annað sem höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða til kennslu.

**Aukin þekking og færni í notkun strætó**

Mikilvægt er að börn og unglingar öðlist færni í að nýta sér strætó við sem flest tækifæri, því þannig aukum við vitund yngstu kynslóðarinnar um þennan valkost í samgöngum. Aukin þekking og færni skilar sér síðan í því að börn og unglingar geta nýtt sér strætó betur, bæði á skólatíma og í frístundum.

Kortin verða útbúin með skjaldarmerki þess sveitarfélags sem hver skóli tilheyrir og verður fjöldi korta mismunandi eftir skólum. Miðað verður við að aldrei séu færri en tvö slík kort í skóla en annars er miðað við að eitt kort sé gefið út á hver hundrað börn. Kortin gilda einungis utan annatíma strætó til að forðast það að grunnskólahópar komi í vagnana á þeim tímum sem flestir farþegar eru í vögnunum. Engu að síður er nauðsynlegt við notkun kortanna að fara ekki af stað með stóra hópa án þess að láta Strætó bs. vita fyrirfram að von sé á stórum hópum á ákveðnum tíma á ákveðnum leiðum. Jafnframt er nauðsynlegt að hafa í huga að greiðandi farþegar hafa alltaf forgang fram yfir hópa og getur þurft að skipta hóp á fleiri ferðir ef vagninn fyllist óþægilega mikið.

*Tilgangurinn er að kynna strætó fyrir ungu fólki og þannig auka líkurnar á að börn og unglingar læri að nýta sér kosti almenningssamgangna.*

**Eykur fjölbreytni skólastarfsins**

Það er von okkar í stjórn Strætó bs. að þessi nýjung muni mælast vel fyrir í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins og verða til þess að kennarar fari í auknum mæli með nemendur í vettvangsferðir. Það eykur fjölbreytni skólastarfsins um leið og börnin læra á strætósamgöngur og kynnast þannig ferðamáta til framtíðar.

*Höfundur er stjórnarformaður Strætó bs.*

# Leiðin út úr kreppunni

**UMRÆÐAN**

Haukur Nikulásson skrifar um efnahagsmál


HAUKUR NIKULÁSSON

Það ætti nú að vera flestum Íslendingum ljóst að Ísland er gjaldþrota land og Íslendingar gjaldþrota þjóð.

Til að styðja þessa fullyrðingu má nefna að við, sem þjóð, getum ekki borgað það sem alþjóðasamfélagið hefur ætlað okkur með réttu eða röngu að greiða. Enn fremur held ég að flestum sé einnig ljóst að Íslendingar sem einstaklingar geta ekki gert upp skuldir sínar vegna þeirrar einföldu staðreyndar að húseignir seljast ekki. Húseignir sem ekki seljast eru einfaldlega ekki raunverulegar eignir. Þær hafa bara virði fyrir notandann en ekki aðra. Hjá bönkunum þýddi greiðsluþrot það sama og gjaldþrot.

Þegar svo er komið er nauðsynlegt að átta sig á því að þessi staða okkar er nákvæmlega sú sama og bankanna sem hrundu. Það er komið almennt greiðsluþrot og þess vegna þarf að bregðast við ástandinu eins og það er núna en ekki eins og það getur orðið hjá því bjartsýna fólki sem stýrði landinu fyrir hrunið og gerir það að stærstum hluta ennþá eftir hrunið.

Ég tel einu leiðina út vera þá að viðurkenna þessa ömurlegu staðreynd: Við erum gjaldþrota þjóð. Í framhaldi af því er hægt að byrja að vinna að uppbyggingu og endurskipulagningu frá þeim fasta sem er raunverulegur en ekki ímyndaður og því síður þeim sem fólginn er í framtíðarvæntingum þeirra sem styðja aðild að ESB, enn meiri lántökur og því að hugsanlega muni Icesave-skuldbindingarnar hverfa á eftir sjö árin.

Hér eigum við að drepa niður fæti og segja nei! Við borgum ekki sem þjóð það sem við tókum ekki að láni heldur óábyrg einkafyrirtæki sem við berum ekki ábyrgð á. Ég hef á þessu stigi meiri áhyggjur af okkur sem þjóð heldur en áliti útlendinga, fyrirgefið mér slíka sjálfmiðun. Í framhaldi af þessu leiðréttum við skuldir almennings og fyrirtækja án þeirrar kúgunar sem felst í greiðslu erlendra skulda sem voru okkur óviðkomandi.

Á sinn einfalda þátt þarf Ísland að ganga í gegnum algera endurnýjun á rekstri síns samfélags. Réttlæta þarf öll ríkisútgjöld upp á nýtt og skilgreina hvað er í alvöru nauðsynlegt að halda úti á kostnað almennings. Í grófum dráttum tel ég það vera heilbrigðis- og tryggingakerfi, menntakerfi, samgöngukerfi, löggæslu og stjórnkerfi.

Það þýðir þá að ég tel að skera eigi niður og hætta rekstri þjóðkirkju, ríkisútvarps, sinfóníu, leikhúsa, utanríkisþjónustu að mestu (við getum notað aðkeypta þjónustu sendiráða Norðurlandanna), varnarmálastofnunar og aðkeyptrar loftrýmisgæslu. Þá eigum við að hætta ríkisstyrkjum til landbúnaðar (sú framleiðsla verður að standa undir sér og aðlagast breyttum tímum). Í stuttu máli má segja að ég telji að leggja beri niður öll þau dægur- og dekurmál sem er ekki hægt að réttlæta sem þjóðarnauðsyn. Bruðlið í þeim efnum var fyrir löngu komið út fyrir allan þjófabálk.

Einnig er vert að huga að því að breyta stjórnkerfinu. Það er tímaskekkja að vera með aðgreint vald sveitarstjórna og landsstjórnar. Flestir geta viðurkennt að togstreitan þarna á milli sé bæði kostnaðarsöm og til óþurftar. Landið þarf að verða eitt kjördæmi og eitt stjórnsýslustig þar sem hægt er að ganga að því vísu hvert borgararnir sækja sína þjónustu og einnig hvaða skyldum þeir hafa að gegna.

Það hlýtur að vera hugsandi fólki löngu ljóst að við getum ekki verið annað hvort ríkisstarfsmenn eða atvinnuleysingjar á bótum eins og nú stefnir í. Hvernig má það vera? Jú, bankarnir, sem nú eru ríkiseign, eru sem óðast að leysa til sín fjölda fyrirtækja og þar með fjölgar þeim mjög hratt sem eru orðnir ríkisstarfsmenn í raun.

Það er þjóðarnauðsyn að breyta um hugsanagang varðandi verðmætasköpun. Við verðum að framleiða meira og það meira að segja svo mikið að það dugi til framfærslu heillar þjóðar. Við höfum lifað í þeirri blekkingu undanfarin ár að Ísland hafi verið svo ríkt land. Þessi blekking byggðist á því að landsframleiðsla (GDP) væri svo mikil. Kaldhæðnisleg staðreyndin er hins vegar sú að inni í landsframleiðslu var allt lántökusukk undanfarinna ára. Við vorum aldrei rík. Við tókum þetta ríkidæmi allt saman að láni.

Nú þurfum við breytt hugarfar. Því fyrr sem við tökum ákvörðun um að snúa af þeim vegi endurtekins lánasukks frá útlendingum til sjálfbærs þjóðfélags, þeim mun fyrr mun okkur auðnast að komast út úr þeirri kreppu sem allt of fáir fengu að koma yfir okkur með óábyrgri fjármálastjórn og eftirliti hjá stjórnmálamönnum og tiltölulega fáum einkaaðilum.

Það eru ekki góðir kostir fram undan en sá kostur að velja það að standa á eigin fótum vitandi að við erum sjálf okkar bestu vinir verður örugglega besta leiðin út úr kreppunni.

*Höfundur er ráðgjafi.*


PIPAR • SÍA • 91340




**Hollráð gegn innbrotum**

**Látið líta út fyrir að einhver sé heima**

ef þið eruð fjarverandi af heimilinu í einhvern tíma.

Hafið einhver ljós kveikt eða útvarp í gangi.
Gætið þess að blöð og póstur safnist ekki upp.
Fáið nágranna eða ættingja til að líta eftir heimilinu.

**Fleiri hollráð gegn innbrotum er að finna á oryggi.is**

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!



Erikur
ferskar og fallegar
3 stk
1199 kr
Allir
Haustlaukar
20%
AFSLÁTTUR
Rýmingarsala
Rýmum fyrir jólum
Allar
Pottaplöntur
20-50%
AFSLÁTTUR
Kaffi Garður
Skútuvogi
fimmtud. - sunnud.
Kók og
pylsa
99
SERÍUMARKAÐUR
Í ÖLLUM VERSLUNUM BLÓMAVALS
FRÁBÆRT VERÐ
Skráðu þig í
Netklúbb Blómavals
á www.blomaval.is
tilboð og fróðleikur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Dalvík - Selfoss
Egilsstaðir - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind
www.blomaval.is

# Brostnar gróðavonir

**UMRÆÐAN**
Hjörleifur Stefánsson skrifar um skipulag miðbæjarins


HJÖRLEIFUR STEFÁNSSON

Ágæta borgarstjórn!
Þetta bréf sendi ég ykkur í von um að það opni augu ykkar fyrir mistökum sem hafa átt sér stað í skipulagsmálum gömlu hverfa Reykjavíkur í marga áratugi og mikilvægt er að linni.

Í upphafi voru þetta alls engin mistök. Það er auðvitað vel þekkt saga að margt sem byrjar sem hugmynd um framfarir getur smám saman orðið dragbítur.

Þannig er það í þessu tilviki sem hér um ræðir og verður það rakið allt til bæjarbrunans mikla árið 1915 þegar mörg hús í miðbænum brunnu. Menn trúðu þá að nauðsynlegt væri að útrýma timburhúsum og byggja bæinn frá grunni úr stórum steinsteypuhúsum. Þessi framtíðarsýn bæjarstjórnar, sem skjalfest var með skipulaginu 1927, varð grundvöllur að verðmati á viðkomandi eign. Lóð með litlu húsi gekk eftir þetta kaupum og sölum sem byggingarlóð. Á þessum tíma efaðist enginn um að þetta væri skynsamleg ráðstöfun og samfélaginu fyrir bestu.

Árið 1963 var samþykkt nýtt skipulag fyrir Reykjavík sem áfram hvíldi á þeirri meginforsendu að bæinn skyldi endurbyggja úr steinsteypu en því til viðbótar kom nú sú reginfirra sem sprottin var af rótum módernismans, að sögulegir byggingarstílar væru lítils virði ef ekki beinlínis fyrirlitlegir.

Svipaðar hugmyndir voru nánast allsráðandi um Evrópu á þessum tíma. Fljótlega tók almenningur þó að átta sig á því sem var að gerast. Fjöldahreyfingar risu gegn þeirri fyrirætlan skipulagsfræðinga og arkitekta að eyða sögulegum kjörnum borganna til þess að endurbyggja þær eftir mjög einstrengingslegri hugmyndafræði.

Þetta gerðist líka hér í Reykjavík. Smám saman opnuðust augu almennings og þar með líka stjórnmálamanna fyrir því að í sögulegri vídd borgarinnar og margbreytileika væru fólgin ómetanleg gildi sem væru sameign samfélagsins.

Nú er svo komið að fáir ef einhverjir andmæla því að sögulegir kjarnar miðborga eru mikilvægari en allt annað í borgarumhverfinu. Maðurinn er hugsandi tilfinningavera og einfaldlega þannig gerður að hann laðast að umhverfi sem þrungið er sögulegri merkingu.

Skipulagsmál byggðar eru á forræði sveitarstjórna og þeim ber að endurskoða skipulag eftir því sem þörf krefur. Sú kvöð er auðvitað sprottin af þeirri nauðsyn að endurmeta fyrri ákvarðanir með hliðsjón af breytingum á gildismati samfélagsins.

Þá er ég kominn að því að orða mistökin – hengja bjölluna á köttinn:

Fram til þessa hefur borgarstjórn Reykjavíkur kosið að líta svo á að henni beri að bæta lóðareigendum þann hugsanlega fjárhagslega skaða sem þeir kunna að verða fyrir ef samþykktu skipulagi er breytt á þann veg að minna megi byggja á viðkomandi lóð en áður var heimilað. Þarna liggja mistökin sem ég nefndi í upphafi. Þetta er kjarni málsins.

Mistökin eru fólgin í því að borgarstjórn hefur til þessa litið svo á að henni beri að bæta lóðaeigendum að verðmat lóða þeirra lækkar þegar deiliskipulagi er breytt þannig að minna megi byggja á lóðum þeirra en áður. Þetta er í raun og veru fráleitt.

Þetta er í raun og veru jafn fráleitt og sú staðreynd sem við höfum orðið vitni að þegar eigendur fyrirtækja hirða gróða þegar svo ber undir en samfélagið er látið bera tapið þegar illa fer.

Aukinn byggingarréttur er í raun og veru aðeins ávísun á aukin verðmæti ef byggingarrétturinn er nýttur. Hann merkir von um ágóða sem rætist ef byggt er stærra hús og það selt. Sá lóðareigandi sem ekki kýs að notfæra sér þennan rétt meðan hann er fyrir hendi verður að sætta sig við að byggingarrétturinn sé skertur ef borgarstjórn telur samfélagslega nauðsyn bera til þess.

Þetta er í sjálfu sér auðskilið og fellur vel að almennum hugmyndum um nauðsyn þess að hagur almennings á að ráða mótun samfélags okkar en jafnframt eiga einstaklingar að njóta réttlætis og eignarréttinn ber að virða. Það er mótun hins samfélagslega umhverfis borgarinnar sem hlýtur að vera leiðarljós borgarstjórnar en ekki hagur einstakra lóðareienda.

Reglurnar um það hvernig þessu skuli háttað eru auðvitað sniðnar að og af samfélagi okkar. Þær eru mannanna verk. Það er hlutverk löggjafarvaldsins að setja lög og reglur og því starfi lýkur aldrei því stöðugt þarf að bæta, leiðrétta og lagfæra til þess að löggjöfin gegni hlutverki sínu almenningi til heilla.

Ef einhver lög verða túlkuð á þá leið að samfélaginu beri skylda til þess að bæta lóðaeigendum skerta hagnaðarvon vegna þess að skipulagi er breytt til þess að tryggja sögulega vídd byggðarinnar þá ber löggjafanum einfaldlega að breyta henni.

*Höfundur er arkitekt.*

# Timburmenn frjálshyggjunnar

**UMRÆÐAN**
Jan Eric Jessen og Guðrún Axfjörð skrifa um stjórnmál


JAN ERIC JESSEN


GUÐRÚN AXFJÖRÐ

Þótt nú sé liðið ár frá því nýfrjálshyggjuveislunni miklu lauk, voru timburmenn hagræðingar í ríkisrekstri ekki kynntir til sögunnar fyrr en í liðinni viku. Til að taka með festu á þeim geigvænlega fjárlagahalla sem í stefnir á næstu árum hefur Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kynnt blóðugasta niðurskurð í sögu lýðveldisins. Fjárlög næsta árs gera ráð fyrir niðurskurði og skattahækkunum sem alls nema um 115 milljörðum króna. Forvitnilegt væri að sjá hvernig helstu gestgjöfum nýfrjálshyggjuveislunnar yrði við, þyrftu þeir að taka til eftir partíið sjálfir.

Sú síbylja yfirlýsinga formanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem dunið hefur á eyrum landsmanna upp á síðkastið, gefur til kynna að ekki sé að fullu runnið af þeim eftir veisluna. Yfirlýsingarnar eru nefnilega flestar á þá lund að í stað þess að fara blandaða leið við hagræðingu í ríkisfjármálum eigi ekki að ganga jafn langt í skattahækkunum og ríkisstjórninni þykir þurfa. Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur m.a.s. lýst því yfir að það þurfi alls ekkert að hækka skatta. Þetta þýðir væntanlega að væri hann fjármálaráðherra, myndi hann eingöngu beita niðurskurðarhnífnum til að ná settu marki.

Ef hagræðingin yrði eingöngu í formi niðurskurðar, þyrfti að skera niður um 115 milljarða til að ná sama árangri og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Það myndi samsvara því að íslenska heilbrigðiskerfið yrði lagt niður í heild sinni og enn stæðu 2 milljarðar út af.

Það er mjög gott að vita til þess að það fólk sem leiðir þessar hagræðingaraðgerðir hefur ávallt barist fyrir öflugu velferðarkerfi á Íslandi en eru ekki einstaklingar eða hópar sem líta á heilbrigðis- og menntakerfið sem óplægða markaðsakra. Þau sem þetta rita gera sér grein fyrir því að ríkisstjórnin gengur nú í verk sem ekki eru vinsæl. Við getum þó huggað okkur við það að þessi ríkisstjórn ætlar sér ekki, ólíkt forverum sínum, að bjóða í brjálað partí á kostnað almennings í landinu.

*Jan Eric er formaður Ungra Vinstri grænna og Guðrún Axfjörð Elínardóttir er varaformaður Ungra Vinstri grænna.*

# Ávextir fjölmenningarsamfélagsins

**UMRÆÐAN**
Anna Lára Steindal skrifar um málefni innflytjenda


ANNA LÁRA STEINDAL

Fólksflutningar hafa verið hluti af mannkynssögunni frá upphafi til okkar daga. En samfara aukinni hnattvæðingu og vaxandi samskiptum ríkja á milli hafa fólksflutningar og málefni innflytjenda orðið flóknari. Tækninýjungar á sviði upplýsingaflutnings og samgangna ýta svo enn frekar undir þessa þróun. Við vitum miklu meira um það sem er að gerast í heiminum – og með þessari nýju vitneskju skapast ný sýn og ný ábyrgð. Við getum ekki snúið okkur undan og látið eins og annað fólk og afdrif þess í heiminum komi okkur ekki við. Öll sækjumst við í grundvallaratriðum eftir sömu lífsgæðum, hvar í veröldinni sem við fæðumst. Nú á tímum er það algengt viðhorf að fólk eigi að hafa tækifæri til þess að setjast að þar sem afkomu þess er borgið – þar sem draumurinn um innihaldsríkt og farsælt líf getur mögulega ræst. Að minnsta kosti með ákveðnum skilyrðum og innan skilgreindra marka.

Undanfarna áratugi hafa fjölmenningarsamfélög nútímans verið að þróast í Evrópu, og víðar; sambýli fólks af ólíkum uppruna með ólík sjónarhorn á lífið og tilveruna. Þegar best lætur geta samfélög af þessu tagi verið stórkostlegur suðupottur hugmynda þar sem eitthvað nýtt verður mikilsvert framlag til þróunar samfélagsins og þeirrar menningar sem það hvílir á. Menning er ekki fyrirbæri heldur ferli og tekur m.a. mið af samskiptum, hugmyndum og atferli þeirra sem samfélagið byggja á hverjum tíma. Íslendingar hafa til dæmis notið ávaxta fjölmenningarinnar í fjölbreyttari matargerð og gróskumeira tónlistarlífi, svo eitthvað sé nefnt. Til þess að nýta kosti fjölmenningarsamfélagsins til fulls verðum við þó að hlúa að því og efna til lifandi og einlægrar umræðu um kosti þess, áskoranir og afleiðingar. Ég held mér sé óhætt að fullyrða að umræðan á Íslandi sé skammt á veg komin, og hefur að verulegu leyti einskorðast við afmarkaðan hluta fræðasamfélagsins, stofnanir og stefnumótendur. Sú stefna sem íslenskt samfélag tekur á næstu misserum ræðst af því hvernig umræðunni vindur fram.

Þróun fólksflutninga til Íslands hefur verið mjög hröð og á tíu árum hefur fjöldi innflytjenda margfaldast. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru íbúar af erlendum uppruna 2,1% íbúa á Íslandi árið 1998, en 7,6% í lok árs 2008. Það er ekki sjálfgefið að allir átti sig á þessum nýja veruleika, og í raun er ýmislegt sem bendir til þess að margir séu óöruggir og ringlaðir, bæði innfæddir og innflytjendurnir sjálfir. Ekki síst þeir sem hafa búið hér lengi. Þess vegna tel ég mjög brýnt að skapa grundvöll fyrir almennari samræðu en nú tíðkast um viðfangsefnin sem fjölmenningunni fylgja. Við verðum að leitast við það óttalaust og í einlægni að svara þeim spurningum sem vefjast fyrir fólki sem allt í einu vaknar upp við að búa í fjölmenningarsamfélagi sem það ekki skilur. Eigi okkur að takast að njóta allra framandi og góðu ávaxtanna verðum við að færa umræðuna nær þeim sem lifa hinn fjölmenningarlega veruleika á hverjum degi. Þar á ég við innflytjendurna sjálfa, vini þeirra og nágranna, kennara, bæjarstarfsmenn, fjölmiðlafólk og svo framvegis.

Almenningur þarf að vera meðvitaður og eins sáttur og unnt er við þær óumflýjanlegu breytingar sem eru að eiga sér stað, gera sér grein fyrir þeirri skyldu sem hvert samfélag hefur gagnvart sjálfu sér og gangast við kröfunni um að mannréttindi allra séu virt í hvívetna. Innflytjendurnir sjálfir þurfa að taka þátt í umræðunni svo þeir viti hvaða réttindi þeir hafa og hvaða skyldur þeir gangast undir með því að setjast að á Íslandi. Öll þurfum við að koma okkur saman um þær kröfur sem eðlilegt er að gera hvert til annars – og hafa tiltækar aðferðir svo mögulegt sé að standa undir þeim. Hvað eigum við t.d. við þegar við gerum kröfu um að innflytjendur aðlagist – en leggjum um leið ríka áherslu á að þeir haldi í menningu sína og uppruna? Hvar liggja mörkin? Hvaða skilaboð erum við að senda fólki þegar við gerum kröfu um að innflytjendur læri íslensku – en bjóðum þeim svo ekki upp á tækifæri til þess? Hvers vegna er fólk í sumum tilvikum reiðubúið til þess að umbera misbeitingu og kúgun innan hóps sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn, en ekki meðal innfæddra? Hvers vegna telja margir atvinnurekendur sjálfsagt að bjóða innflytjendum lægri laun en Íslendingum? Spurningarnar eru margar og brýnt að við þeim fáist viðunandi svör. Í því skyni þurfum við, sem samfélag og sem manneskjur, að ráðast í siðferðilegt endurmat á afstöðu okkar til fjölmenningarsamfélagsins.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Rauða krossins á Akranesi.*




118 ja.is Símaskráin

# 72% þjóðarinnar nota já.is í hverri viku

## Auglýstu þar sem þín er leitað

### Já.is er jákvæður auglýsingamiðill

Þeim fjölgar stöðugt sem nota Já.is til að afla sér upplýsinga. Margir nota vefinn oft á dag. Þeir eru kannski einmitt að leita að þjónustu eða vöru sem þú hefur að bjóða. Með því að auglýsa þar sem fólkið leitar nærðu forskoti. Vertu þar sem fólkið leitar að þér.

Heimsóknum á Já.is hefur fjölgað um 35% að meðaltali á milli ára enda eru 96% viðskiptavina okkar ánægð með nýjan vef Já.is og 72% þjóðarinnar nota Já.is í hverri viku.*

*Upplýsingarnar byggjast á fjölda innlita samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernusar og símakönnun á vegum Gallup í ágúst og september 2009.

já - er svarið

ÍSLENSKA SIA.IS

# Kvikmyndir skornar niður

**UMRÆÐAN**
Ágúst Guðmundsson skrifar um kvikmyndagerð


ÁGÚST GUÐMUNDSSON

Það kemur verulega á óvart hve hart er gengið að kvikmyndagerðinni í landinu í nýframkomnu fjárlagafrumvarpi. Niðurskurður þar er tæp 34%. Það mætti halda að kvikmyndagerðin hafi verið meira til óþurftar en aðrar starfsgreinar.

Til samanburðar má nefna að framlög til Sinfóníuhljómsveitarinnar lækka um 3,25%, til Listasafns Íslands um 2,25%, og nýendurráðinn þjóðleikhússtjóri fær sérstakt hrós fyrir að vita hvernig bregðast eigi við 5,41% niðurskurði til sinnar stofnunar. Hins vegar verður að fyrirgefa íslensku kvikmyndafólki það að hafa ekki hugmynd um hvernig eigi að höndla þriðjungs niðurskurð.

Öll skiljum við að þörf er á aðhaldi og niðurskurði. Þessi stefnubreyting gagnvart kvikmyndaiðnaðinum er bara einum of brött og á eftir að hafa sérlega óheppileg áhrif. Íslenskar kvikmyndir draga fé að frá útlöndum, framleiðendur fá aldrei meira en 50% af kostnaðinum frá því opinbera, hitt þarf að koma annars staðar frá. Erlendir sjóðir hafa veitt milljónatugum í innlenda kvikmyndagerð – og á því verður hlé komi ekkert framlag frá hinu opinbera. Erlenda framlagið kemur ekki nema fyrst sé lagt í verkefnin á heimaslóð. Menn skyldu gæta að því að hér er verið að slátra mjólkurkú, ekki geldri kvígu.

Niðurskurðurinn kemur ekki aðeins niður á bíómyndum og heimildarmyndum, heldur líka leiknu sjónvarpsefni. Allir leiknir sjónvarpsþættir fá verulegt fjármagn úr Sjónvarpssjóði Kvikmyndamiðstöðvar. Án þess framlags telja sjónvarpsstöðvarnar sig ekki geta staðið að slíkri framleiðslu. Efni á borð við Fangavaktina og Hamarinn mun þá heyra til liðinni tíð.

Því skal svo haldið til haga að verðmætasköpunin í kvikmyndagerðinni er tvenns konar: í beinum tekjum og í menningarauði. Íslenskar kvikmyndir eru hið raunverulega þjóðarleikhús – myndirnar eru teknar upp um land allt og þær fara auðveldlega fyrir augu allra, hvar á landinu sem fólk býr. Þær hafna gjarnan í sjónvarpinu, þar sem þær hafa löngum verið helsta leikna innlenda efnið, einkum á stórhátíðum. Enn fremur eru þær fluttar til útlanda, sýndar í kvikmyndahúsum og í sjónvarpi víða um heim. Kunnugir telja að fátt selji Ísland betur en íslenskar kvikmyndir. Þær eru hin óbeina auglýsing sem gagnast betur en bein sölumennska. Á tímum niðurlægingar Íslands er meiri þörf á slíku en nokkru sinni fyrr.

Það er afar misráðið að setja þessa ákveðnu starfsstétt á ís um ófyrirséða framtíð – og vitaskuld í hreinni þversögn við samning ríkisins við kvikmyndageirann, sem gerir ráð fyrir árlegri aukningu á fjárfestingu ríkisins í kvikmyndagerðinni. Í krafti samningsins fóru sprotafyrirtæki á stúfana og fjárfestu m.a. í stafrænni tækni svo að nú má vinna hér mun fleiri þætti framleiðslunnar en á dögum filmunnar. Á erfiðum tímum má fyrirgefa hringl með prósentutölur, en öðru máli gildir um svo drastíska ráðagerð sem þessa, sem líkleg er til að kreista líftóruna úr þessum fyrirtækjum.

Enn hafa ekki heyrst röksemdir fyrir því að þessi eina stétt eigi að þola meiri niðurskurð en aðrar á landinu. Á meðan ástæður þess eru í móðu verður að gera þá kröfu að þessi málsmeðferð, sem líklega má rekja til vankunnáttu eða flumbrugangs, verði endurskoðuð svo að ekki verði búið verr að kvikmyndagerðinni en að öðrum starfsgreinum landsins.

*Höfundur er forseti BÍL.*




# Valdastjórnmál

**UMRÆÐAN**
Sigurður Magnússon skrifar um stjórnmál á Álftanesi


SIGURÐUR MAGNÚSSON

Margrét Jónsdóttir, sem klauf sig frá Á-lista fyrir skömmu og gekk yfir til D-listans, hefur komið sér og sínum, Sveinskotsfjölskyldunni, vel fyrir í stjórnsýslunni á Álftanesi. Margrét hefur raðað ættingjum og venslafólki í nefndir og stjórnir. Sjálfstæðisfélagið á Álftanesi og D-listinn víla ekki fyrir sér að mynda meirihluta með þessum hætti og hafa fagnað samstarfi við Margréti.

Margrét, sem er bæjarfulltrúi, er auk þess í eftirfarandi nefndum og stjórnum: formaður bæjarráðs, formaður framkvæmdanefndar, formaður skólanefndar, í stjórn Strætó, í stjórn Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, varamaður í stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, varamaður í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, varamaður í samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga og varamaður í stjórn Sorpu.

Elín Jóhannesdóttir, móðir Margrétar, er varamaður fyrir dóttur sína í framkvæmdanefnd og aðalfulltrúi í kjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga á næsta ári. Jón Höskuldsson, faðir Margrétar, er varaformaður byggingar- og skipulagsnefndar. Sigrún Jóhannsdóttir, móðursystir Margrétar, er varamaður í félagsmálanefnd. Elín Jóhannsdóttir (yngri), bróðurdóttir Margrétar, er varaformaður íþrótta- og tómstundanefndar og maki Elínar (yngri), Ólafur Ívar Baldvinsson, varamaður í tónlistarskólanefnd. Andrés J. Snorrason, sonur Snorra móðurbróður Margrétar, er varamaður í búfjáreftirliti. Samtals eru sjö fjölskyldumeðlimir Sveinskotsfjölskyldunnar í stjórnum eða varastjórnum átján nefnda og stjórna og þar af situr Margrét sjálf í níu nefndum/stjórnum.

Er nema von að Álftnesingar séu undrandi. Ætli nokkurt hliðstætt dæmi finnist í íslensku sveitarfélagi? Enda tala Álftnesingar um að yfirtakan í bæjarstjórn hafi fyrst og fremst snúist um völd fremur en málefni. Það er von að vel fari á með Margréti og Guðmundi G. Gunnarssyni, oddvita D-listans, en hann er þekktur af sérkennilegum áherslum í stjórnsýslu. En mér er spurn, hvernig ætli sómakæru fólki sem kosið hefur D-listann líði í svona bandalagi eða ættarsamfélagi?

*Höfundur er oddviti Á-lista.*



**FYRIRSÆTAN JOURDAN DUNN** tók þátt í tískusýningu Jeans Pauls Gaultier í París nýlega. Þetta þætti ekki tiltökumál ef ekki væri fyrir þá staðreynd að Jourdan á að eiga barn í desember og er því komin sjö mánuði á leið.





Anna Gulla Rúnarsdóttir í kápu sem hún keypti sér á útsölu. Hún heillaðist af mynstrinu enda segist hún hrifin af svörtu og hvítu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Velur frekar vönduð föt

**Anna Gulla Rúnarsdóttir hefur klassískan stíl og segir það margborga sig að kaupa föt úr vönduðu efni og með góðu handbragði. Slík föt dugi lengi og megi nota nánast að eilífu.**

„Þessa kápu keypti ég nú bara á útsölu í Debenhams fyrir um ári," segir Anna Gulla Rúnarsdóttir um kápuna sem hún klæðist á myndinni hér að ofan. Hún tekur fram að hún eigi sér reyndar enga sérstaka uppáhaldsflík um þessar mundir en þær hafi hún þó átt ófáar í gegnum tíðina. „Mér finnst þessi kápa hins vegar mjög sæt og svart og hvítt er alltaf mjög fallegt," segir hún.

Anna Gulla er lærður fatahönnuður frá Kaupmannahöfn og starfaði við fatahönnun í mörg ár, allt fram til ársins 2000. Síðan þá hefur hún aðeins tekið að sér einstaka verkefni. „Mér finnst þægilegt að hafa þetta svona afslappað því það var of stressandi að hafa þetta að aðalstarfi," segir hún.

Anna Gulla lýsir fatastíl sínum sem klassískum. Hún kaupir yfirleitt aðeins vönduð föt sem endast lengi. „Ég er enn að nota föt frá níunda áratugnum," segir hún og hlær. Hún bætir við að dóttir hennar sé einnig dugleg við að endurnýta föt úr fataskápnum hennar. „Hún fer af og til í gegnum skápinn hjá mér og finnur alltaf eitthvað sem hún vill nota. Síðan breytist tískan og stundum finnur hún flíkur sem henni leist ekkert á í síðustu umferð," segir hún glettin.

Hún bendir á að það margborgi sig að kaupa föt úr vönduðum efnum og með góðu handbragði. „Maður getur átt slíkar flíkur nánast að eilífu," segir hún.

*solveig@frettabladid.is*


Eirberg



**Falleg hjúkrunarrúm**

Viðurkennd og vönduð rúm fyrir heimili og stofnanir

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



**Haust**

í Skarthúsinu

Ný sending af **derhúfum, alpahúfum, sjölum** og **vettlingum** í mörgum litum.

Gott úrval af **klútum, eyrnaskjólum** og **legghlífum.**

**Tískuskartgripir á frábæru verði**

**SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66**

**LAGERSALA**

**LAGERSALA**

**Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudag og föstudag 12-18:00 laugardaga 12-16:00**

**SKART • HÁRSKRAUT**

**TÖSKUR • HÚFUR**

**VETTLINGAR • SOKKAR**

**OG MARGT FLEIRA**

Etanól eldstæði



Brennslu etanól 2l:1500 kr

YLUR fyrir heimilið

Enginn reykur - ekkert sót

ármúla 38-S 564 5700



**SORPA** býður upp á fræðsluferðir fyrir grunnskóla og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið fræðslunnar er að nemendurnir kynnist því hvað verður um ruslið þeirra. www.sorpa.is






Brettin búa yfir geislavörn og er ætlað að leiða til ákjósanlegri líkamsbeitingar.

# Forvarnarbúnaður fyrir námsfólk

**Ný íslensk bretti undir fartölvur, dagblaða- og bókastandar framleiddir af Múlalundi.**

Markaðssetning er hafin á nýrri íslenskri hönnunar- og framleiðslulínu, sem er sniðin að þörfum þeirra sem nota fartölvur daglega, og samanstendur af brettum undir fartölvur og dagblaða- og bókastöndum. Vörurnar eru framleiddar í Múlalundi og eru hannaðar af Ástu Kristrúnu Ragnarsdóttur í nánu samráði við lækna og iðjuþjálfa.



NEMA-tölvubrettunum er ætlað að stemma stigu við hættunni sem líkamanum stafar af þeim algenga notkunarmáta að setja tölvuna í kjöltu sér án nokkurrar varnar. Auk þess að búa yfir geislavörn færa brettin notandanum á sama tíma aukin þægindi og leiða til ákjósanlegri líkamsbeitingar. Ásta Kristrún, náms- og starfsráðgjafi, hefur unnið með námsmönnum um þrjátíu ára skeið. Reynsla hennar á þeim vettvangi varð til þess að hún hófst handa við hönnun á forvarnarbúnaði fyrir námsfólk.



Margrét Elísabet Ólafsdóttir telur að almenningur sé oft mjög illa að sér um hönnun og listir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aðgreiningin lifir

**Hvar mætast list og hönnun? er umfjöllunarefni sem tekið verður fyrir á málþingi í Hafnarhúsinu í dag klukkan 20. Margrét Elísabet Ólafsdóttir fagurfræðingur er ein þeirra sem flytja erindi.**

„Fagurfræði er undirgrein í heimspeki og varð til sem slík seint á 18. öld," segir Margrét Elísabet. „Viðfangsefni þeirrar fagurfræði sem ég legg stund á tengist listum, í mínu tilfelli myndlist og miðlalist, en fagurfræðingar geta einnig fjallað um umhverfi og náttúru," segir hún og heldur áfram. „Fagurfræðingar starfa oftar en ekki við kennslu og rannsóknir, oft í nánum tengslum við menntastofnanir á sviði lista, en þá er einnig að finna innan heimspekideilda í háskólum og úti í samfélaginu eins og gengur og gerist um menntað fólk á sviði hugvísinda."

Margrét Elísabet segir spurninguna um hvar hönnun og list skarist frekar erfiða „Við getum sagt að á tuttugustu öldinni hafi reglulega komið fram bæði hönnuðir og listamenn sem hafa viljað tengja þetta tvennt saman. Nærtækasta dæmið er auðvitað Bauhaus-skólinn sem starfaði í Þýskalandi á fjórða áratug aldarinnar og skólar í Bandaríkjunum sem byggðu á svipaðri hugmyndafræði. Þekktastur þeirra er líklega Black Mountain College sem dró til sín kennara frá Bauhaus en færri vita kannski að áhrifa þaðan gætir einnig í MIT-tækniháskólanum sem hefur lagt sig fram við að brúa bilið milli hönnunar, tækni, lista og vísinda."



Sjöan eftir Arne Jacobsen.

En er einhver munur á hönnun og list og svo nytjalist? „Þótt ýmsir hafi reynt að má út mörkin milli hönnunar og listar má segja að aðgreiningin lifi enn ágætu lífi. Til að einfalda málið er nytjalist það sama og hönnun, sem fæst við að búa til fallega nytjahluti fyrir manngert umhverfi, hluti sem eru fjöldaframleiddir áður en þeir eru settir á markað. Listin er yfirleitt ekki búin til fyrir einhvern sérstakan og kemur ekki að neinum notum. Þegar um er að ræða myndlist getum við sagt að hún hafi þá sérstöðu að ganga kaupum og sölum á markaði sem byggir verðmætamat sitt á fágæti."

Hefur almenningur vit eða auga fyrir hönnun eða list? „Ég held að almenningur sé oft mjög illa að sér um hönnun og listir. Ástæðan fyrir því er einföld, bæði lista- og hönnunarsögu er lítið sinnt í skólakerfinu."



Gott dæmi um nytjalist. Sítrónupressur frá Alessi.

Nú finnst manni stundum að nánast hvað sem gert er, fái merkimiðann hönnun, er ekki stundum svolítið verið að gera lítið úr alvöruhönnun? „Jú, það finnst mér."

Getur fagurfræðingur hjálpað fólki við hönnun heimila sinna eða ráðlagt því á einhvern hátt? „Nei, það getur hann ekki!"

Málþingið er haldið af Hönnunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og hefst klukkan 20 í Hafnarhúsinu í kvöld.

*- uhj*









# Verðlaun fyrir bestu húfuna

**Harpa Jónsdóttir sigraði í keppninni 1000 Fabulous Knit Hats og mun verðlaunahúfan birtast í bók með sama nafni víða um heim.**

Keppnin ber nafnið Þúsund frábærar húfur eða „1000 Fabulous Knit Hats," og var haldin af útgáfufélaginu Rockport Publishers sem sérhæfir sig í útgáfu rita um arkitektúr og hönnun.

„Þeir ætla að gefa út bók með sama nafni og keppnin og mun hönnuðurinn Annie Modesitt ritstýra henni," segir Harpa Jónsdóttir, sem sigraði í keppninni með undurfagra útsaumaða húfu.

En hvernig kom það til að hún tók þátt í keppninni? „Ég hafði misst af auglýsingunni en svo var kanadísk kona, sem ég þekki ekki neitt en vissi greinilega af mér og minni hönnun, sem sendi mér póst og hvatti mig til að taka þátt," svarar Harpa. Hún sendi því myndir af nokkrum húfum út. „Síðan sendi Annie mér póst um að ég hefði unnið með í raun hvaða húfu sem var," segir Harpa en ákveðið var að velja eina húfuna sem þótti auðveld í framkvæmd. Harpa útbjó síðan uppskrift að henni til að birta í bókinni eftir að hún vann.


Harpa Jónsdóttir.


Vinningshúfan eftir Hörpu sem mun birtast í bók næsta haust sem dreift verður víða um heim.

Harpa segir að þó að verðlaunin séu ekki mikil, aðeins um 500 dalir, fylgi þeim höfundarréttur að húfunni. „Og það sem er verðmætast, auðvitað kynningin," segir hún. Rockport Publishers er enda stórt fyrirtæki með útibú bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Bókinni, sem áætlað er að komi út næsta haust, verður dreift mjög víða. „Þetta er mun stærra dæmi en mig óraði fyrir þegar ég ákvað að taka þátt," segir Harpa ánægð með árangurinn. Þeim sem vilja kynna sér útslit keppninnar nánar er bent á vefsíðuna http://1000-fabulousknithats.com/ *- sg*


Eitt meginverkefni hönnunarhátíðar var verk sem ber heitið The Tournament eftir hönnuðinn Jaime Hayon. Það er taflborð með 32 tveggja metra háum taflmönnum á Trafalgar-torgi.

# Hönnun í London

**Margt var að sjá á hönnunarhátíð í London í september.**

Hönnunarhátíðin í London var haldin dagana 19. til 27. september. Hátíðin er haldin árlega til að koma London á framfæri sem höfuðborg hönnunar í heiminum.

Yfir tvö hundruð uppákomur af ýmsum toga voru í boði þessa daga og því höfðu gestir úr nógu að velja.

Á hátíðinni koma fram margir ungir og upprennandi hönnuðir í bland við víðfræga reynslubolta. Unnið var með söfnum borgarinnar, verslunum, háskólum og tímaritum til að gera hátíðina sem besta úr garði. *- sg*


Verk eftir Marc Newson. Hann hannaði stálmannvirki undir nafninu Supercell.


Shigeru Ban, japanskur arkitekt, hannaði þennan turn úr pappa.



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

;ALLT NÁM

Mikið úrval af afar vönduðum dönskum

**borðstofu**

húsgögnum



Vegna hagstæðra samninga við byrgja getum við nú boðið nokkur borðstofusett á ótrúlegu verði!
Borð frá Skovby og 6 beyki stóla með slitsterku microfiber áklæði á ótrúlegu verði!

skovby® Excellent Dining Rooms

Afar vönduð borðstofuhúsgögn

Verð aðeins kr. **282.000.-**

Borð beyki stækkanlegt kr. 135.000.-
Stóll, beyki með slitsterku microfiberáklæði kr. 24.500.-



Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt

Verð aðeins kr.
**119.000.-**



Komdu og gerðu frábær kaup

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga kl. 10-18 - **Laugardaga kl. 11-16**

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

**LILY ALLEN** vakti verðskuldaða athygli þegar hún söng á tískusýningu Chanel í París á dögunum. Fleiri frægir mættu á staðinn til að fylgjast með nýjustu tísku og má nefna Prince, Claudiu Schiffer, Sean Lennon og Rihönnu.



## Jarðarber til skrauts

Á NÝJUSTU TÍSKUSÝNINGU YVES SAINT LAURENT VAKTI JARÐARBERJASKRAUT NOKKRA ATHYGLI.

Mikil eftirvænting var fyrir vor- og sumartískusýningu Yves Saint Laurent sem haldin var í París fyrr í vikunni og voru flestir sammála um að ítalski hönnuðurinn Stefano Pilati hefði tekið meiri áhættu nú en oft áður. Hann steig þó engin feilspor og þótti hönnunin bera vott um náðargáfu. Pilati lék sér með hefðbundin form og fagrar litasamsetningar en tók þó upp á ýmsum óknyttum. Má þar nefna jarðarberjaeyrnalokka og hvítan flamenco-kjól alsettan jarðarberjum. Ekki er gott að segja til um hvort það er eitthvað sem koma skal en uppátækið vakti þó mikla lukku. „Mig langar í þennan jarðarberjakjól," sagði Kate Moss, andlit nýjustu auglýsingaherferðar Yves Saint Laurent, baksviðs. *- ve*



Kate Moss lýsti hrifningu sinni á jarðarberjunum að sýningunni lokinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# *Tvær kápur í einni*

**Hagsýnissjónarmið réðu för þegar Sigrún Baldursdóttir byrjaði að hanna kápur sem má nota á tvo vegu. Önnur hliðin er dökk og klassísk en hin munstruð eða í lit.**

Í Lykkjufalli á Laugavegi fást kápur sem er hægt að nota á tvo vegu. Þær eru ýmist munstraðar eða í lit öðrum megin og dökkar hinum megin og er hægt að velja hvaða hlið snýr út eftir því sem hentar. Sigrún Baldursdóttir, eigandi verslunarinnar, byrjaði að hanna kápurnar í sumar en þegar leið á ferlið datt henni í hug að búa þær þessum eiginleika.

„Það voru í raun hagsýnissjónarmið sem réðu för enda er þarna hægt að eignast tvær kápur í einni. Eina dökka og klassíska og aðra munstraða eða í lit. Það eina sem þarf að gera er að snúa kápunni við og færa bandið í mittinu yfir. Kragann má svo ýmist hafa opinn eða krækja saman í hálsinn," segir Sigrún sem hefur mjög gaman af því að hanna föt sem er hægt að breyta og hefur einnig á boðstólum peysur sem má nota á marga vegu.



Sigrún hefur gaman af því að hanna föt sem er hægt að breyta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kápurnar, sem eru handgerðar, hafa rokið út og situr Sigrún því löngum stundum við saumavélina en hún er með aðstöðu inn af búðinni. „Ég reyni að vera alltaf með eina kápu í hverri stærð í búðinni en legg mikið upp úr því að hafa ekki margar eins. Ég geri kannski eina til tvær úr sama efni og ef ég nota sama efnið oftar í aðra hliðina hef ég hina öðruvísi," útskýrir Sigrún en þannig geta konur gengið að því vísu að þær séu að eignast sérstaka flík. Sigrún tekur einnig við pöntunum en þá er hægt að velja lit og munstur auk þess sem tekin eru mál. Sigrún tekur fram að Svandís Friðbjörnsdóttir, sem starfaði hjá henni í sumar, var með henni í upphafi hönnunarferlisins og á heiðurinn að skemmtilegri útfærslu á olnboganum.

Í Lykkjufalli fæst nær eingöngu íslensk hönnun og framleiðir Sigrún stóran hluta hennar sjálf. „Eitthvað er síðan framleitt fyrir mig erlendis og er ég því með þetta svolítið í bland." Vetrarlínan er nú komin í hús en þar er meðal annars að finna bróderaða barnaboli úr Merion-ull og ný peysusnið. Sigrún gerir mikið af barnafötunum sjálf og nú eru jólakjólarnir á teikniborðinu.

*vera@frettabladid.is*



Hér má sjá klassísku útgáfuna en á einu augabragði er kápan orðin munstruð.



















;ALLT MATUR

# Skór

FYLGIRIT UM DÖMUSKÓ • 8. OKTÓBER 2009







1.



2.



3.



4.



1. City Shoes, st. 36–41.
   Verð 14.990,-. Fást í GS skóm.
2. Bronx, st. 36–41.
   Verð 23.990,-. Fást í GS skóm.
3. City Shoes, st. 36–41.
   Verð 9.990,-. Fást í GS skóm.
4. Billibi, st. 36–41
   Verð 42.990,-. Fást í GS skóm.

NTC




**Svava er ánægð með tískuna í ár en hún hentar mjög breiðum hópi. Mikið úrval er af lágbotna skóm en líka af konfektmolum með himinháum hælum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við íslenskar konur elskum skó

**Skór eru helsta ástríða Svövu Johansen, forstjóra NTC-verslanakeðjunnar, og deilir hún henni með fjölmörgum íslenskum kynsystrum sínum.**



**Skótískan fer vel við fatatískuna. Mikið er um ökklaskó með spennum og öðrum áhersluatriðum en þeir eru flottir við leðurjakka, þröngar buxur eða síðar leggings.**

„Mér finnst íslenskar konur hafa mikið vit á skóm og eiga margar það til að falla ítrekað fyrir fallegum pörum," segir Svava og telur skýringuna meðal annars að finna í íslensku veðurfari. „Hér er allra veðra von og við þurfum meira á „góðum" skóm að halda en konur á suðlægari slóðum. Þeir eru því í mikilli notkun og stór hluti af heildarútliti okkar."

Svava er sérstaklega ánægð með skótískuna í ár. „Leðrið er þykkara en oft áður og mikið er um hamrað leður þó að slétt leður sé líka á sínum stað. Eins er gaman að sjá að rúskinn er að koma sterkt inn aftur. Þá erum við með margar nýjar útfærslur af ökklaskóm, sem hafa átt vinsældum að fagna undanfarin ár, og eru þeir bæði fínir og grófir."

Svava segir talsvert um skó með spennum, ólum og öðrum áhersluatriðum og minna sumir um margt á mótorhjólastígvél eða svokallaða „bikera". Eins eru hermannaklossar afar heitir og eru þeir flatir eða jafnvel með kubbahæl. Svava segir tískuna líka henta mjög breiðum hópi en mikið er um lágbotna skó jafnt sem himinháa hæla auk þess sem fylltir skór eru enn mjög vinsælir. „Mér finnst skótískan fara mjög vel við fatatískuna og þá til dæmis við leðurjakka, víðar harembuxur, niðurmjóar gallabuxur eða leggings sem nú eru hafðar síðari en oft áður og eiga að detta niður á skóna."

Svava segist finna fyrir því að konur leiti að skóm sem þær geti notað við ólík tilefni og þannig dressað sig bæði upp og niður. „Þá finnst mér íslenskar konur leggja mikið upp úr gæðum og þá kannski sérstaklega í ljósi veðurskilyrða. Það er meira um að þær kaupi sér ódýrari tískuskó sem einungis er ætlunin að nota yfir ákveðið tímabil en við bjóðum upp á skó á mjög á breiðu verðbili. Við tökum vandaðri og dýrari týpur inn í Evu, Kultur og Companys eins og Freelance, Strategia, Fruit, Nero Giardini og Moma en ódýrari inn í Focus auk þess sem við erum að keyra inn mjög breitt verðbil í GS-skóm. Við höfum lagt mikla áherslu á að finna viðráðanlegt verð en halda gæðum. Það er það sem viðskiptavinurinn á Íslandi vill sjá. Við höfum átt löng og traust viðskiptasambönd við mörg skófyrirtækjanna í gegnum árin og birgjarnir okkar eru bara þó nokkuð skilningsríkir hvað varðar efnahagsástandið á Íslandi og ég kann mjög vel að meta það.

Dýrari skórnir eru yfirleitt frá ítölskum eða spænskum framleiðendum en Billi Bi, sem meðal annars er selt í GS-Skóm, hefur um árabil án efa verið vinsælasta merkið. Þetta er dönsk hönnun, framleidd á Spáni og Ítalíu. Stígvélin frá Billi Bi eru meðal annars framleidd í mismunandi víddum yfir kálfann, en það hefur fallið sérstaklega vel í kramið hjá viðskiptavinum okkar."

Svava fer ekki leynt með það að hún er alger skófíkill og hefur áhugi hennar á skóm bara aukist með árunum. „Skórnir setja punktinn yfir i-ið og er hægt að breyta öllu útlitinu með því að fara í lágbotna eða hæla." Af öllu því sem Svava gerir innan NTC finnst henni skemmtilegast að snúast í kringum skó. „Ég hlakka alltaf mest til að fara á skósýningar og gæti gleymt mér þar í marga daga." Svava hefur ekki tölu á þeim skópörum sem hún hefur átt. „Ég er voða dugleg að endurnýja enda fylgir það vinnunni að vera í nýjum skóm. Það er þó eitt og eitt par sem situr eftir og ég tími ekki að láta og geymi ég þau á góðum stað í kjallaranum."

*- ve*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurf@365.is s. 512 5439



Fyrirsæturnar liðu áfram eftir sýningarpallinum leyndardómsfullar á svip.
NORDICPHOTOS/AFP



Sumir skórnir voru óneitanlega litríkir.

# Gyðjur og glæponar í París

**Horft aftur til fortíðar á tískusýningu Dior-tískuhússins.**

Augljós áhrif frá film noir eða rökkurmyndum mátti greina á sýningu Dior á tískuvikunni í París á dögunum. Brugðið var á leik með ljós og skugga þar sem sýningarstúlkur stigu fram úr skugganum eins og tálkvendi þessarar langlífu kvikmyndagreinar; leggjalangar, stífmálaðar og gjarnan í aðsniðnum klæðnaði og áberandi skóm til að undirstrika kynþokkann og um leið hættulegt eðlið. *- rve*





Fagrir fótleggir fengu að njóta sín á sýningunni líkt og í noir-myndum.

Aðsniðnir kjólar og flegin hálsmál voru áberandi á sýningunni þar sem Dior tefldi fram djörfum litum í bland við svart og grátt.



Þessari snoppufríðu fyrirsætu svipar óneitanlega til leikkonunnar Veronicu Lake sem gerði garðinn frægan í rökkurmyndum á sínum tíma.
NORDICPHOTOS/AFP



Tálkvendi noir-mynda eru oft óútreiknanleg í hegðun og það var undirstrikað á sýningunni með ýmsu móti. Hvað skyldi til dæmis leynast í handtöskunni hjá þessari?

# Reglur þeirra sem vilja ganga á háum hælum

Að ganga á háum hælum er engum eðlislægt. Það tekur æfingu og tíma að komast upp á lag með að ganga á háum hælum eins og flestir vita sem horft hafa á leitina að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna. Hér eru nokkrar leiðbeiningar til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref á háhæla skóm og annarra sem vilja bæta göngulagið.

1. Stígðu alltaf fyrst í hælinn og láttu sólann fylgja fljótt og lipurt á eftir.

2. Tærnar skulu ávallt vísa beint fram eða eins nálægt því og hægt er.

3. Sveiflaðu höndunum létt með til þess að fá sem best jafnvægi.

4. Hafðu fæturna beina og gakktu ekki gleiðfætt.

5. Taktu mjúk og jöfn skref. Jafnvel mætti stytta skrefið örlítið.

6. Reyndu að komast hjá því að ganga á ís, í krapa, drullu, grasi, sandi, möl eða á ójöfnu yfirborði. Hætta er á að skrika fótur eða að hællinn sökkvi niður. Ef þú ert í vafa er betra að fara úr skónum og halda á þeim yfir illfærar götur.



Hæfileikinn til að ganga á hælum er ekki meðfæddur.
NORDICPHOTOS/GETTY



Fyrirsætur þurfa góðan göngustíl.



Talið er að Imelda Marcos hafi eignast um 3.000 pör af skóm á lífsleiðinni.

# Söngleikur um skósafnara

Pan Asian Repertory-leikhúsið í New York frumsýndi í vikunni nýjan söngleik sem ber hinn ævintýralega titil Imelda: A New Musical, eða Imelda: Nýr söngleikur. Frá þessu er greint í Wall Street Journal.

Söngleikurinn er byggður á sögu Imeldu Marcos, fyrrverandi forsetafrú á Filippseyjum og frægasta skósafnara sögunnar.

Aðallagið í söngleiknum heitir „3.000 pör af skóm", en það er sá fjöldi sem talið er að Imelda hafi keypt af skóm um ævina. Aðalleikkonan Jaygee Macapugay, sem leikur Imeldu, notar einungis átta pör í sýningunni. Önnur tuttugu pör eru þó til taks ef ske kynni að eitthvað færi úrskeiðis. *- kg*


1.


2.


3.


4.


1. Cool Girl Design, st. 36–41
Verð 13.990,-. Fást í Focus.

2. City Shoes, st. 36–41
Verð 7.990,-. Fást í Focus.

3. Bronx, st. 36–41
Verð 34.990,-. Fást í Companys.

4. Cool Girl Design, st. 36–41
Verð 9.990,-. Fást í Focus.

NTC

1.



2.



3.



4.



1. Studio London, st. 36–41.
   Fást í gráu.
   Verð 10.995,-
2. Six Mix, st. 36–41.
   Fást í svörtu, fjólubláu, rauðu og bláu.
   Verð 15.995,-
3. Six Mix, st. 36–41
   Fást í svörtu og rauðu.
   Verð 24.995,-
4. Nike, st. 36–41
   Verð 21.995,-

skór.is



Áslaug, verslunarstjóri Skór.is í Kringlunni, segir viðskiptavini á öllum aldri sækja í verslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Strigaskór frá öllum helstu merkjunum

**„Þetta er lífsstílsbúð fyrir alla aldurshópa," segir Áslaug Karlsdóttir, verslunarstjóri Skór.is í Kringlunni. Hún er bjartsýn fyrir jólavertíðina og segir uppháa strigaskó vera það vinsælasta í dag.**

„Það má segja að ungt fólk sé stærsti hópur viðskiptavina okkar, en samt verslar hér fólk úr öllum aldurshópum," segir Áslaug Karlsdóttir, verslunarstjóri hjá Skór.is í Kringlunni. Verslunin er einnig til húsa í Smáralind.

Spurð um helstu áherslur í innkaupum segist Áslaug leggja mikið upp úr því að hafa á boðstólum strigaskó frá öllum helstu merkjunum, til að mynda Adidas, Hummel og Puma. „Strigaskórnir eru alltaf jafn vinsælir. Núna eru uppháir strigaskór, svokallaðir „high-top"-skór, vinsælastir hjá unga fólkinu. Þegar viðskiptavinir koma inn í búðina sjá þeir hreinlega heilu staflana af slíkum skóm og margir þeirra eru mjög litríkir," segir Áslaug.

Skór.is bjóða einnig upp á mikið úrval af dömustígvélum. „SixMix, sem er portúgalskt fyrirtæki, á sér stóran aðdáendahóp. Það framleiðir meðal annars afar vönduð leðurstígvél og eins loðfóðruð stígvél. Hjá okkur er líka hægt að fá ódýrari stígvél frá Studio London og þau hafa notið aukinna vinsælda að undanförnu. Það segir sig sjálft að sumir leita í ódýrari vörur þessa dagana." Áslaug hefur verið verslunarstjóri hjá Skóm.is í rúmlega eitt og hálft ár.

Hún segir starfsfólkið bjartsýnt fyrir jólavertíðina. „Við höfum tekið eftir því að fólk byrjar fyrr en áður að huga að jólainnkaupunum. Líklega skiptir meiru máli nú en áður að gera góð kaup."

Að sögn Áslaugar ber að auki helst á því að ökklaskór og platform-hælaskór séu að slá í gegn hjá kvenþjóðinni. „Vandaðir götuskór frá Skechers fyrir dömur og herra seljast líka vel. Svo eru alltaf einhverjir sem kaupa sér Crocs-skóna þægilegu. Til dæmis er upplagt að nota þá í innivinnu," segir Áslaug Karlsdóttir.



**Vinkonurnar á góðri stundu en stílistinn Patricia Field hefur umsjón með fatnaði þeirra.**

## Nýjasta tíska í aðalhlutverki

Áhugasamir um tísku bíða sjálfsagt með öndina í hálsinum eftir frumsýningu seinni Sex and the City-kvikmyndarinnar þar sem klæðnaður Carrie, Miröndu, Charlotte og Samönthu virðist ætla að verða fyrirferðarmikill sem endranær. Ef marka má myndir á netinu virðast framleiðendurnir að minnsta kosti ekki ætla að svíkja áhorfendur um vænan skammt af hátísku. Þannig hefur sést til leikkonunnar Söruh Jessicu Parker, sem fer með hlutverk Carrie Bradshaw, í sandölum frá Dior og svo háhæla skóm frá Christian Louboutin.

## Suri Cruise á háum hælum á búðarrápi

Litla stúlkan hún Suri Cruise er dæmalaust sæt og á foreldra sem þykir auglóslega sérlega gaman að klæða hana í falleg föt. Þótt hún sé aðeins þriggja ára hefur fatnaður hennar vakið eftirtekt um allan heim.

Fyrir skömmu náðust myndir af litlu elskunni á búðarrölti ásamt móður sinni Katie Holmes. Það væri þó vart saga til næsta bæjar ef sú stutta hefði ekki verið á háum hælaskóm á göngunni en slíkur skófatnaður verður seint sagður kjörinn fyrir þriggja ára hnátur.

Suri var þó ekki lengi í þeim því þegar mæðgurnar komu út úr leikfangabúð var sú yngri komin í strigaskó sem eru öllu hentugri á búðarrápi með mömmu. *- kdk*



**Lítil stjörnuhnáta á háum hælum. Suri Cruise sást nýverið í fylgd móður sinnar Katie Holmes og var þá í þessum skóm.**



Allir þekkja söguna af hinni ótrúlega léttstígu stúlku Öskubusku sem dansaði á glerskóm.



MYNDIR/NORDIC PHOTOS GETTY

Margir muna eftir að hafa lært vísu í bernsku um kerlingu í stígvéli sem hófst svona: „Ein stór og digur kerling í stígvéli bjó …“

# Galdur og ævintýri

**Skór gegna oft miklu hlutverki í ævintýrum. Stundum eru þeir þeim eiginleikum gæddir að fara sjö mílur í hverju skrefi, í sumum má búa og enn aðrir geta leitt þann sem þá dregur á fætur sér til æðstu hamingju eða til glötunar.**



Dórótea sem við þekkjum úr sögunni af galdrakarlinum í Oz gat notað skó vondrar nornar til að komast aftur heim til Kansas.



Rauðu skórnir hans H.C. Andersen. Sagan af rauðu skónum er ógnvekjandi saga af því hvernig hégómi getur villt fólki sýn og gleði snúist upp í hrylling.



Fallegar stúlkur í skóm sem geyma galdur eru algengt minni í ævintýrum rétt eins og prinsar og bræður í álögum.

# Flugfreyjuskór klikka ekki

**Elísabet Heiðdal Vilhjálmsdóttur, verslunarstjóri Kaupfélagsins í Kringlunni, spáir grófri og rokkaðri kvenskótísku í vetur.**



Elísabet segir gott skóúrval í Kaupfélaginu, en verslanir undir merkjum þess eru reknar í Kringlunni og Smáralind. „Svo má nú benda á að um þessar mundir stendur yfir útsala á vörum okkar í Smáralind og svo Kringlunni í tengslum við Kringlukast.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Í vetur verður það gróft, svart, kamelbrúnt og látlaust.“ Þannig lýsir Elísabet Heiðdal Vilhjálmsdóttir hjá Kaupfélaginu skótísku kvenna í vetur og bætir við að jafnframt verði platform-skór og „wedge“ áberandi eftir því sem Vetur konungur breiðir úr sér.

„Eiginlega má segja að tískan verði svolítið rokkuð á næstunni. Við eigum eftir að sjá eitthvað af konum í fremur grófum og uppreimuðum leðurstígvélum með rúnnaðri tá eða í svokölluðum mótorhjólaskóm, sem eru svona tveir þriðju ökklaskór,“ útskýrir Elísabet og segir að sést hafi til þekktra kvenna eins og fyrirsætunnar Kate Moss í þannig skóm að undanförnu.

Elísabet segir slíkan skófatnað henta við alls kyns fatnað. „Skórnir eru til dæmis flottir við niðurþröngar og götóttar gallabuxur. Einnig grófar sokkabuxur og prjónapeysur, en það getur komið vel út og sérstaklega á eldri konum, sem eiga að vera ófeimnar við að vera rokkaðar. Þær eru það nú oft enda stunda konur á öllum aldri viðskipti við okkur.“

Elísabet segir að þótt grófir skór verði áberandi, til dæmis í merkjum eins og Bullboxer, verði ýmislegt fleira á boðstólum hjá Kaupfélaginu. „Til dæmis dömulegir skór frá Fantasy, sem eru notaðir við fínni tækifæri. Eða falleg stígvél frá hinu sænska Vagabond, en frá því fyrirtæki fáum við einnig gott úrval af grófum skóm.“ Hún bætir við að eins fáist ódýrir og vandaðir skór frá Studio London, Studio 56 og fleirum.

En hvers konar skór hitta alltaf í mark? „Alltaf er gott að eiga par af flugfreyjuskóm, þessa látlausu með lokuðu tánni. Hjá okkur fást slíkir skór í Logo 69-línunni úr smiðju íslenska hönnuðarins Mörtu Johnson. Þeir eru með sex og tíu sentimetra hælum, fáanlegir í mörgum litum og ganga við nánast hvað sem er.“


1.



2.



3.



4.



1. Fantasy, st. 36–41.
   Fást í svörtu.
   Verð 34.995,-
2. Gladiator, st. 36–41.
   Fást í appelsínugulu, svörtu og snake.
   Verð 17.995,-
3. Studio London, st. 36–41.
   Fást í svörtu.
   Verð 10.995,-
4. Vagabond, st. 36–41.
   Fást í Camel.
   Verð 24.995,-

Kaupfélagið

1.



2.



3.



4.



1. Bianco – leðurstígvél
Verð 34.900,-
2. Bianco – leðurstígvél
Verð 21.900,-
3. Bianco – leðurskór
Verð 19.900,-
4. Bianco – leðurstígvél
Verð 31.900,-

BIANCO.® FOOTWEAR




Gráir ökklaskór, reimaðir hermannaskór og kóngabláir hælaskór eru meðal þess sem finna má í Bianco þessi misserin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grár litur aftur í tísku

**Unnur Lára Bryde, annar af aðaleigendum skóverslunarinnar Bianco, segir margt spennandi að gerast í skótísku vetrarins. Hælaskórnir eru með þykkari hælum og rúnnaðri tá og lágbotna stígvél og skór eiga upp á pallborðið. Þórunn Sigurðardóttir á og rekur Bianco með Unni Láru.**

„Flatbotna stígvél, sem ná upp yfir hné, eru mjög mikið í tísku og almennt virðist mikill spenningur fyrir lágbotna skóm,“ segir Unnur Lára. „Ökklaskór eru líka mjög vinsælir og hælarnir eru þykkari og breiðari en áður og eitthvað er að koma af hælum úr filterefni í stígvélunum. Mjög mikið er um hælaskó sem eru með þykkum botni undir táberginu en almennt eru tærnar rúnnaðri nú þótt þær séu ekki breiðar.“

Litir vetrarins eru svartur, eins og endranær, en sérstaka eftirtekt vekur grár sem er mjög áberandi, ekki hvað síst í ökklaskóm, að sögn Unnar Láru. „Með gráum og svörtum eru svo brúnir tónar í stígvélum og kuldaskóm. Spariskórnir eru í skemmtilegum litum í ár, svo sem kóngabláum og eldrauðum en í kringum jólin munum við svo sjá meiri glamúr, svo sem pallíettur, gull og silfur og skraut á skónum.“

Satín er að sögn Unnar Láru áberandi í spariskónum og mikið um að þeir séu bundnir að framan með reimum sem eru þræddar í göt.

„Við erum aftur að sjá reimaða hermannaklossa, grófari gerðir af kuldaskóm, og til að mynda erum við með æðisleg ljósbrún kuldastígvél með rauðappelsínugulum rennilás. Ekki má gleyma því að Bianco er einnig með mikið af töskum, klútum og skarti á góðu verði, sem er tilvalið í jólagjafir og tækifærisgjafir. Það er mjög gott verð á stærri töskum hjá okkur sem er bæði hægt að nota í skólann og sem tölvutöskur.“

Unnur Lára bendir á heimasíðu Bianco, www.bianco.com, þar sem finna má allar vörur sem Bianco framleiðir. „Bianco-fyrirtækið er eins og ein stór fjölskylda og við höfum fundið fyrir því eftir að kreppan skall á. Bianco úti hefur aðstoðað okkur við að halda verðinu niðri og við finnum fyrir ótrúlegum velvilja og hjálp. Það er óvenjulegt að jafnstórt fyrirtæki sé jafn persónulegt og notalegt í samskiptum. Og það skilar sér til viðskiptavinanna.“

# Gerði góð kaup á Ítalíu



Marta María er fagurkeri af guðs náð og ekki kölluð Marta smarta fyrir ekki neitt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Einu sinni lagði ég mikla áherslu á að skórnir litu sem best út og þótti skilyrði að þeir væru með háum hæl,“ segir Marta María Jónasdóttir, fagurkeri og blaðamaður á pressan.is. Marta á tvo drengi og er sá yngri aðeins þriggja mánaða. Hún segist því ekki gera kröfu um að hvert einasta skópar sem hún eignast sé með háum hæl um þessar mundir. Það sé bara full erfitt að sjá um lítil börn á háum hælum. Hún er þó ekki af baki dottin þegar kemur að smartheitum enda ekki kölluð Marta smarta fyrir ekki neitt. „Skvísugangurinn verður að víkja annan hvern dag eða svo fyrir praktískum áherslum,“ segir hún galvösk.

Marta segir að miklu máli skipti að hugsa vel um skóna sína. Því fari hún reglulega með þá skó sem henni eru kærir til skósmiðs og láti lappa upp á þá. Hún bendir líka á að það geti verið dýrt að spara og gott sé að hafa gæðin í fyrirrúmi þegar keyptir eru skór til að ganga í hversdags, jafnvel þótt þeir séu í dýrari kantinum. Inn á milli sé svo hægt að kaupa ódýrari skó sem séu akkúrat í tísku þá stundina.

„Þegar ég hef farið til Ítalíu hef ég lagt á mig langt ferðalag til að komast í útsölumarkaði Prada og Gucci. Ég rata ekki mikið þar í landi en ég veit nákvæmlega hvernig á að komast á þessa staði,“ segir hagsýna húsmóðirin og skellir upp úr. „Einu sinni manaði ég vinkonu mína til að leigja með mér bíl svo við kæmumst á þessa markaði. Við keyrðum í marga klukkutíma til þess eins að kaupa skó og föt,“ segir hún og játar að þótt hún vilji eiga fallega skó og föt sé hún svolítið nísk. *- kdk*



Marta María á orðið dágott safn af flottum skóm sem henni eru mjög kærir.


Skleggings gæti þessi sérstæða samblanda af skóm og leggings kallast.


Þessa skó sýndi Bong í París fyrr á árinu en þeir tilheyra haust- og vetrarlínu kappans. NORDICPHOTOS/GETTY


Á sýningunni mátti greina viss áhrif frá sjötta áratugnum eins og sést af þessum skemmtilegu skóm og veski í stíl.

# Fljúgandi furðuhlutir

**Súrrealísk stemning ríkti á sýningu kóreska fatahönnuðarins Lie Sang Bong í París.**

Seint verður sagt að kóreski fatahönnuðurinn Lie Sang Bong feti troðnar slóðir, eins og bersýnilega kom í ljós þegar hann sýndi vor- og sumarlínu sína í París fyrir skemmstu. Silfraður og hvítur klæðnaður, framúrstefnuleg höfuðföt og sérstæðir skór voru þar áberandi. *-rve*


Hvítir og támjóir skór í stíl við topp og niðurþröngar buxur.

E.T. go home. Þessi hattur minnir einna helst á fljúgandi furðuhlut.

Bong notaði bronsaða og gyllta tóna í haust- og vetrarlínunni en hefur nú snúið blaðinu við með hvítum og silfruðum.

# Skór sem henta íslensku veðri og venjulegu fólki

**Í Eurosko-Skóhöllinni í verslunarkjarnanum Firðinum í Hafnarfirði má sjá skýrt dæmi um hve vel getur tekist til þegar Íslendingar og Norðmenn taka höndum saman. Hafnfirsku hjónin Vigdís Grétarsdóttir og Helgi Rúnar Gunnarsson keyptu skóverslunina fyrir um fjórum árum og bjóða þar upp á gæðaskó frá norsku skókeðjunni Eurosko, allt frá fyrstu sporum til þeirra síðustu.**


Vigdís í Eurosko-Skóhöllinni leggur áherslu á klassík, gæði, þægindi og gott verð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við höfum alltaf haft þægindin í fyrirrúmi," segir Vigdís. Sú fullyrðing á ekki aðeins við um þá áherslu þeirra hjóna á að skórnir fari sem best á fæti heldur einnig þá áherslu sem þau leggja á að verðið komi sér ekki óþægilega fyrir viðskiptavini þeirra. „Við leggjum áherslu á að bjóða upp á sem vandaðasta skó á sem viðráðanlegustu verði," segir Vigdís.

Þar sem Norðmenn þekkja rysjótt veðurfar nokkuð vel líkt og Íslendingar henta skópörin í Eurosko-Skóhöllinni íslensku veðurfari betur en oft er með skó sem framleiddir eru í hlýrri heimshlutum. Flestir eru skórnir úr leðri en Vigdís segir að ákveðið hafi verið að taka inn fleiri skó úr gerviefnum en tíðkast hefur. Lágt gengi krónunnar hafi spilað inn í þá ákvörðun en einnig sú staðreynd að gerviefni sem notuð eru í skó eru allt önnur og betri en þau sem áður voru notuð. Oft á tíðum sé erfitt að átta sig á því hvort um leður eða gerviefni sé að ræða, svo mikil séu gæðin orðin.

Eurosko-keðjan var stofnuð árið 1982 og er stærsta skókeðja á Norðurlöndum og ekki að ástæðulausu. Rekstur þar sem lögð er áhersla á klassík, þægindi, gæði og verð við hæfi venjulegs fólks gengur venjulega vel þótt kreppt geti að í erfiðu árferði. Segir Vigdís tískuna í ár einkennast af áherslu á að fólk geti notað skóna við sem flest tilefni. Fólk hafi ekki áhuga á því að kaupa sér skó sem það er ekki visst um að koma til með að nota mikið. Notagildi og smekklegheit séu einkunnarorð hversdagsins og það sé einmitt það sem Eurosko-Skóhöllin vilji bjóða upp á.

1.

2.

3.

4.


1. Chilli st. 36–41
Verð 13.995,-

2. Softwalk st. 36–41
Verð 15.995,-

3. Softwalk st. 36–41
Verð 14.995,-

4. Gino Venturi st. 36–41
Fást einnig í svörtu
Verð 15.995,-

EUROSKO



Mikill vöruskortur var í seinni heimsstyrjöldinni og þá tóku konur upp á því að endurnýta fatnað og fylgihluti.

**● SKÓNOTKUN HÓFST FYRIR ÞÚSUNDUM ÁRA** Elstu skór sem vitað er um eru frá 8.000 til 7.000 f.Kr. og fundust í Oregon í Bandaríkjunum árið 1938. Þó telja sumir, og þeirra á meðal mannfræðingurinn Erik Trinkaus, að skónotkun hafi hafist fyrr, jafnvel fyrir 40.000 árum. Helstu rök Trinkaus eru að á því tímabili hafi tábein manna þróast og minnkað, en sannanir eru fyrir því að hið gagnstæða gerist þegar menn ganga um berfættir.



Dæmigerðir miðaldaskór.

**● VISSIR ÞÚ AÐ...** Í Mið-Austurlöndum, sumum Afríkuríkjum, Kóreu og Taílandi þykir dónalegt að sýna iljarnar. Annars staðar, til dæmis á Indlandi, þykir skókast versti dónaskapur. Á Taílandi þykir það jafnframt mesta móðgun ef fótur, sokkur eða skór snertir höfuð. Skemmst er að minnast þess þegar blaðamaðurinn Muntadhar al-Zaidi henti skó sínum í George W. Bush Bandaríkjaforseta. Al-Zaidi var ákærður fyrir að vanvirða erlendan þjóðhöfðingja og dæmdur til priggja ára fangelsisvistar. Hann var hins vegar látinn laus í september vegna góðrar hegðunar.



# Galdurinn var að endurnýta

Konur hafa í gegnum tíðina gripið til ýmissa ráða til að huga að útlitinu. Í vöruskortinum sem fylgdi síðari heimsstyrjöldinni var til dæmis galdurinn að endurnýta sem mest.

Sem dæmi um það voru gamlir skór málaðir, skór sólaðir með korki, tré eða bíldekkjum, stálkantar voru settir á tá og hæla, skóáburður var notaður sem fótleggjalitur, vasaklútar og gömul sængurver nýtt í undirfatnað og gömul gluggatjöld eða áklæði notuð í fatnað.



Þá var herrafatnaði oft breytt í dömufatnað. Frökkum var til dæmis breytt í hálfsíða kvenjakka, pils eða barnakápur. Jakkar urðu að dragtarjökkum, fóðruðum með dagblöðum og svo framvegis. *Heimild: visindavefur.is*

# Góð ráð um skó

Ekki gera ráð fyrir því að þú munir nota sama skónúmer ævina á enda. Meðganga, þyngdarbreytingar og lífið sjálft getur valdið því að skóstærðin breytist. Fæturnir vaxa ekki eins og þeir gerðu þegar þú varst barn en þeir geta lengst vegna breytinga á liðböndum, ekki síst eftir að komið er yfir fertugt og fimmtugt.

**● 1.** Mundu svo að skóstærðir eru breytilegar. Þótt þú notir yfirleitt stærð 38 er oft mikill munur eftir því frá hvaða framleiðanda skórnir koma.

**● 2.** Börn vaxa hratt og því er gott að miða við að þú komir þumli aftan við hælinn eftir að barnið er komið í skóinn.

**● 3.** Best er að máta skó seinni part dags. Þá er fóturinn ögn þrútnari en hann er snemma dags og minni líkur eru á að þú kaupir skó sem þig á eftir að verkja undan.

**● 4.** Það er ekki ófrávíkjanleg regla að skór séu betri eftir því sem þeir kosta meira. Þú getur fengið góða skó á góðu verði.

**● 5.** Ef þér líður ekki vel í skóm sem þú mátar skaltu ekki kaupa þá.






## Til sölu

# Tveir Gullmolar



Til sölu glæsilegur ww.Golf árg. 2/2007. Svartur, 5.dyra, 5 gíra, 1,6 l. sport með álfelgum, sóllúgu, sportinnréttingu, sumar og vetrardekk. Ekin aðeins 21 þús. Km. Sem nýr bíll á góðu verði: **2,250,000,- Bein sala, engin skipti. Möguleg allt að 100% fjármögnun fyrir traustan aðila.**



Til sölu glæsilegt svo til ónotað Yamaha Midnight star 1900 cc. Mótorhjól/hippi. Árg. 9/2006. Með fullt af aukakrómi, framrúða og Sissibar (bak fyrir farþega) fjarlægjanlegt og ásetjanlegt með einu handtaki. 103 hestöfl. Vínrautt. Ekið aðeins 900 km. **Verð aðeins 1,9 millj. Bein sala.**

**Frábær kaup fyrir nær ónotuð tæki á góðu verði.**
**Uppl. Í síma: 896-5222.**

## Fasteignir

# FASTEIGNAMIÐLUN VESTURLANDS



**Aðalvík, Hvalfjarðarsveit, spilda úr landi Galtavíkur.** Heilsárshús, 125 fm, 3 svefnherbergi, gert ráð fyrir 53 fm bílskúr/gestahúsi. Staðsett c.a. 12 mín frá Akranesi. Glæsilegt útsýni. Ath. Skipti á ódýrari eign. Möguleiki að fá land með húsinu.
**Nánari upplýsingar á fastvest.is**

SOFFÍA MAGNÚSDÓTTIR
LÖGGILTUR FASTEIGNA- OG SKIPASALI
KIRKJUBRAUT 40
300 AKRANES
SÍMI: 431 4144 – 846 4144
www.fastvest.is

## Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kóp.
Cafe Catalina
S: 554-2166

# Tónleikar
# Leó leikur írska tónlist

**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**

Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð

Boltinn í beinni!

## Atvinna

### LÖGFRÆÐINGUR ÓSKAST - AÐSTOÐ

Lögfræðingur óskast í verkefni til lengri eða skemmri tíma. Vinnutími er mjög sveigjanlegur. **Allar upplýsingar gefur Lúðvík Gizurarson hrl í síma 551 7677**

### ATVINNUTÆKIFÆRI

Öll helstu tæki til reksturs Kleinu, kleinuhringja og Rúgbrauðsgarðar til sölu.
**Upplýsingar í síma 869-0345**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Textílkennari

**Hvaleyrarskóli** (565 0200/664 5893 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Vegna forfalla vantar textílkennara til áramóta.
Allar upplýsingar veitir skólastjóri, Helgi Arnarson.

**Víðistaðaskóli** (595 5800/664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Vegna forfalla vantar kennara á yngsta stig í 8 vikur á haustönn.

**Öldutúnsskóli** (555 1546/664 5896 herla@oldutunsskoli.is)
Skólaliði óskast sem fyrst (100%)
Allar upplýsingar veitir skólastjóri, Erla Guðjónsdóttir

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

## Fasteignir



Eignatorg Sími 510 3500
Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 89,3 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli.
Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með flísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús.

**Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**






Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

# Geymslugámar!




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Kol ehf

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 eða kol@kol.is

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
óska eftir starfsfólki í hlutastarf. Kvöld og helgarvinna. **Sækja þarf um á www.keiluhollin.is Ferilskrá og mynd óskast með.**

**Atvinna Atvinna**
**Starfsmenn óskast í 100% vinnu við almenn verslunarstörf. Upplýsingar gefur Eyþór í síma 820-8001 eða á staðnum Rúmfatalagerinn Korputorgi.**

Viltu fá greitt fyrir að prófa og spila leiki eins og WOW?
http://tinyurl.com/ydablzm

Sölufulltrúi Söludeild Kreditkorts leitar að drífandi sölufólki í í símasölu í fullt starf og hlutastarf um kvöld og helgar. Leitað er að söludrífandi einstaklingum með óbilandi kraft og áhuga á að ná góðum árangri. Umsóknir sendist á starf@kreditkort.is

2. stýrimann vantar á línuskipið Ágúst GK 95 sem gerður er út frá Grindavík. Upplýsingar á skrifstofu Þorbjarnar í síma 420 4400.

Zatrudnie samodzielnych, niepalacych kucharzy i kelnerki z komunikatywna znajomoscia jezyka angielskiego. Tel. 845 6447.

Starfskraftur óskast á kúabú á suðurlandi. Upplýsingar í síma 4876576 milli kl. 12-13 og eftir kl. 21.

### Atvinna óskast

Kona óskar eftir vinnu við umönnun eða svipað. Hef mikla reynslu og menntun. Uppl. í síma 861-1310

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

www.islendingasetrid.com íslensk stefnumótasíða með vinsælustu fítusunum af facebook.

## Tilkynningar

# Bíladagar Fréttablaðsins!



**Þarftu að kaupa, selja eða skipta?** Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

**Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr., texti og mynd.**

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

Bíladagar – markaðstorg með bíla

# Ljósleiðarinn – fyrri hluti

UMRÆÐAN
Birgir Rafn Þráinsson skrifar um ljósleiðaravæðingu


BIRGIR RAFN ÞRÁINSSON

Gagnaveita Reykjavíkur var stofnuð í ársbyrjun 2007 sem fjarskiptafyrirtæki og starfar sem slíkt undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Gagnaveitan er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og því veitufyrirtæki í almannaeigu.

Gagnaveitan tók yfir alla fjarskiptastarfsemi og tilsvarandi eignir Orkuveitunnar, þ.m.t. allt grunnnet ljósleiðaralagna sem lagt hefur verið frá árinu 1999. Í fyrstu var ljósleiðaranetið lagt til fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu en árið 2004 var ákveðið að bjóða heimilum að njóta þeirra gæða sem í ljósleiðaranum felst. Ljósleiðaranetið er nú notað af þúsundum heimila og hundruðum fyrirtækja dag hvern.

**Ljósleiðaravæðing heimila**

Fyrir framsýni Reykjavíkurborgar var Orkuveitu Reykjavíkur falið það verkefni að leggja ljósleiðara til allra heimila höfuðborgarinnar og víðar á þjónustusvæði Orkuveitunnar. Með ljósleiðara inn í hvert heimili skapast gnægð bandvíddar með tilheyrandi lífsgæðum fyrir íbúa. Um ljósleiðarann skal rekið opið net aðgengilegt öllum þeim sem veitt geta þjónustu og þar með stuðlað að aukinni samkeppni í fjarskiptaþjónustu.

Ljóst var strax í upphafi að framkvæmdir við uppbygginguna yrðu umfangsmiklar, verkefnið tæki nokkur ár og stofnkostnaður yrði talsverður. Langtíma ávinningur yrði þó enn meiri.

**Þróun erlendis**

Nálgun Reykjavíkurborgar er ekkert einsdæmi. Þvert á móti hafa sveitarfélög víða um heim, ekki síst í nágrannalöndum okkar, áttað sig á að dreifikerfi fyrir háhraða gagnaflutninga eru jafn mikilvægir innviðir í nútíma samfélagi og veitur á borð við rafmagnsveitu, vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu. Þau hafa því sjálf, eða veitufyrirtæki í þeirra eigu, byggt upp og hafið rekstur á gagnaveitum. Mörg lönd, Norðurlönd þar á meðal, eru vel á veg komin með slíka uppbyggingu og hefur verkefni Gagnaveitunnar komið Íslandi á kortið sem framsýnum brautryðjanda nýrra tíma hvað gagnaflutninga varðar.

**Heildsala á samkeppnismarkaði**

Það sem fáir virðast vita er að Gagnaveitan gegnir mikilvægu heildsöluhlutverki fyrir fjarskipta- og gagnaflutningsmarkaðinn. Með heildsöluhlutverki sínu hefur Gagnaveitan haldið samkeppni á fyrirtækjamarkaði lifandi, enda er raunin sú að allir stærstu samkeppnisaðilar Símans, s.s. Vodafone, Nova og Tal, nýta ljósleiðarakerfi Gagnaveitunnar til að bjóða þjónustu sína, hvort heldur er um að ræða GSM, 3G, ADSL eða gagnaflutning til fyrirtækja. Í þessu ljósi er ekki skrítið þó að Síminn hafi horn í síðu Gagnaveitunnar.

Fjarskiptamarkaðurinn er samkeppnismarkaður. Gagnaveitan er þó ekki í samkeppni um sölu á notendaþjónustu, heldur í uppbyggingu og rekstri á innviðum sem gera öðrum kleift að bjóða slíka þjónustu. Enginn annar aðili býður upp á eða hefur áform um að bjóða upp á ljósleiðaratengingar til tugþúsunda heimila á þjónustusvæði Gagnaveitunnar.

Þjónustuaðilar sem veita þjónustu sína um netið keppa um hylli viðskiptavina á grundvelli þjónustu sinnar á meðan Gagnaveitan sér aðeins um uppbygginguna og rekstur netsins. Lengi vel töldu fjarskiptafyrirtæki nauðsynlegt að eiga sín eigin fjarskiptakerfi að öllu leyti, en það hefur nú breyst. Þau tengjast nú heimilum um samnýttan miðlægan netbúnað sem lágmarkar fjárfestingar þeirra og áhættu í búnaði og tæknilausnum. Með þessu auðveldar Gagnaveitan innkomu nýrra aðila og lágmarkar upphaflega fjárfestingu þeirra og aðrar aðgangshindranir. Hér er á ferðinni opið net fjarskipta sem stuðlar að aukinni og heilbrigðari samkeppni.

**Hvenær sér Síminn ljósið?**

Þrátt fyrir að Vodafone, Tal og Hringiðan sjái sér hag í að bjóða heimilum þjónustu sína um ljósleiðara Gagnaveitunnar kemst Síminn ekki að sömu niðurstöðu og leggur áfram áherslu á þjónustu um koparlínurnar. Heimili sem taka ljósleiðarann í notkun geta því ekki keypt þjónustu Símans og er það miður. Gagnaveitan myndi fagna þjónustu Símans á ljósleiðaranum.

*Ljóst var strax í upphafi að framkvæmdir við uppbygginguna yrðu umfangsmiklar, verkefnið tæki nokkur ár og stofnkostnaður yrði talsverður.*

Ástæðuna segir forstjóri Símans, í grein í Morgunblaðinu 24. september sl., vera þá að útreikningar hans sýni að hagkvæmara sé að byggja á núverandi lausnum Símans og þeim framtíðarlausnum sem hann býr yfir. Hvernig getur það að fara í enn frekari fjárfestingar í ADSL-tækni um koparlínur sem duga í takmarkaðan tíma verið hagkvæmara en að leigja aðgang að framtíðarlausn? Staðreyndin er sú að kostnaður við að setja skammlífan búnað á úreltar koparlínur aftur og aftur er ekki lítill og getur orðið margfalt stofnverð ljósleiðarans þegar til lengri tíma er litið.

Í sömu grein fullyrðir forstjóri Símans að „hinn almenni neytandi finnur í dag ekki mun á því hvers konar strengur tengir heimili hans við umheiminn“. Hafi hinn almenni neytandi haft tækifæri til að tengjast Internetinu um ljósleiðara á sama tíma og horft er á sjónvarpið og mynd af myndleigunni, fullyrði ég að hann mun aldrei snúa til baka í ADSL. En hafi hann aldrei haft tækifæri til þess veit hann ekki hvers hann fer á mis, ekki fremur en sá sem aðeins hefur keyrt gamla malarvegi og aldrei kynnst hraðbrautum.

Síminn vill viðhalda gömlu malarvegunum sem lengst og beita vegheflinum á þá annað slagið til að bæta aðeins mögulegan hámarkshraða. Síminn og Míla hafa engin áform um að leggja ljósleiðara í eldri hverfi og því myndu þau sitja uppi með koparlínur ef ekki væri fyrir ljósleiðara Gagnaveitunnar.

Gagnrýni Símans á ljósleiðara Gagnaveitunnar snýst nefnilega ekki um eignarhald Gagnaveitunnar heldur fyrst og fremst um það að stöðva ljósleiðaravæðinguna til að viðhalda einokun þeirra á gamla grunnetinu.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur.*

CINTAMANI
OG
KRABBAMEINSFÉLAGIÐ



fyrir allar dætur
ömmur - mömmur - systur - vinkonur - frænkur ...



10% af hverri seldri bleikri Jónu og Jónínu
peysu á timabilinu 8 okt til 15 okt
rennur til stuðnings leitarstarfi
Krabbameinsfélagsins

SPJARAÐU ÞIG

ÚTILÍF
CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVIK, S. 517 8088
CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805
SPORTVER



*Ástkær móðir mín,*

**Ólafía Guðrún Blöndal (Lóa)**

Hverafold 27,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 1. október sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 12. október kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Anna María Hákonardóttir Blöndal**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elínborg Þuríður Magnúsdóttir**

Gullsmára 7, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 29. september. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 9. október kl. 13.00.

**Jóhannes Pétursson** **Þuríður Ingólfsdóttir**
**Sólborg Anna Pétursdóttir** **Þórður Friðriksson**
**Magnús Rúnar Pétursson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Hvammdal Sigurðsson**

veðurfræðingur,

er andaðist mánudaginn 5. október, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. október kl. 13.00.

**Guðrún Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Bill Jenkins**
**Helga Gunnarsdóttir** **Val Bracey**
**Ásta Kristín Gunnarsdóttir** **Oddur Björnsson**
**og barnabörn.**

*Elskuleg systir okkar, frænka og vinkona,*

**Kristjana A. Johnsen**

lést þriðjudaginn 6. október að hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, Reykjavík. Útförin verður auglýst síðar.

**Gerd Inga og Johnny**
**Anna Lisa og Svein**
**Unnar**
**Hrafnhildur, Þorleifur**
**og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Jóns Jóhannssonar**

frá Hlíð í Ólafsfirði, Skógarhólum 29a, Dalvík.

**Jóna Berg Garðarsdóttir**
**Rósa María Sigurðardóttir**
**Friðjón Sigurðsson** **Lára Steina Konráðsdóttir**
**Gunnlaug Ósk Sigurðardóttir**
**Sigurbjörg Helga Sigurðardóttir**
**Hanna Gerður Sigurðardóttir**
**og afabörnin.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma **512 5000.**

**JESSE JACKSON ER 68 ÁRA Í DAG.**

*„Stóratburðir gerast á litlum stöðum. Jesús Kristur fæddist í Betlehem. Jesse Jackson fæddist í Greenville.“*

***Jesse Jackson hefur um árabil barist fyrir réttindum blökkumanna í Bandaríkjunum og margoft sóst eftir útnefningu Demókrataflokksins sem forsetaframbjóðandi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 8. OKTÓBER 1977**

## *Málflutningi lauk*

Á þessum degi árið 1977 lauk 29 klukkustunda málflutningi í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Upphaf málsins má rekja til hvarfs Geirfinns Einarssonar 19. nóvember 1974. Seinna meir blandaðist hvarf annars manns inn í málið, Guðmundar Einarssonar.

Fjögur ungmenni voru hneppt í gæsluvarðhald og höfð í haldi svo mánuðum skipti. Meðferð á sakborningum var umdeild og Þjóðverjinn Karl Schütz, sem var fenginn til að stýra rannsókn málsins, lýsti því yfir að meðferð þeirra hefði minnt sig á blómatíð nasismans.

Dómur féll í Hæstarétti árið 1980 og voru ungmennin fundin sek. Játningar sínar drógu þau síðar til baka og reyndi Sævar Cieselski að fá málið tekið upp aftur, árið 1996, án árangurs. Sérstaka athygli vakti á þeim tíma að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, hvatti til endurupptöku málsins.



**HEIÐARSKÓLI:** FAGNAÐI TÍU ÁRA AFMÆLI SÍNU MEÐ POMPI OG PRAKT

# Sex ára Rúni Júl tók lagið

„Þetta er búinn að vera mjög skemmtilegur dagur, við brutum hann upp að mestu leyti og breyttum út af hefðbundnu skólastarfi,“ segir Gunnar Þór Jónsson, skólastjóri Heiðarskóla í Reykjanesbæ, en skólinn fagnaði tíu ára afmæli sínu í gær.

Hátíðahöldin hófust með því að nemendur smíðuðu eins konar ísmolaskúlptúr á hringtorginu við skólann. Hver nemandi kom með eigið ísmolalistaverk í púkkið, og höfðu margir skreytt molana sína með matarlit, gróðri eða jafnvel leikföngum.

Því næst föðmuðu nemendur og starfsfólk skólann sinn með því að mynda utan um hann keðju.

Þá tók við skemmtidagskrá í íþróttahúsi skólans, þar sem viðstaddir sungu afmælissönginn, horfðu á danssýningu nemenda og fylgdust með ljóðagjörningi. Þá vakti tónlistaratriði tveggja drengja í sex ára bekk óskipta athygli, en þeir tóku lagið Mýrdalssandur sem GCD gerði frægt. Annar drengjanna deilir einmitt nafni með öðrum forsprakka þeirrar sveitar, Rúnari Júlíussyni. Framlag félaga hans, Hrannars Albertssonar, þótti ekki síðra.

Auk þess var nýr skólasöngur valinn úr tillögum sem borist höfðu í samkeppni þar um. Verðlaunalagið var frá Bryndísi Jónu Magnúsdóttur, kennara við skólann, og heitir Skólinn á Heiðinni.

Að því loknu var blásið til hádegisverðar og síðan tók við hefðbundið skólastarf, það er þangað til nemendur fengu skúffuköku og mjólk í tilefni dagsins.

Gunnar Þór hefur starfað við skólann frá stofnun hans árið 1999. Fyrst var hann aðstoðarskólastjóri en tók við skólastjórastarfinu árið 2001. Hann segir skólastarfið hafa þróast allt frá upphafi. Reynt sé að leggja áherslu á listir og verkkennslu, og í skólanum sé góður andi og mikil jákvæðni einkenni hópinn.

En ætlar hann að vera við skólann í tíu ár enn? „Ég lofa því nú ekki, ég er orðinn háaldraður maður.“ segir hann og hlær, ekki nema 57 ára gamall. „En ætli maður verði ekki eitthvað lengur,“ bætir hann síðan við.

**stigur@frettabladid.is**



**ÍSMOLAVERKIÐ** Krakkarnir mættu með heimatilbúin ísverk og stöfluðu þeim á miðja umferðareyjuna. Ekki er vitað hve marga lífdaga verkið á eftir. MYND/HEIÐARSKÓLI



*Útför ástkærs eiginmanns míns og föður okkar,*

**Friðriks Árna Kristjánssonar**

Túngötu 23 Tálknafirði,

fer fram frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 10. október kl. 14.00. Jarðsett verður í Bíldudalskirkjugarði.

**Nanna Júlíusdóttir, börn og fjölskyldur.**



*Frændi okkar,*

**Baldur Steinbach**

Skjóli v/Kleppsveg, áður til heimilis að Skeljagranda 8, Reykjavík,

lést 24. september sl. Útför hans fer fram í kyrrþey.

**Margrét Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, stjúpföður og sonar,*

**Ágústs Björns Hinrikssonar**

Norðurvangi 34, Hafnarfirði.

**Margrét Hildur Steingrímsdóttir**
**Örn Ingi Ágústsson** **Hildur Ársælsdóttir**
**Hinrik Þór Ágústsson** **Hulda Magnúsdóttir**
**Íris Tinna Margrétardóttir**
**Þorsteinn Bjarni Viðarsson**
**Hinrik V. Jónsson** **Hulda Magnúsdóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórir Daníelsson**

frá Bjargshóli, Miðfirði,

sem lést á Landspítalanum miðvikudaginn 30. september sl., verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 9. október kl. 13.00.

**Margrét Þórisdóttir** **Magnús Jónsson**
**Daníel Þórisson**
**Helgi Þórisson** **Ingibjörg Þorkelsdóttir**
**Alexander Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# BÓKA LAGERSALA




Opið alla daga 11–19, nema fimmtudaga 11–21. ATH. Lokaútkall lagersölunnar!

## Lokaútkall lagersölunnar!
## Risamarkaður Forlagsins
# Fiskislóð 39

**Verið velkomin á nýja staðinn!**

**Opið** til kl. 21 í kvöld!
**2 fyrir 1** af völdum titlum

Öll börn sem koma á markaðinn fá bókina *Undraheimar Rómar í nýju ljósi*

Yfir 3.000 titlar
**Lokaútkall** lagersölunnar!

83% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Bert og Heman Hunters og Bert og kalda stríðið
**990 kr.**
verð áður 5.980

74% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Góða nótt, Einar Áskell og Svei-attan, Einar Áskell
**1.290 kr.**
verð áður 4.980

**2 FYRIR 1**
Himingeimurinn
Mannslíkaminn
**1.790 kr.**
verð áður 6.080
ATH aðeins 50 eintök í boði

83% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Myrká - innbundin
Harðskafi - innbundin
**990 kr.**
verð áður 5.980

83% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Dauði trúðsins - innbundin
Blátt tungl - innbundin
**1.490 kr.**
verð áður 8.706

80% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Kafteinn Ofurbrók og kamraborgargaurarnir og Kafteinn Ofurbrók og líftæknilega horskrímslið
**990 kr.**
verð áður 4.980

88% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Annað tækifæri - innbundin
Þriðja gráða - innbundin
**990 kr.**
verð áður 5.980

83% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Ég er ekki dramadrottning
Einu sinn var drama-drottning í ríki sínu
**990 kr.**
verð áður 5.696

75% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Gyllti áttavitinn
Skuggasjónaukinn
**990 kr.**
verð áður 3.960

94% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Ruth Reginalds
Linda - ljós og skuggar
**590 kr.**
verð áður 9.348

83% afsláttur
**2 FYRIR 1**
Dauði trúðsins - innbundin
Blátt tungl - innbundin
**1.490 kr.**
verð áður 8.706

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.






NOKKUR ORÐ

Freyr Gígja Gunnarsson

# Hrunadansinn mikli

Ár er liðið frá því að Geir bað Guð að blessa Ísland. Sennilega hafði Geir horft á Bandaríkjaforseta gera slíkt hið sama þegar þeir ávörpuðu sína þjóð á örlagastundu. Eins og Bush gerði þegar Tvíburaturnarnir hrundu: „And may God bless America," sagði hann og kvaddi.

Reyndar sat forsetinn mestallan tímann í flugvél sinni, Air Force One, á meðan björgunarsveitirnar hömuðust við að bjarga mannslífum. Forsetarnir eru jú ómissandi menn.



Þessi þrjú orð kölluðu fram tilfinningu sem maður hafði aldrei kynnst áður. Einhvern hroll. Glansmyndin af Íslandi hvarf eins og dögg fyrir sólu og maður stóð sig að því að glápa inn í svarta glæsijeppa í þeirri veiku von að sjá einhvern útrásarvíking. Ef það var Range Rover voru miklar líkur á að þetta væri fasteigna- eða bílasali sem vildi vera eins og hinir en ekki var verra ef ökumaðurinn tengdist bankakerfinu. Þá gat maður blótað honum í sand og ösku og fengið þannig útrás fyrir reiðina.

Ég fór aldrei og barði eldhúsáhöldin mín í byrjun þessa árs. Ég hafði einfaldlega ekki efni á því að eyðileggja þessa örfáu potta og pönnur sem fjölskyldan á. Og ég vorkenni því fólki sem lagði það á sig; innfluttar vörur hafa síður en svo lækkað á þeim 365 dögum sem liðnir eru síðan Guð hætti við að blessa Ísland, þrátt fyrir ákall foringjans, heldur kaus frekar að kalla yfir okkur Iceasave-reikninga, niðurskurð og klofna ríkisstjórn. Kannski hefði Geir átt að biðja Guð um að blessa Holland og England, þeir væru þá kannski aðeins meira „næs".

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MESTA
ÚRVALIÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4
BLAÐSÍÐUR
STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
500GB
SJÓNVARPS FLAKKARI
29.900
1TB
SJÓNVARPS FLAKKARI
34.900
500GB
500GB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR
9.990
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI
9 TÍMAR
RAFHLAÐA ENDIST Í 9 TÍMA
SPILAR ALLAR HELSTU HD MYNDIRNAR
HD
1366X768
720P HD AFSPILUN
ASPIRE one
Intel Atom Z520 1.33Ghz örgjörvi
1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
160GB 5400RPM SATA harðdiskur
11.6" CineCrystal 1366x768 LED skjár
54Mbps þráðlaust net, netkort ofl.
Glæný rafhlöðutækni allt að 9 tímar
0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
Microsoft Works ritvinnsla ofl.
Windows XP Home SP3
ONE
ACER FARTÖLVA Á TILBOÐI
79.900
Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**kl. 20.**
*Hvar mætast list og hönnun er umfjöllunarefni sem tekið verður fyrir á málþingi sem Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir í Hafnarhúsinu í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Framsögumenn eru Andrea Maack myndlistarmaður, Þorvaldur Þorsteinsson myndlistarmaður og rithöfundur, Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í grafískri hönnun við LHÍ og Margrét Elísabet Ólafsdóttir fagurfræðingur. Umræður að erindum loknum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Kreólamessan á Valhúsahæð

Á tónleikum næstu helgi flytur kórinn Fílharmonía tvö heillandi kórverk frá tuttugustu öldinni sem bæði skírskota til framandi heimsálfna. Hin vinsæla suður-ameríska messa, Misa Criolla, eftir argentínska tónskáldið Ariel Ramirez, er byggð á þjóðlegum tónlistararfi álfunnar. Kreólamessan, eða messa innfæddra, er ein fyrsta kaþólska messan í heiminum sem samin er í þjóðlegum stíl. Hitt verkið er Fjölmenningarmessa eftir sænsk-úrúgvæska tónskáldið og hljóðfæraleikarann Yamandú Pontvik, en hann sækir innblástur og efnivið í þetta fjörlega og rypmiska tónverk úr fjölmörgum áttum og vefur saman heillandi og seiðandi tónheim. Í messunni má heyra afrískan víxlsöng, austurlenskan dýrðarsöng, trúarjátningu í sænskum þjóðlagastíl, argentínska zömbu og Sanctus í Candombe-tónlistarstílnum.



**TÓNLIST** Einar og Hafsteinn syngja einsöng. MYND/FÍLHARMONÍAN

Einsöngvarar á tónleikunum eru Einar Clausen og Hafsteinn Þórólfsson en auk þess leikur fimm manna ryþmahljómsveit með kórnum, hana skipa úrvals djassistar, Gunnar Gunnarsson á píanó, Hjörleifur Valsson á fiðlu, Ómar Guðjónsson á gítar, Tómas R. Einarsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á slagverk. Tónleikunum stjórnar Magnús Ragnarsson.

Tónleikarnir eru í Seltjarnarneskirkju helgina 10. og 11. október og hefjast kl. 16 báða daga. Miðar fást í forsölu hjá kórfélögum og í versluninni 12 tónum á Skólavörðustíg. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu kórsins á www.filharmonia.mi.is.

**> Ekki missa af**

seinni flutningi verksins Náttúra eftir Hrafnhildi Hagalín sem er í kvöld kl. 22.15 á Rás 1: Einbúi í afskekktum dal verður var við að eini nágranni hans er horfinn. Hvert fór hann? Hvar er hann? Hvers vegna er hann ekki sjáanlegur lengur? Nágranninn var enginn vinur hans, samt getur einbúinn ekki á heilum sér tekið. Hann ákveður að fara og grennslast fyrir um hvarfið. Í burðarhlutverki er Erlingur Gíslason.

# Ármannsverðlaun afhent

Guðmundur Brynjólfsson, leikhúsfræðingur með meiru, hlaut í gær Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir unglingasöguna Þvílík vika, sem komin er út hjá Vöku-Helgafelli. Þetta er fyrsta skáldsaga Guðmundar en hann hefur áður hlotið viðurkenningar fyrir smásögur og leikrit.

Í sögunni segir frá einni viku í byrjun júní í lífi unglinga okkar tíma. Þrír vinir eru að ljúka grunnskóla og ætla að fagna því rækilega. En margt getur breyst á einni viku og ýmislegt fer öðruvísi en þeir höfðu ætlað.

Guðmundur Brynjólfsson er bókmennta- og leikhúsfræðingur að mennt og hefur auk þess lokið djáknanámi. Á síðasta ári sigraði hann í samkeppni Forlagsins og barnabókahátíðarinnar Draugar úti í mýri um draugasmásögur fyrir börn með sögu sinni At? Árið 2006 hreppti leikrit hans, Net, 2. sæti í handritasamkeppni Borgarleikhússins og leikrit sem hann skrifaði í félagi við Berg Ingólfsson, 21 manns saknað, var tilnefnt til Grímuverðlaunanna fyrr á þessu ári. Um þessar mundir er annað leikrit eftir þá félaga, Horn á höfði, á fjölum Grindvíska atvinnuleikhússins, sem hefur fengið mikið lof gagnrýnenda.



**BÓKMENNTIR** Guðmundur S. Brynjólfsson rithöfundur hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir unglingasöguna Þvílík vika. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensku barnabókaverðlaunin hafa fest sig vel í sessi síðan þau voru veitt fyrst 1986 og margir af okkar dáðustu barnabókahöfundum hafa unnið til þeirra. Af þeim má nefna Herdísi Egilsdóttur, Iðunni Steinsdóttur, Þorgrím Þráinsson, Brynhildi Þórarinsdóttur og Friðrik Erlingsson. Þátttakan í ár var óvenjumikil en Þvílík vika var valin úr hópi 35 innsendra handrita. Dómnefndin var skipuð fulltrúm frá Forlaginu, IBBY á Íslandi, Barnavinafélaginu Sumargjöf og erfingjum rithöfundarins Ármanns Kr. Einarssonar, auk tveggja nemenda úr Árbæjarskóla. Verðlaunaféð nemur 400.000 krónum.

Samkeppnin um Íslensku barnabókaverðlaunin er haldin á hverju ári. Skilafrestur á handritum sem keppa um verðlaunin 2010 er 1. febrúar næstkomandi. - pbb



**SYLVIA** Ljósmyndaverk eftir Katrínu Elvarsdóttur.

# Fyrir vestan sól

Í dag verður opnuð í Edinborgarhúsinu á Ísafirði sýningin HEIMA – HEIMAN en þetta er annar áfangastaðurinn á ferð hennar um landið. Sýningin Heima – Heiman var sett upp í Ljósmyndasafni Reykjavíkur haustið 2008 en höfundar hennar eru þær Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari og Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur.

Á sýningunni hittum við fyrir ólíka einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að hafa þurft að flýja heimkynni sín. Flestir vegna stríðsátaka. Sumir hafa leitað skjóls í flóttamannabúðum – aðrir hafa flúið land úr landi – en allir eiga þeir sameiginlegt að hafa að lokum komið hingað til Íslands og búið sér hér nýtt heimili.

Við skynjum brot af sögu þeirra og tilfinningum í gegnum einn einstakan hlut sem fylgt hefur þeim frá gamla heimalandinu.

Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari á að baki farsælan og fjölbreyttan feril og hefur síðan haldið fjölda einkasýninga á Íslandi, í Bandaríkjunum og í Danmörku, nú síðast í Gallerí Ágúst þar sem sýning hennar Margsaga var opnuð í ágúst síðastliðnum. - pbb

TIL HAMINGJU!

Þvílík vika eftir Guðmund Brynjólfsson hlýtur Íslensku barnabókaverðlaunin 2009




Kraftmikil unglingasaga úr samtímanum

Þrír vinir eru að ljúka grunnskóla og ætla að fagna því rækilega. En margt getur breyst á einni viku og ýmislegt fer öðruvísi en þeir höfðu ætlað.

VAKA HELGAFELL
www.forlagid.is



**MYNDLIST** Eitt verka Hallgríms af sýningunni. MYND/HALLGRÍMUR HELGASON/GALLERÍ TURPENTINE

# Útrásaruppgjörið

Í gær opnaði Hallgrímur Helgason, rithöfundur og myndlistarmaður, sýningu á nýjum verkum í gallerí á Skólavörðustíg 3, The Contemporary Art Gallery, sem höfundurinn kallar „Íslenska útrásin 2009“ og fjallar um nýbrotna sjálfsmynd hins sigurreifa Íslendings.

Hallgrímur hélt síðast sýningu í Gallerí Turpentine á olíuverkum en vendir nú kvæði sínu í kross og sýnir nú ljósmyndir í fyrsta sinn.

Höfundurinn stillir sér upp í ljósmyndaröðinni sem skotin var á suðurhveli jarðar í janúar síðastliðnum. Hún lýsir vandræðum útrásarvíkings sem seilst hefur of langt í landvinningum sínum og finnur nú afleiðingar ævintýra sinna á eigin skinni. Hér er Íslenska útrásin komin á endastöð.

En þótt sýningin lýsi ósigri og svartsýni er hún sett upp í sönnum íslenskum bjartsýnisanda. Framsetning hennar tekur um margt mið af sýningarskálum Íslands á erlendri grund. Hér eru menn ekki af baki dottnir og kynna Íslensku útrásina sem aldrei fyrr. Jafnframt varpar sýningin ljósi á hina heimsfrægu íslensku kreppu, skoðar hana í hnattrænu ljósi og spyr: Hvað er kreppa? Að eiga ekki skó eða missa jeppa? - pbb




KEMUR ÚT Í DAG!

**Útgáfufagnaður**
í Eymundsson,
Skólavörðustíg,
**í dag kl. 17.**
Allir velkomnir!
★
Tilboðsverð
aðeins **3.990**
á Glæpafaraldri
í Eymundsson.

# „HÉR KVEÐUR VIÐ NÝJAN TÓN"!



Líf Ara Þórs Arasonar tekur algjörum stakkaskiptum þegar hann fær himinháan greiðslukortareikning frá enskum banka sem hann kannast ekkert við. Reikningurinn virðist hafa átt að berast föður og alnafna Ara en hann hvarf með dularfullum hætti mörgum árum fyrr, þegar Ari var barn að aldri.

*„Bók sem erfitt er að leggja frá sér. Hér kveður við nýjan tón í íslensku glæpasagnahljómkviðunni."*
***– Ármann Jakobsson, íslenskufræðingur.***

*„Vel uppbyggð bók með spennandi ráðgátu. Flott frumraun."*
***– Guðríður Haraldsdóttir, ritstjóri Vikunnar.***

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

# Hrun frá sjónarhóli dansarans

Bókmenntir ★★★

**Ævintýraeyjan**

**Ármann Þorvaldsson**

**Þýðing:** Svanborg Sigmarsdóttir

Bókafélagið

Ævintýraeyjan kemur út í dag, íslensk útgáfa bókar Ármanns Þorvaldssonar bankastjóra, um uppgang og hrun Kaupþings. Enski titillinn, Frozen Assets, er öllu óljósari en sá íslenski, vísar líklega til snöggrar yfirtöku breskra stjórnvalda á Kaupþingsbankanum í Bretlandi, meðan hinn segir allt: hér á eyjunni gerast ævintýri: Lokaorð verksins vísa til þess að höfundurinn er reiðubúinn að taka þátt í nýjum ævintýrum.

Verkið er varnarrit fyrir athafnasemi þeirra Kaupþingsmanna og er því afar fróðleg lesning öllum þeim þúsundum Íslendinga sem lögðu Kaupþingi og strákunum þar fé. Hagur þeirra er ekkert að væflast fyrir Ármanni: hann er að gera grein fyrir vogunarríkum ferli og efast hvergi um að óslökkvandi metnaður starfsfólks Kaupþings hafi verið óbrigðilegur. Það er engin eftirsjá í söguhetjunni. Hann stillir sér reyndar upp sem ævintýramanni, einhvers konar Kolbít sem rís úr öskustó og ríður til kóngshallar á sinni Lödu, einhvers konar Hans klaufi sem fær hluta veldisins að lokum. Allur framgangur bankans og hans sjálfs er útskýrður á nótum hins persónulega: hreyfiafl sögunnar eru einstaklingar, sumir ofurmenni, eins og Davíð Oddsson. Og í þeirri lífssýn hrappsins, þess sem grípur hlutinn, tækifærið, er framgangur Kaupþings skýrður.

Ekki er hægt að hrósa höfundi fyrir stíl, Svanborg Sigmarsdóttir þýddi bókina á íslensku og hennar er því stíllinn þótt höfundur og samverkamenn hans hafi lagað frásögnina til. Sagan er rakin í nánast sögulegri röð atburða og lýtur mest að framgangi bankans eða ættum við frekar að kalla það leið hans til glötunar? Hún er mest bankasöguleg hlið mála frá sjónarhóli þess sem fixaði dílana, bríma þess sem nær í ótrúlegan hagnað í þjónkunarfé. Mest notaða klifun í stílnum er þá skálað er í kampavíni.

Ármann trúir sögu sinni sem nýju neti. Hann efast aldrei. Það er engin siðferðileg umhugsun í endurliti hans, engin játning um svig við lögmæta framgöngu. Hann er góði gæinn og allir hans meðferðarsveinar eru rosalega klárir: annað klifunarbragð sem kviknar aftur og aftur er bríminn yfir því hvað Kaupþingsgengið er klárara en allir aðrir: utan helst nýríkustu og vafasömustu pappírar í viðskiptum á Bretlandi síðustu ár. Og hvað þeir komust snjallt að orði í tilsvörum við aðra sem eru reyndar oftast ruddalegar athugasemdir til að stuða viðmælendur. Persónulýsingar eru nokkrar en fæstar án dýptar, en gefa samt glögga mynd af einstaklingi en ekki þróun á því langa tímabili sem sagan rekur. Hnyttisögur breiða yfir hið tæknilega réttlætingarstef sem verkið snýst um og eru margar skemmtilegar en hvergi meiðandi: fylliríið og hin sögufræga kókneysla í kringum túrana til fjarlægra staða en alræmdra, eins og á skemmtihafnir hinna auðugu kringum Cannes, eru ekki teknar með í þennan pakka, hvað þá mellurnar sem halda til á snekkjum ríkra kalla þar suðurfrá.




**BÓKMENNTIR** Saga Ármanns Þorvaldssonar er frekar varnarplagg en nokkuð annað en forvitnilegur vitnisburður.

Enda er Ármaðurinn góður strákur og vill vel. Það efast enginn um að hann hafi brotnað saman eftir fallið og skælt frammi fyrir sínum nánustu en í hinu stóra samhengi er sú mynd jafn væmin og vafasöm og Barnið með tárið er í myndasafni heimsins. Líklega má finna marga staði í bókinni sem gott væri að ríma við aðrar heimildir og hlutlægari. Það er yfir allri frásögn Ármanns tónn sem minnir á hið sígilda fyrirbæri heimsbókmenntanna: hinn raupsama riddara. Sáuði hvernig ég tók hann, sagði Jón sterki í Skugga-Sveini.

En saga hans er forvitnilegt framlag til þess uppgjörs um hið siðferðilega og fjárhagslega hrun íslenskra banka- og fjáraflamanna sem enn mun halda áfram og hefur valdið slíkum skaða á stöðu þúsunda heimila að það verður aldrei fyrirgefið. Það er því jafngott að Ármann finni sér aðra ævintýraeyju í framtíðinni og miðað við kúnnahópinn sem hann státar af að þekkja er líklegt að það heimilisfesti sé þegar fundið.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**KVIKMYNDIR** Heimildarmynd um Hamsun í Norræna húsinu í kvöld.

## Heimildarmynd um Hamsun

**Heimildarmyndin „Dreymt og upplifað, Knut Hamsun 1859-1952“ eftir norska leikstjórann Knut Erik Jensen verður sýnd í kvöld kl. 20 í Norræna húsinu. Jensen er líklega þekktastur hér á landi fyrir kvikmyndina „Heftig og begeistret“ (2001), sem fjallar um norskan karlakór frá Berlevåg, í nyrsta hluta Noregs. Það eru liðin 150 ár fá fæðingu Knuts Hamsun (1859-1952) og hefur þess verið minnst á ýmsan hátt hér á landi. Sýning heimildarmyndar Knuts Eriks Jensen er lokaatburður dagskrár um Knut Hamsun að þessu sinni. Aðgangur er ókeypis.**

# Reitt fólk og álkulegt í hruninu

Kvikmyndir ★★

**Guð blessi Ísland**

Leikstjóri Helgi Felixson

**Myndin dregur fram hið mannlega um hrunið. Hún er langdregin á köflum og vantar ris og hápunkt, en hún er líka oft áhugaverð og skemmtileg.**



**GUÐ BLESSI ÍSLAND** Geir Haarde fer með ávarpið minnisstæða 6. október 2008.

Guð blessi Ísland er eins og áramótaannáll innlendrar fréttadeildar sjónvarps án fréttalesturs en með aukaefni: Fólkið á bak við tjöldin. Það sem myndin gerir best er að draga fram mannlega þáttinn, allir sem tóku þátt eru bara fólk sem sendir börnin sín í strætó og fer á klósettið. Þótt sú staðreynd ætti alltaf að blasa við gleymdist hún bæði í partíinu og gleymist nú í þynnkunni.

Í kjölfar hrunsins fyrir ári hófst einstök búsáhaldabylting sem gekk – eftir á að hyggja – út á að koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Eftir að Vinstri græn tóku við uppþvottaburstanum hefur verið rólegra á Austurvelli. Helgi náði æsandi fréttamyndum af reiðu fólki að hrópa vanhæfa burt. Undir glymja spennutrommur frá Hilmari Erni Hilmarssyni. Best finnst mér skotin eftir lætin þegar hreinsunardeildin er að moka óeirðadraslinu upp. Gott hefði verið að fá komment frá einum ruslakalli, kannski eitthvað um að það væri gott að fá aukavinnu.

Þrjú eru í aðalhlutverki og koma öll vel út. Bestur er löggan Dúni Geirsson, sonur Geir Jóns aðallöggu. Hann er risavaxinn þungarokkari í Hvítasunnusöfnuðinum eins og pabbi sinn, „venjulegur Íslendingur“ og salt jarðar. Manni finnst allt sem hann segir meika sens (nema kannski þetta um guð). Vörubílastjórinn Stulli er sýndur í afar mannlegu ljósi heima hjá sér með fjölskyldunni. Mér hefur satt að segja alltaf fundist hann hálfgerður bjáni en eftir þessa mynd finnst mér það ekki lengur. Kreppuklámið nær hæstu hæðum þegar Stulli og frú opna bréfin frá Intrum undir dramatísku lagi frá HÖH, mjög svipuðu, heyrist mér, og hljómaði þegar gæsin drukknaði í Draumalandinu. Kommon, ef maður ofurskuldsetur sig er voðinn vís. Ég get ekki haft samúð með fólki í peningavandræðum þegar allt hitt er til, sjúkdómar, hungur og stríð, svo eitthvað sé nefnt. Þriðji aðal er Eva í Nornabúðinni. Hvenær er hægt að reka nornabúð á Íslandi nema í geðveiku góðæri? Eva kemur vel út, er þó kannski í subbulegasti lagi þegar hún er að dreifa matvælum úr ruslagámum við Stjórnarráðið. Samt. Ef Helgi hefði búið á Íslandi en ekki í Noregi hefði hann valið annað fólk en Evu og Stulla til að fylgja eftir. Það hefði líka verið skemmtilegra fyrir okkur hin. Með fullri virðingu fyrir þeim þá eru þau tæplega sannfærandi fulltrúar fyrir hinn „venjulega“ Íslending.

Ríku karlarnir segja ekkert af viti og koma út eins og fífl. Salurinn hló að álkulegum Jóni Ásgeiri í björgunarvesti. Það var frábært atriði þegar hann kom siglandi á bátnum og upplýsandi þegar hann spyr Helga út í sjónvarpsréttinn á myndinni.

Falda upptökuvélin segir manni ákveðinn sannleika sem uppstillt viðtöl ná aldrei að draga fram. Bjarni Ármanns er sýndur í sveitinni og þá vantaði bara lagið úr Stiklum. Tilgerðarlegur var hann í viðtalinu um „táknmyndir“ peninga. Mest var hlegið að aumingja Ásgeiri „Smithers“ Friðgeirssyni, rótara Björgólfs Thors. Gosinn Björgólfs Thor kemur hörmulega út – það er ekki nema von að allt hafi farið til andskotans þegar ríku karlarnir voru svona vitlausir, hugsar maður. Mónólógur Björgólfs um að peningar séu ekki steypuklumpur heldur eins og matur sem rotnar var fræðandi. Púff! Sorrí, peningar hverfa bara! Það hefði verið ágætt að heyra þessa speki áður en fólk fór að leggja peninga inn í bankann hans.

Guð blessi Ísland er sem betur fer ekki eina myndin um hrunið, þótt hún sé sú fyrsta. Hún er allt of langdregin á köflum, vantar tilfinnanlega ris og hápunkt. Það er engin viska eða niðurstaða dregin fram, heldur sýndar brotakenndar svipmyndir af Íslendingum á krossgötum. Myndin er vel gerð og fagmannlega, en hún er bara ekki alveg nógu skemmtileg eða áhrifamikil.

Ég vona að næstu myndir verði betri og segi manni eitthvað nýtt, jafnvel eitthvað óvænt. Þótt Guð blessi Ísland sé fyndin hefði hún mátt vera ennþá fyndnari, kannski svolítið í anda Michaels Moore. En ekki hafa áhyggjur. Listin verður eflaust vinnandi úr þessum efniviði næstu áratugina.

**Dr. Gunni**

MÁLVERKAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG

SUNNUDAGINN 11. OKTÓBER KL. 20:30



Scheving



Ásgrímur J.



Kjarval



Louisa M.



G. Blöndal.

**Getum enn bætt við nokkrum myndum - Lægri sölulaun - gert upp við seljendur strax að uppboði loknu.**

**Verkin verða sýnd í Gallerí Borg, föstud.9., laugard. 10. og sunnud.11. október kl. 12 til 17**

**GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35. • SÍMAR 511 7010 og 847 1600 • petur@galleriborg.is**

# NÝJAR VÖRUR

# OKKAR VERÐ

OKKAR VERÐ

**Verðdæmi dömu & herra**

skyrtur 3.490,-
buxur 3.990,-
flíspeysur 3.990,-
softshell 5.990,-
Isotex jakkar 7.990,-
Isotex buxur 4.490,-
Undirföt /sett 3.990,-
Úlpur 8.290,-
ofl. ofl.

www.utivistogsport.is

**Verðdæmi á barnafötum**

Flíspeysur 2.990,-
Softshell peysur 5.490,-
Úlpur 7.490,-
Snjóbuxur 7.990,-
Fóðraðar buxur 3.990,-
Regnbuxur 1.490,-
Flís undirföt/sett 3.490,-
Smávara ofl.ofl.

Regatta GREAT OUTDOORS™

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

verslun
heildverslun

ÚTIVIST & SPORT

**Faxafen 12** S. 533-1550





# Eftirlitsmaðurinn er mættur hingað

**Annað kvöld er frumsýning í Nemendaleikhúsi Listaháskóla Íslands. Verkið er nú sett upp í þriðja sinn hér á landi en hefur löngum verið talið eitt öndvegisverk rússneskra leikbókmennta: Eftirlitsmaðurinn eftir Gogol.**

Þetta er fyrsta verkefni útskriftarhópsins á lokaári: Anna Gunndís Guðmundsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Hilmir Jensson, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Ævar Þór Benediktsson fara á næsta vori út í lífið.

Það er engu logið um að verkið er mögnuð háðsádeila. Nú er það leikið í nýrri þýðingu Bjarna Jónssonar, leikritahöfundar og þýðanda.

Leikritið Eftirlitsmaðurinn gerist í lítilli borg þar sem spillingin er allsráðandi. Ráðamenn mergsjúga þegnana og samfélagið líður fyrir græðgi og lágar hvatir þeirra sem deila og drottna. Mútur og svik eru daglegt brauð. Því verður uppi fótur og fit þegar fréttist að mættur sé á svæðið eftirlitsmaður frá Pétursborg til að taka út stjórnsýsluna. Í öllu uppnáminu fer hin makráða stétt villur vegar: hún telur eftirlitsmanninn vera aðkomumann sem sestur er upp í bænum en sá er á flótta undan réttvísinni, spilafífl og raupari, hrappur í fínum fötum. Úr verður krassandi flétta þar sem allt er lagt í sölurnar til að bjarga eigin skinni og koma sér í mjúkinn hjá hinum grunaða eftirlitsmanni.

Gogol hefði orðið 200 ára í ár en er svo sannarlega sígildur í bestu merkingu þess orðs. Hann er talinn til höfuðskálda Rússa og leikritið Eftirlitsmaðurinn er álitið þjóðargersemi þar í landi. Þekktasta skáldsaga hans er vafalaust Dauðar sálir sem kunn er í íslenskri þýðingu.

Leikstjóri er Stefán Jónsson, leikmynd er í höndum Móeiðar Helgadóttur, Myrra Leifsdóttir sér um búninga og gervi, tónlist er samin af Margréti Kristínu Blöndal sem kunnari er sem Magga Stína, en hún stundar nú nám í tónsmíðum í LHÍ, og lýsing er í höndum Mika Haarinen, skiptinema í LHÍ.



**LEIKLIST** Hver er í alvörunni og hver er að þykjast? Mjúkir en sjúkir litir í búningum, förðum og ljósi. Myndin er tekin á æfingu í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frumsýning á Eftirlitsmanninum er á morgun og verða sýningar í Smiðjunni á Sölvhólsgötu en í vetur verða þrjár sýningar í Smiðjunni. **pbb@frettabladid.is**






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 8. október**

### Tónleikar



**12.30 Kristín R. Sigurðardóttir sópran og Julian M. Hewlett** píanóleikari flytja íslensk og erlend lög og aríur á tónleikum í Norræna húsinu við Sturlugötu.

**21.00 Friðrik Ómar og Jógvan Hansen** flytja íslensk og færeysk dægurlög á tónleikum á **Græna hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri.

**21.00** Bebop-kvöld með **Ómari Guðjónssyni** verður haldið í jazzkjallaranum í **Café Cultura** að Hverfisgötu 18. Meðleikarar hans eru **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og Helgi Sv. Helgason.**

**22.00** Hljómsveitin **Gordon Riots** heldur útgáfutónleika á **Dillon Rockbar** við Laugaveg.

**22.00 Anna Mjöll Ólafsdóttir** verður með jazztónleika ásamt hljómsveit á Kringlukránni í Kringlunni.

### Opnanir

**18.00** Hjá **Listasafni Árnesinga** við Austurmörk í Hveragerði verða opnar tvær sýningar.
**Þræddir þræðir:** samsýning Ásgerðar Búadóttur, Hildar Hákonardóttur, Guðrúnar Gunnarsdóttur og Hildar Bjarnadóttur.
**Einu sinni er:** sýning Handverks og hönnunar þar sem þemað er „gamalt og gott“.

### Heimildarmyndir

**20.00** Heimildarmyndin **„Dreymt og upplifað, Knut Hamsun 1852-1952“** eftir norska leikstjórann Knut Erik Jensen verður sýnd í **Norræna húsinu** við Sturlugötu. Enginn aðgangseyrir.

**16.00** Í **Bókasafni Seltjarnarness** í Eiðstorgi verða sýndar kvikmyndir **Snæbjörns Ásgeirsson** sem hann tók á nesinu. Myndirnar sýna 100 ára afmæli Mýrarhúsaskóla, 17. júní skemmtanir og Björgunasveitina Albert.

### Síðustu forvöð

Hópur listamanna hefur opnað sýninguna **„Lýðveldið við lækinn“** í húsnæði gömlu ullarverksmiðjunnar í Þrúðvangi við **Varmá í Álafosskvos.** Sýningunni lýkur á sunnudaginn. Opið alla daga kl. 14-18.

### Námskeið

**20.00** Fjallahjólaklúbburinn býður upp á ókeypis námskeið þar sem **Magnús Bergsson** verður með leiðsögn og ræðir um vetrarundirbúning og hjólreiðar í vetrarfærð. Fólk er hvatt til að mæta með hjólin sín og boðið verður upp á ráðleggingar á yfirferð á gíra og bremsa. Námskeiðið er ókeypis og fer fram á baðstofuloftinu að Brekkustíg 2 (gömlu slökkviliðsstöðinni).

### Kvikmyndir

**Japönsk** kvikmyndavika í boði **Kvikmyndasafns Íslands og Sendiráðs Japans** á Íslandi stendur til 10. okt. Sýningar fara fram í **Bæjarbíói** við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Sýnd verður kvikmynd leikstjórans **Yuji Nakae, „Ástir Nabbie“ (Nabbie no koi)** frá árinu 1999.

### Pub quiz

**20.00** Fótbolta Pub quiz Sammarans verður haldið á **Enska barnum** við Austurstræti 12. Enginn aðgangseyrir og vegleg verðlaun.

### Fundir

**20.00** Aðalfundur Félags um foreldrajafnrétti verður haldinn að **Árskógum 4** (jarðhæð) þar sem farið verður yfir stöðu foreldrajafnréttismála á Íslandi.

### Málþing

**20.00** Í Listasafni Reykjavíkur munu Andrea Maack, Þorvaldur Þorsteinsson, Guðmundur Oddur Magnússon og Margrét Elísabet Ólafsdóttir fjalla um það hvar list og hönnun mætast. Umræður verða í lokin.

### Fyrirlestrar

**12.00 Karl Ingólfsson** heldur fyrirlestur um vistakstur í Norræna félaginu við **Óðinsgötu 7.** Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**12.00 Mark Weiner** flytur erindi um uppruna og byggingu stjórnarskrár Bandaríkja Norður-Ameríku hjá **Háskólanum á Akureyri,** Sólborg, (L201) við Norðurslóð.

**20.00 Yvon le Maho** flytur fyrirlesturinn „Hvernig takast mörgæsir á við umhverfisógnir og loftslagsbreytingar?“ hjá **Alliance Française** við Tryggvagötu 8. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. Nánari upplýsingar á www.af.is.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






# Konukvöld í kvöld

## frá kl. 19 til 22

Taktu frá kvöld fyrir þig!

- Flottur AFSLÁTTUR af öllum vörum.
- Flottar GJAFIR fyrir þær sem kaupa fyrir 15.000 eða meira.
- HAPPDRÆTTI - dregið úr kassakvittunum sem fara í pott.
  Aðalvinningur: ÚTTEKT fyrir 30. 000 í Debenhams og MAKE OVER þar sem Xit sér um hárið og Mac um förðunina.
  Nokkrir flottir aukavinningar.
- HAFFI HAFF verður með FÖRÐUNARKENNSLU um kl. 20.30.
- BRJÓSTAHALDARARÁÐGJÖF og mælingar fyrir allar sem vijla hlusta á góð ráð…
- BUFF og MAGGI EIRÍKS spila nokkur lög milli 20 og 20.30.
  Maggi áritar ævisöguna sjóðheita úr prentsmiðjunni. Tilboðsverð á bókinni og plötunni.
- TILBOÐ frá Addesso, fyrir utan Debenhams á 1. hæð.
  Kjúklingasalat aðeins 1267 kr. ( 25% afsl )
  Tertusneið aðeins 790 kr. ( 25% afsl )
- Ölgerðin og Glóbus kynna vinsæla DRYKKI og Góa býður smakk með.





DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


MUMFORD & SONS


BUILT TO SPILL

## > Í SPILARANUM

Mumford & Sons - Sigh no More
The Clientele - Bonfires on the Heath
The Mountain Goats - The Life of the World to Come
Ego - 6. október
Built to Spill - There Is No Enemy

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ekki í herferð gegn Radiohead

Tom Smith, forsprakki bresku hljómsveitarinnar Editors, segist ekki vera í herferð gegn snillingunum í Radiohead, þrátt fyrir að hafa sagt meðlimi hljómsveitarinnar vera sjálfselska í viðtali á dögunum.

Þegar Radiohead gaf út plötuna In Rainbows árið 2007 gaf hljómsveitin aðdáendum sínum kost á að borga hvað sem er fyrir plötuna – eða borga ekki neitt. Smith sagði í viðtali við breska NME-útvarpið að útspilið hefði unnið gegn baráttunni gegn ólöglegu niðurhali. „Ég er ekki að ráðast á Radiohead," sagði Smith. „Mér finnst að hljómsveitin eigi að hjálpa til í baráttunni gegn niðurhali, en hún gaf plötuna sína og gjaldfelldi þannig tónlistina." - afb


EDITORS Vill stöðva ólöglegt niðurhal.


THOM YORKE Söngvari Radiohead og félagar gáfu síðustu plötu sína á netinu.



## > Plata vikunnar

Skelkur í bringu - Húðlitað klám

★★★★

„Hressandi og skemmtilegt hrárokk, sem minnir um margt á íslensk eðalbönd fortíðar, eins og Risaeðluna og PPPönk." - drg



## TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

# *Framsækin Yoko*

Yoko Ono er enn í dag sennilega þekktust fyrir að vera ekkja Johns Lennon. Og það er misjafnt hversu mikla virðingu menn bera fyrir tónlistarferli hennar. Staðreyndin er hins vegar sú að Yoko hefur gert fullt af flottum hlutum á tónlistarsviðinu. Hún hóf tónlistarferilinn í tilraunakenndri nútímatónlist áður en hún kynntist Lennon og vann meðal annars eitthvað lítillega bæði með John Cage og Ornette Coleman. Eftir að hún kynntist Lennon vann hún sína tónlist að mestu leyti í samvinnu við hann, en eftir að hann féll frá hefur hún smám saman verið að sækja í sig veðrið á tónlistarsviðinu aftur. Fyrir tveimur árum komu út tvær mjög áhugaverðar plötur þar sem ungir tónlistarmenn endurgerðu lögin hennar (Yes, I'm a Witch og Open Your Box) og nú í haust kom svo út platan Between My Head & The Sky sem inniheldur fimmtán ný lög eftir Yoko.

Nýju plötuna vann Yoko náið með syni sínum, Sean Lennon, og tónlistarmönnum bæði úr rafpoppgeiranum og af spunadjasssenu New York-borgar. Til fyrri hópsins teljast m.a. meðlimir úr hljómsveitinni Cibo Matto og hinn japanski Cornelius ásamt hljómsveit en til þess seinni Erik Friedlander, Shahzad Ismaily, Michael Leonhart, Daniel Carter o.fl. Það er skemmst frá því að segja að Between My Head & The Sky kemur virkilega á óvart. Þetta er hreint frábær plata. Tónlistin rambar einhvers staðar á mörkum rokks, danstónlistar og spunadjass, hljóðfæraleikurinn er oft tilþrifamikill og það er mikil innlifun og tjáning í söng Yoko. Yoko, sem er orðin 76 ára, slær þar með mörgum samferðamönnum sínum við hvað ferskleika og framsækni varðar.


76 ÁRA TILRAUNATÓNLISTARMAÐUR Yoko Ono er í toppformi á nýju plötunni.


Hannar undir merkinu Vargur
- Sara María í viðtali við Föstudag



föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft


# Fersk XX byggir á fortíðinni

**Það er kominn október og tónlistarspekúlantar eru farnir að velta því fyrir sér hvaða plötur verða á listanum yfir plötur ársins. Þar á meðal verður væntanlega fyrsta plata The XX frá London.**

Hljómsveitin The XX hefur verið að vekja mikla athygli síðustu vikurnar fyrir fyrstu plötuna sína sem heitir einfaldlega XX. Tónlistarlega sækir bandið stíft í fortíðina, greina má áhrif frá nýbylgjuböndum eins og Young Marble Giants, The Slits og The Cure á fyrstu árum sínum, það er síað í gegnum Bristol-bylgjuna frá sirka 1995 og ofur nútímalegt R&B í anda Timbaland. Þótt áhrifin séu forn er niðurstaðan fersk og platan hefur fengið skínandi góða dóma. XX verður eflaust ofarlega víða þegar spekingar gera upp árið.

The XX er skipað fjórum Lundúnakrökkum um tvítugt, tveimur stelpum og tveimur strákum. Romy Madley Croft spilar á gítar og syngur og Oliver Sims spilar á bassa og syngur. Að hafa söngvara af báðum kynjum skapar skemmtilega breidd og þau syngja oft á móti hvort öðru í Gainsbourg/Birkin eða Sinatra/Hazlewood-fílingi. Þau eru þó ekki kærustupar. Baria Qureshi spilar á gítar og Jamie Smith spilar á trommuheila með mikilli fimi eins og sjá má á netinu í tónleikaupptökum. Platan var tvö ár í vinnslu og á tímabili voru upptökumennirnir Diplo og Kwes með puttana í henni. Að lokum tók bandið sjálft við hljóðvinnslunni.

Bandið varð til þegar meðlimirnir kynntust í Elliott listaskólanum, en þaðan eru líka bönd eins og Hot chip, Burial og Four Tet. The XX er hluti af nýrri óformlegri bylgju Lundúnasveita, sem telur bönd eins og Florence and the Machine og Micachu and the Shapes (sem væntanleg er á Airwaves).

Í heimi troðfullum af nýrri tónlist sem hægt er að nálgast jafn auðveldlega og að smella á mús, er nauðsynlegt að vita hvað er gott. Og The XX er gott band. Tónlistin er mjög þurr á manninn og alvarleg, þó gríðarlega svöl og allt annað en leiðinleg. Þau fara sparlega með, það er mikið rými í lögunum og þau anda vel. Stundum er ekkert í gangi nema bassi og söngur eða trommuheili og söngur.

The XX er eiginlega tímalaust band því platan þeirra hefði nánast getað komið út hvenær sem er á síðustu þremur áratugum. Ef þú fílar Roxy Music, New Order, Portishead og Interpol ætti gæðaplatan XX nú þegar að vera komin undir geislann. drgunni@frettabladid.is


GRÍÐARLEGA SVÖL The XX frá vinstri: Jamie, Baria, Romy og Oliver.

# Flateyjarævintýri Lay Low koma út

Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, skellti sér síðsumars út í Flatey í Breiðafirði. Með í för voru leikstjórinn Denni Karlsson, myndatökumaðurinn Víðir Sigurðsson, hljóðupptökumaðurinn Viðar Hákon Gíslason og Kári Sturluson, umboðsmaður Lovísu. Hópurinn dvaldi í Flatey yfir helgi og rölti á milli staða í eynni með mynd- og hljóðupptökubúnað í hjólbörum og tók Lovísu upp spila og syngja órafmagnaðar útgáfur sjö laga sinna á sjö mismunandi stöðum. Veðrið, eyjan og eyjarskeggjar tóku Lovísu fagnandi og listakonan fann sig í blíðunni.

Árangur helgarinnar má finna á Lay Low - Flatey, 28 mínútna mynddisk og 7 laga hljóðdisk, sem kemur út á morgun, 12. október. Á plötunni eru sjö lög; fimm af plötum Lay Low, eitt nýtt frumsamið á ensku og lag Lovísu við ljóðið „Sorgin" eftir skáldið Undínu (Helga Steinvör Baldvinsdóttir), sem hún samdi árið 1884. Þessa dagana er Lay Low að hita upp fyrir Emilíönu Torrini í Evrópu. Þær verða í Köln í kvöld. - drg


Í FLATEY Hænurnar voru hrifnar af Lay Low.


ROKK! Strákarnir í Ramones.

# Ramones á hvíta tjaldið

**Leikin kvikmynd um rokkbandið The Ramones er í burðarliðnum. Myndin verður byggð á bókinni I Slept With Joey Ramone, sem er skrifuð af bróður Joey Ramone, Mickey Leigh, og tónlistarblaðamanninum Legs McNeil. Allir hinir upprunalegu meðlimir The Ramones eru nú látnir, nema trommarinn, og ræður móðir Joeys söngvara yfir réttinum á tónlist sveitarinnar. Hún hefur þegar gefið leyfi fyrir því að tónlist Ramones verði notuð í myndinni.**


IDOLE
d'ARMANI
IDOLE
d'ARMANI
Nýr ilmur
GIORGIO ARMANI
Hagkaup Kringla, Smáralind,
Holtagörðum, Garðabæ og Akureyri
50 ára
HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár



**> ENDURGERIR BRONSON**

Sylvester Stallone hyggst endurgera Charles Bronson-kvikmyndina Death Wish. Ekki er vitað hvernig Bronson-aðdáendur taka í þessa frétt en Sly fór ákaflega illa með endurgerð Get Carter sem Michael Caine gerði ódauðlega.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Nóg að gera hjá Mark Wahlberg

Eins og kom fram í fjölmiðlum er gert ráð fyrir að Mark Wahlberg leiki aðalhlutverkið í endurgerðri og staðfærðri útgáfu af Reykjavík-Rotterdam. Baltasar Kormákur mun leikstýra en Working Title framleiðir myndina. Áður en að því kemur hefur Wahlberg í nógu að snúast en ferill þessa geðþekka leikara hefur ekki alltaf verið dans á rósum.

Mark Wahlberg er fæddur í Dorchester í Massachusetts á því herrans ári 1971. Hann komst snemma í kast við lögin og hlaut nokkra dóma fyrir smávægileg afbrot. Hann reyndi fyrst fyrir sér sem tónlistarmaður undir nafninu Marky Mark enda var eldri bróðir hans, Donny Wahlberg, í hinni ofurvinsælu drengjasveit New Kids on the Block. Mark reyndist vera ágætis leikari og lét fyrst að sér kveða í Di Caprio-myndinni Basketball Diaries. Í kjölfarið komu kvikmyndir á borð við Boogie Nights, The Big Hit og Three Kings. Ferill Wahlbergs hefur verið skrykkjóttur; sumar bíómyndir hans hafa verið hálfgert drasl en hann náði ákveðnu hámarki með frammistöðunni í The Departed eftir Martin Scorsese.

Wahlberg hefur þó yfirleitt haft í nógu að snúast, hann er einn framleiðenda hinnar vinsælu sjónvarpsþáttaraðar Entourage og leikur eitt aðalhlutverkanna í næstu kvikmynd Peters Jackson, The Lovely Bones. Þá er í bígerð framhald af The Italian Job sem nefnist The Brazilian Job og svo leikur hann á móti Christian Bale í kvikmyndinni The Fighter. **- fgg**



**MIKLAR ANNIR** Hún er þéttskipuð dagskráin hjá Mark Wahlberg en hann leikur meðal annars eitt aðalhlutverkanna í The Lovely Bones eftir Peter Jackson.

# Bíómyndin staðfest

Sá orðrómur hefur lengi verið á kreiki að til stæði að gera bíómynd eftir sjónvarpsþáttunum Arrested Development. Kvikmyndavefsíða Empire greinir frá því í gær að nú sé þetta endanlega komið á hreint; kvikmyndin verði að veruleika.

Handritshöfundurinn og leikstjórinn Mitch Hurwitz er sestur niður og byrjaður að skrifa handritið en hann er hugmyndasmiðurinn á bak við þessa þætti sem hafa notið mikilla vinsælda um heim allan, þar á meðal á Íslandi.

Samkvæmt vefsíðu Empire hafði Hurwitz lýst því yfir að kvikmyndin kæmi ekki til greina nema allur leikhópurinn samþykkti að taka þátt. Hann samanstendur af Jason Bateman, Will Arnett, Portiu De Rossi, Michael Cera, Jessicu Walter, Jeffrey Tambor, Tony Hale, Aliu Shawkat og David Cross. Upphaflega var talið, þótt það hefði ekki fengist staðfest, að fyrirætlanirnar myndu stranda á Michael Cera enda hefur hann náð töluverðum árangri á hvíta tjaldinu eftir að þættirnir voru sýndir. Hann virðist þó hafa tíma til að leika í myndinni og aðdáendur þáttanna geta því varpað öndinni léttar.

Þótt Arrested Development hafi náð töluverðri hylli meðal gagnrýnenda var ákveðið að slá þáttaröðina af eftir aðeins þrjár seríur þrátt fyrir að hún væri margverðlaunuð. Áhorfið reyndist ekki vera sem skyldi.

Blaðamaður Empire skrifar að vonandi muni framleiðslufyrirtækið Fox Searchlight koma betur fram við þessa skrítnu fjölskyldu en sjónvarpsfyrirtækið. Talið er að Ron Howard muni tala inn á myndina sem þulur.





**Á HVÍTA TJALDIÐ** Fjölskyldan í Arrested Development mun rata á hvíta tjaldið því allir leikararnir hafa samþykkt að vera með. Jason Bateman verður því á sínum stað.

# Milljarðar tapast og hundrað störf glatast

**Íslensk kvikmyndagerð er í mikilli hættu að mati forsvarsmanna atvinnugreinarinnar ef boðaður niðurskurður í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar verður að veruleika. Hátt í hundrað störf munu glatast og veltan getur dregist saman um rúma tvo milljarða.**

Ari Kristinsson, formaður Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðanda, og Baltasar Kormákur gengu á fund menntamálaráðherrans Katrínar Jakobsdóttur á þriðjudagsmorgun og kynntu henni tölur úr kvikmyndaiðnaðinum. Ari viðurkennir að þeir hefðu auðvitað átt fyrir löngu að vera búnir að safna saman þessum upplýsingum; þær hafi ekki legið fyrir áður og því hafi ekki verið hægt að kynna sér þær. Hann hefur fulla trú á því að þegar menn sjái þetta svona svart á hvítu snúist þeim hugur. „Við höfum alltaf talið okkur hafa svo góðan málstað að verja og héldum að allir töluðu okkar máli þannig að það þyrfti ekkert að fara út í svona reikninga.“

Tölurnar sem Ari vísar til eru nokkuð forvitnilegar. Síðustu tvö ár hefur ársvelta sjónvarps- og kvikmyndaiðnarins numið rúmum þrettán milljörðum íslenskra króna og hann hefur skapað vel yfir sex hundruð störf. Árið 2008 velti íslenski kvikmyndaiðnaðurinn 6,6 milljörðum samkvæmt bráðabirgðatölum og skapaði þrjú hundruð störf. Í ár er gert ráð fyrir að veltan í íslenskri sjónvarps- og kvikmyndagerð verði 6,8 milljarðar og þegar árið er á enda muni 320 manns hafa haft atvinnu af því að starfa við sjónvarps-og kvikmyndaframleiðslu.

Ari segir að veltan í kvikmyndabransanum muni dragast saman um 2,3 milljarða og að hátt í hundrað störf muni glatast ef niðurskurðurinn verður að veruleika. Ef allt það fólk sem muni missa vinnuna fari síðan á atvinnuleysisbætur muni ríkið hvort eð er greiða þeim jafnháa upphæð og skorin verður niður. „Í menningarmálum er skorið niður um rúmlega þrjú hundruð milljónir samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi og þeir hafa farið þá leið að skera niður sjóði í stað stofnana. Mér þykir það gott og gilt að ekki sé skorið verulega niður í menningarmálum en mér finnst frumvarpið sýna atvinnugreininni óvirðingu,“ segir Ari. Hann tekur fram að niðurskurðurinn sé enn ekki orðinn að veruleika og hann reiknar fastlega með að einhverjar breytingar verði gerðar. Hann segir að óvænt samstaða hafi skapast innan atvinnugreinarinnar, aðilar innan bransans sem hafi kannski ekki ræðst við í áratugi tali nú saman og mikill hugur sé í mönnum. „Við höfum þjappað okkur saman og ætlum að kynna okkar málstað,“ segir Ari.

Hann segir að með þátttöku erlendra sjóða geti fjórar til fimm íslenskar kvikmyndir í fullri lengd orðið að veruleika á ári og fjórar leiknar sjónvarpsþáttaraðir. Ef framlag Kvikmyndasjóðsins minnki hafi það veruleg áhrif á möguleika íslenskra leikstjóra á að ná í styrki erlendis. Framlag íslenska ríkisins sé kannski ekki mikið en ákaflega mikilvægt og raunar frumforsendan fyrir því að verkið fari af stað. „Og það sem meira er, ef þetta verður raunin er nánast ómögulegt fyrir unga leikstjóra að koma verkum sínum á framfæri,“ útskýrir Ari og tekur fram að íslenska ríkið tapi ekkert á því að styrkja íslenska kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinn. „Nei, ríkið fær engan bakreikning ef verkið gengur illa heldur lendir það allt á framleiðandanum. Við teljum okkur því vera hagstæða stærð og viljum að það sé komið fram við okkur eins og hina.“

freyrgigja@frettabladid.is







**HRUN**

Kvikmyndir á borð við **Algjöran Sveppa**, Guð Blessi Ísland, **The Good Heart** og Brúðgumann hafa allar notið góðs af kvikmyndasjóðnum. Ef boðaður niðurskurður verður að veruleika mun íslensk kvikmyndagerð dragast verulega saman, um hundrað störf glatast og milljarðar tapast.






# Transformers 3 verður til

Þrátt fyrir að gagnrýnendur beggja vegna Atlantshafsins hafi slátrað mynd númer tvö hefur Hollywood þann háttinn á að horfa ekki á gagnrýni heldur hvort mynd skili gróða eður ei. Og Transformers tvö skilaði svo sannarlega gróða því hún er önnur tekjuhæsta kvikmyndin á þessu ári, en nær auðvitað ekki Harry Potter sem er ókrýndur konungur kvikmyndahúsanna um þessar mundir.

Af þeim sökum hefur leikstjórinn Michael Bay tilkynnt að mynd númer þrjú verði sett í framleiðslu. Ekki hefur verið staðfest að stjarna myndarinnar, Megan Fox, snúi aftur en henni og Bay sinnaðist eitthvað í kringum frumsýningu síðustu myndar. Shia LaBeouf hefur heldur ekki gefið grænt ljós á sína nærveru en telja má ólíklegt annað en að þau tvö láti tilleiðast. Ekki nema Megan Fox vilji að Paris Hilton hrifsi af henni hlutverkið en hótelerfinginn hefur látið í ljós áhuga sinn á því að leika í myndinni. Vonandi, fyrir aðdáendur Transformers, verður slíkur gjörningur aldrei að veruleika.





**KLÁR Í SLAGINN** Michael Bay ætlar að leikstýra mynd númer þrjú um Transformers. Hvort Megan Fox snúi aftur er hins vegar óvíst.

THE BODY SHOP®

# Komnar aftur!

**Við rifjum upp gamla, góða daga og bjóðum nokkrar sígildar Body Shop-vörutegundir til sölu á ný. Þetta eru þær vörutegundir sem nutu hvað mestra vinsælda fyrir 10-15 árum og – þótt við höfum betrumbætt þær eilítið með frábærum “community trade“-náttúruefnum og sett þær í umbúðir úr 100% endurunnu plasti – bjóðum við þær nú aftur til sölu á hreint ótrúlegu verði.**

| | | |
|---|---|---|
| Agúrku-hreinsimjólk | 250ml | 890 kr. |
| Agúrku-andlitsvatn | 250ml | 890 kr. |
| Gulrótar-rakakrem | 50ml | 890 kr. |
| Ástríðualdins-andlitshreinsir | 250ml | 890 kr. |
| “Dewberry“-bað & sturtugel | 250ml | 890 kr. |
| “Dewberry“-húðnæring | 250ml | 890 kr. |
| “Fuzzy peach“-bað & sturtugel | 250ml | 890 kr. |
| Epla-bað & sturtugel | 250ml | 890 kr. |
| Bananasjampó | 250ml | 890 kr. |
| Bananahárnæring | 250ml | 890 kr. |
| “Ice blue“-sjampó | 250ml | 890 kr. |










THE BODY SHOP®

**KRINGLUNNI**
**SMÁRALIND**
**AKUREYRI**

*Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299*



> HÁRIÐ BURT

**Pete Wentz**, bassaleikari hljómsveitarinnar Fall Out Boy, leyfði Mark Hoppus úr hljómsveitinni Blink 182 að raka af sér hárið á tónleikum í New York. Wentz tilkynnti áhorfendum að nú skyldi emo-greiðslan af og rakaði af sér allt hárið við mikinn fögnuð tónleikagesta.




# Teknóið er enn að þróast

„Reyk Veek er samstarfsverkefni nokkurra tónlistarmanna sem allir spila og semja teknótónlist. Við þekktumst lítið áður en samstarfið hófst en áttum það sameiginlegt að vilja spila gott teknó,“ segir plötusnúðurinn Heimir Héðinsson um tónlistarverkefnið Reyk Veek. Hann telur að samstarf sem þetta geri tónlistarmönnum kleift að koma ýmsu í framkvæmd sem erfiðara væri að gera einn síns liðs, líkt og útgáfu hljómdiska. „Þetta gerir líka sköpunarferlið skemmtilegra og í leiðinni kynnist maður nýju fólki og nýjum hugmyndum.“

Heimir hefur unnið sem plötusnúður frá árinu 2005 og hefur auk þess verið að vinna að eigin tónlist ásamt Raffaele Manna sem þeir hyggjast gefa út bráðlega undir merkjum Reyk Veek. „Mér finnst tónlist vera eitt það persónulegasta sem maður getur látið frá sér og þess vegna höfum við ekki verið að flýta okkur við að gefa efnið okkar út. Við spilum undir nafninu Karíus & Baktus og komumst nýlega á samning hjá umboðsskrifstofu sem sér um að bóka okkur erlendis, nú er bara að bíða og sjá hvernig þetta þróast.“

Tvö danskvöld hafa verið haldin eftir að Reyk Veek var komið á laggirnar, þriðja kvöldið fer fram á Jacobsen hinn 17. október. Heimir segir kvöldin hafa verið vel sótt og leggja listamennirnir mikið kapp á að leika lifandi tónlist í bland við skífuþeytingar. „Það sem er heillandi við raftónlist er að þessi tónlistarstefna er enn að þróast og því eru engin takmörk fyrir því sem hægt er að gera,“ segir Heimir að lokum. **- sm**


**REYK VEEK** Heimir Héðinsson og vinir hans spila teknó undir heitinu Reyk Veek. Heimi finnst tónlistarstefnan heillandi.

# Friðrik Ómar eini viðskiptavinur Jógvans

„Friðrik er eini viðskiptavinurinn enda er ég hættur í bili með skærin,“ segir Jógvan Hansen, fyrrverandi hárgreiðslumaður. Hann stundar nú nám við Keili, háskólann í Reykjanesbæ, á félagsfræðibraut og hefur tekið sér ársleyfi frá hárskerðingum og litun. Samstarfsmaður hans í tónlistinni, Friðrik Ómar, nýtur hins vegar þess heiðurs að vera eini viðskiptavinur Jógvans. Þeir félagar eru á leiðinni norður á land í dag, spila á Græna hattinum í kvöld og svo á Dalvík á morgun. Litun og klipping heima hjá Friðriki er liður í undirbúninginum. „Ég sé um kaffið og hann „sjænar“ á mér hárið,“ segir Friðrik en þeir félagar kynntust einmitt þegar Friðrik tók að venja komur sínar á hárgreiðslustofu Jógvans. Færeyingurinn og Birna á Akureyri eru þau einu sem fá að hafa hendur í hári Eurovision-stjörnunnar.

Samstarf þeirra Friðriks og Jógvans er nú að geta af sér plötu. Þar syngur Jógvan íslensk dægurlög á færeysku og Friðrik færeysk lög á íslensku. Þeir félagar hyggjast leggja land undir fót síðar í þessum mánuði, með fimm manna hljómsveit og leika lög af þessari plötu. Friðrik Ómar kveðst vera spenntur fyrir því að koma til Færeyja, þangað hafi hann aldrei komið áður. „Nei, býr ekki þarna hið vænsta fólk? Þeir lánuðu okkur allavega fyrstir pening eftir 6. október,“ segir Friðrik.


**HÁRGREIÐSLUMAÐUR Í HEIMSENDINGU** Jógvan mundar sig við að lita hárið á Friðriki og klippa fyrir landsbyggðarferð þeirra félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jógvan unir hag sínum vel í Reykjanesbæ þar sem hann býr ásamt konu sinni en hún er stærðfræðikennari. Hann segir hátt bensínsverð hafa gert gæfumuninn í þeirri ákvörðun sinni að leggja hárgreiðsludótið á hilluna í bili. „Já, það er ekkert sérstaklega hagstætt að keyra milli Reykjanesbæjar og Reykjavíkur þrisvar í viku.“ **- fgg**

# Nilli sýnir í Smáralind

**Listamaðurinn Jóhannes Níels, eða Nilli eins og hann er betur þekktur, opnaði listasýningu á Kaffi Energiu í Smáralind á þriðjudaginn var. Jóhannes Níels hefur unnið að leikmyndagerð um nokkurt skeið og hefur mikið unnið með leikhópnum Vesturport. Sýningin var vel sótt og lét Gísli Örn, leikari í Vesturporti, sig að sjálfsögðu ekki vanta. - sm**


Jóhannes Níels fyrir framan nokkur verka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Gísli Örn Garðarsson, leikari hjá Vesturporti, lét sig ekki vanta á opnunina.


Baggalúturinn Karl Sigurðsson, Haraldur Halldórsson og Tom Dugan, sem vinnur leikmyndina fyrir Faust sem Vesturport mun setja upp í Borgarleikhúsinu.


Sýningargestir voru á öllum aldri. Hér er listamaðurinn ásamt syni sínum Agli Andra og Ritu Jóhannesdóttur.


hjálmar

**Í tilefni af útgáfutónleikum HJÁLMA á NASA föstudagskvöldið 9. október er nýjasta platan þeirra, *IV*, á sérstöku tilboðsverði í EYMUNDSSON um allt land og í HAVARÍ Austurstræti. Með plötunni fylgir heimildarmyndin *HÆRRA ÉG OG ÞÚ* á DVD diski.**




BORGIN Eymundsson
Bóksali frá 1872

Tilboð gildir aðeins til og með 081009-111009


# Guy Ritchie segir Madonnu vera þroskahefta


**GUY RITCHIE** Hefur blendnar tilfinngar í garð sinnar fyrrverandi.

Guy Ritche, fyrrverandi eiginmaður Madonnu, hrósar og uppnefnir sína fyrrverandi í viðtali í nýjasta tölublaði bandaríska tímaritsins Esquire. Hann byrjar á hrósinu og sagði Madonnu standa fullkomlega jafnfætis konum sem eru tuttugu árum yngri en hún.

„Madonna lætur hlutina gerast,“ sagði Ritchie. „Skelltu henni við hliðina á 23 ára skvísu og hún skilar meiri vinnu, betri dansi og flottari árangri. Konan er svakaleg.“

Madonna og Ritchie skildu í október í fyrra. Hann hefur blendnar tilfinningar í garð hennar. „Ég elska hana ennþá,“ sagði hann. „En hún er líka þroskaheft.“


**MADONNA** Þroskaheft í augum fyrrverandi eiginmanns síns.

# Ekki sama stúlkan

Faðir leikkonunnar Lindsay Lohan segist hafa miklar áhyggjur af dóttur sinni og telur að fíknin muni verða henni að falli. Michael Lohan ræddi vandamál dóttur sinnar við fréttastöðina E! og þar segir hann meðal annars að Lindsay geti ekki tekið að sér hlutverk í því ástandi sem hún er. „Lindsay getur ekki tekið að sér hlutverk af því að stúlkan með alla hæfileikana er falin á bak við allan skítinn. Hún getur ekki verið hún sjálf. Þegar ég faðma hana að mér fæ ég hroll, ekki góðan hroll. Hún er önnur manneskja. Það eru ekki bara ólögleg eiturlyf og áfengi sem drepa því lyfseðilsskyld lyf geta verið janf hættuleg. Takið bara Heath Ledger, Michael Jackson og Dj AM sem dæmi,“ sagði hinn áhyggjufulli faðir í viðtalinu.









# GUÐ BLESSI ÍSLAND

**Heimildarmyndin Guð blessi Ísland var frumsýnd í í Háskólabíói í gær.**

Heimildarmyndarinnar, sem er eftir Helga Felixson, hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Mikill fjöldi fólks var viðstaddur frumsýninguna og þrátt fyrir að Björgólfur Thor Björgólfsson hafi átt frátekið sæti í salnum var hann hvergi sjáanlegur. Myndin virtist fara vel ofan í sýningargesti, enda um sögulega viðburði að ræða. - sm



**LEIKSTJÓRINN ÁSAMT DÓTTUR SINNI** Helgi Felixson þakkaði gestum fyrir komuna áður en sýning hófst. Hér er hann ásamt samstarfsfólki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sæti Jóns Ásgeirs var tómt.



Anna Fjóla Gísladóttir og sonur hennar, Lárus Valur.



Birgitta Jónsdóttir þingmaður.



Elísabet Jökulsdóttir og Vera Illugadóttir.



Hrafn Jökulsson og Máni Hrafnsson.



Rapparinn Dóri DNA og Finnur Jóhannsson.

# Leynilegur fundur

Tímaritið Grazia greinir frá því að Brad Pitt hafi beðið fyrrverandi eiginkonu sína, leikkonuna Jennifer Aniston, að hitta hann á hóteli í New York. Pitt vildi hitta Aniston til að létta á hjarta sínu og ræða samband sitt við Jolie.

„Jennifer kom og hitti Brad á hótelherbergi hans í New York stuttu eftir að hann hringdi í hana og bað hana að hitta hann. Brad vildi ræða sambandserfiðleika sína við Jennifer, sem er nokkuð óréttlátt af hans hálfu miðað við sögu þeirra. Jennifer var þó fljót að þagga niður í honum og sagðist ekki vilja taka þátt í þessu,“ sagði heimildarmaður í viðtali við tímaritið. Þetta er í annað sinn sem sögusagnir um leynilega fundi Aniston og Pitts rata í blöðin.



**RÆÐIR MÁLIN** Brad Pitt og Jennifer Aniston á góðri stundu.

# Simpsons-framhald ekki væntanlegt

Matt Groening, skapari Simpsons-þáttanna, segir að önnur kvikmynd sé ekki væntanleg á næstunni.

„Það tók okkur átján ár að byrja á fyrstu myndinni. Svo héldum við að það tæki tvö ár að framleiða hana, en það tók fjögur ár. Við vorum mjög pirruð,“ sagði Groening. „Einhvern tíma gerum við nýja, en ekki halda niðri í ykkur andanum.“

Það er sem sagt möguleiki á nýrri mynd, þó að enginn geti sagt hvenær hún er væntanleg. Groening er með góðar útskýringar á því. „Við getum ekki spáð til um framtíðina vegna þess að við trúum ekki einu sinni að við séum ennþá að.“



**SIMPSONS-FJÖLSKYLDAN** Fjölskyldan gula er ekki væntanleg á hvíta tjaldið.

# Ingó á styrktartónleikum

Ingó Veðurguð, Magnús Þór Sigmundsson og Fjallabræður eru á meðal þeirra sem koma fram á styrktartónleikum fyrir Rebekku Maríu Jóhannesdóttur í Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn í kvöld klukkan 20.

Rebekka berst nú fyrir að fá forræði yfir bræðrum sínum tveimur, sem eru sjö og tveggja ára, en þau misstu föður sinn og móður með stuttu millibili.

Hljómsveitirnar Hitakútur og Sirkuz koma einnig fram ásamt Jónasi úr Sólstrandargæjunum, Huldu Gestsdóttur og Sævari Helga Geirssyni. Kynnir kvöldsins verður Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Aðgangseyrir er 2.000 kr og rennur hann óskiptur til Rebekku Maríu og bræðra hennar. Forsala verður sama dag í Ráðhúskaffi og hefst klukkan 13. Þeim sem vilja leggja söfnuninni lið er bent á reikningsnúmerið 140-05-070155 og kennitöluna 160287-2259. **- afb**



**STYRKIR GOTT MÁLEFNI** Ingó lætur ekki sitt eftir liggja.



**MAGNÚS HLYNUR** Leggur sín lóð lá vogarskálarnar.

# Showgirls 2?!



**ELIZABETH BERKLEY** Eftirminnileg sem fatafellan Nomi í Showgirls.

Handritshöfundurinn Marc Vorlander vinnur nú að framhaldi á hinni æðislega lélegu Showgirls, sem gladdi drengi á öllum aldri árið 1995 með slæmum söguþræði, afleitri fléttu og nóg af beru holdi.

Showgirls: Story of Hope gerist í Þýskalandi. Fatafellan Hope úr fyrstu myndinni lætur lífið úr kókaíneitrun og bróðir hennar er staðráðinn í að hefna sín á þeim sem olli dauða hennar. Hvort hann ætli að hefna sín á kókaíninu sem slíku er með öllu óljóst.

Rena Riffel snýr aftur sem Hope í framhaldinu, en hún hefur undanfarið leikið í myndum á borð við Trasharella og Dark Reel. Þá er Trasharella in Space í framleiðslu. Engum sögum fer af því hvort aðalleikkonurnar Gina Gershon og Elizabeth Berkley snúi aftur sem komplexuðu stripparanir Kristal og Nomi. en hlutverkin voru hryðjuverk við ferilskrár þeirra. Þá hefur Kyle MacLachlan ekki stokkið um borð, en hann hefur gert góða hluti undanfarið í þáttunum Desperate Housewives. **- afb**

# Dalandi vinsældir

**Sjónvarpsstöðin Spike TV, sem er sérstaklega ætluð ungum karlmönnum, tók sig til og bjó til lista yfir leikkonur sem þykja hafa dalað hvað mest í vinsældum síðustu ár.**

**Fyrsta sætið hreppti bandaríska leikkonan Julia Roberts. Annað sætið vermdi fyrirsætan fyrrverandi Cameron Diaz og í þriðja sæti sat Meg Ryan. Leikkonurnar Teri Hatcher og Nicole Kidman voru svo í níunda og tíunda sæti. Það væri gaman að sjá hvaða karlleikarar kæmust á sambærilegan lista yfir leikara sem mega muna fífil sinn fegurri.**



**ALLT Í MÍNUS** Stjarna Cameron Diaz og Juliu Roberts er á niðurleið.



**Á HEIMLEIÐ** Líney Ingu var boðið starf hjá öðru stærsta almannatengslafyrirtæki heims en hertar innflytjendareglur í Bandaríkjunum gera það að verkum að hún getur ekki ílengst í starfi þar.

# Flytur heim og gerir gott úr hlutunum

**Líney Inga Arnórsdóttir útskrifaðist í vor frá Miami-háskóla í Bandaríkjunum með hæstu einkunn á MA-prófi í almannatengslum. Henni hefur verið boðið starf hjá Ketchum, sem er annað stærsta almannatengslafyrirtæki heims, en hertar innflytjendareglur í Bandaríkjunum gera henni ómögulegt að starfa hjá fyrirtækinu þegar tímabundið landvistarleyfi hennar rennur út.**

„Já, það er búið að herða lögin. Obama setti nýjar reglur um innflytjendur,“ segir Líney. „Þetta er samt skiljanlegt þar sem það er næstum því níu prósenta atvinnuleysi hér úti og Bandaríkjamenn eru að reyna að halda störfum fyrir ríkisborgara. Eins og er, þá er ómögulegt fyrir mig að fá leyfi, en það verður hægt eftir nokkur ár. Þetta er allt mjög flókið og það tók lögfræðinga Ketchum nokkra daga að fara yfir alla pappírana mína til að komast að niðurstöðu. Ég var mjög spæld að frétta þetta þar sem ég hefði viljað hækka í tign innan fyrirtækisins. En ég held samt að þetta gæti verið fyrir bestu. Ég hef búið úti svo lengi og það er tími til kominn að flytja aftur til Íslands og reyna að gera eitthvað gott úr hlutunum þar.“

**Tekin fram yfir 700 umsækjendur**

Líney hóf starfsþjálfun hjá Ketchum í New York í vor eftir að hún og átta aðrir voru valdir úr hópi 700 umsækjenda. „Þetta varð í raun tíu vikna keppni um eitt til tvö störf,“ segir hún. „Fyrstu fimm vikurnar unnum við í okkar eigin deildum. Ég var í rannsóknardeildinni og skrifaði yfirlit um allt frá kjarnorkuiðnaðinum yfir í félags- og fjölmiðlagreiningu um snyrtivörur. Ég vann fyrir viðskiptavini eins og IBM, Ikea, Levis, McDonald's, Nokia, PepsiCo og Sony. Síðustu fimm vikurnar unnum við lærlingarnir saman að tillögu að markaðsherferð fyrir Hertz-bílaleiguna, sem við kynntum á síðasta degi starfsþjálfunarinnar. Forstjóri Hertz mætti ásamt forstjóra Ketchum og öllum starfsmönnum höfuðstöðvarinnar hér í New York. Eftir 90 mínútna ræðu ákvað Hertz að kaupa herferðina á 300.000 dollara. Það var í fyrsta skipti sem viðskiptavinur kaupir herferð af sumarlærlingum. Þegar ég lýsti þessu fyrir fjölskyldunni minni spurði pabbi hvort ég væri nokkuð á vitlausum stað, hvort ég væri óvart í þættinum The Apprentice. Mér leið að minnsta kosti þannig!“

Það er kreppa í almannatengslabransanum eins og annars staðar. Ketchum réði því engan af sumarlærlingunum í fullt starf, en Líneyju var boðin tímabundin staða innan fyrirtækisins. „Ég er búin að vera að vinna þar síðan. Þeir buðu mér svo varanlega stöðu fyrir tveimur vikum, þannig að ég var sú sem fékk starfið eftir þó nokkra áreynslu!“

**Á heimili Russells Simmons**

Líney hefur tekið að sér ýmis aukaverkefni á meðan hún hefur verið búsett í New York, meðal annars fyrir útgáfufyrirtækið Condé Nast. „Ég hjálpaði til við að skipuleggja ráðstefnu fyrir Condé Nast Traveller þar sem öllum helstu fjölmiðlum er boðið að hlusta á sérfræðinga flytja fyrirlestra um ýmis málefni. Allir helstu blaðamenn New York Times og Wall Street Journal voru þarna. Til að auka spennu hjá almenningi mættu stjörnur á svæðið og voru talsmenn fyrir góðgerðastofnanir. Edward Norton talaði um reynslu sína með Masaí-stríðsmönnum, Wyclef Jean um fátækt á Haítí og Mandy Moore um börn í Afríku.“

Þrátt fyrir þétta dagskrá segir Líney að tími hafi gefist fyrir skemmtun inni á milli. Hún fór meðal annars í heimsókn í millahverfið Hamptons í tengslum við verkefni. Þar endaði hún á fjáröflunarsamkomu heima hjá hiphop-mógúlnum og milljarðamæringnum Russell Simmons. „Þeir sem hafa séð þættina með Russell og Kimoru Lee Simmons, Life in the Fab Lane, vita að húsið hans er nánast smíðað úr gulli,“ segir hún. „En þó að hann sé þriðji ríkasti maður rappiðnaðarins þá keyrir hann um á grænni blæju-bjöllu. Ég er líka búin að hitta aðra; Charlize Theron, stelpurnar úr The Hills, Gossip Girl, Kate Hudson, Gerard Butler og fleiri. Lenny Kravitz býr líka hérna beint á móti mér og ég vildi að ég gæti njósnað um hann, en hann er búinn að setja þvílík gluggatjöld upp að ljósmyndarar ná ekki myndum af honum. Ég held samt að flestir sem búa hérna í New York hafi upplifað það sama; fólk er ekkert að kippa sér upp við þetta enda eru stjörnur bara eins og allt annað fólk. Ég hef mun meiri áhuga á málefnum sem geta bætt heiminn. Þessi hluti starfsins er smá plús til að hrista upp í deginum!“

**Ísland þarf að taka ímyndina alvarlega**

Líney hyggst flytja til Íslands á næstu mánuðum og reyna fyrir sér í sínu fagi. „Vonandi eru tækifæri fyrir fagmenn þar eins og annars staðar,“ segir hún. „Ég er líka búin að vera í viðræðum við starfmannastjóra Ketchum í London um að hoppa þangað ef hlutir ganga ekki upp. Ég vil vinna aftur hjá Ketchum. Þetta er næststærsta almannatengslafyrirtæki heims. Það eru endalausir möguleikar þarna. Þetta kann að hljóma skringilega fyrir þá sem eru fastir á Íslandi í kreppunni, en maður saknar alltaf landsins. Ég vil taka þátt í að hjálpa landsmönnum að snúa ástandinu við. Ég hef mikinn áhuga á alþjóðasamskiptum, bæði fyrir ríkistjórn og fyrirtæki. Vonandi get ég notað þekkinguna mína í að kynna landið með jákvæðum hætti. Mér finnst við ekki vera nógu dugleg í skipulagðri ímyndarstjórnun og við þurfum að taka það alvarlega, sérstaklega í dag.“

**atlifannar@frettabladid.is**

# Matt Lucas í sárum

Fyrrverandi eiginmaður grínistans Matt Lucas fannst látinn á heimili sínu í fyrradag og telur lögreglan að um sjálfsmorð hafi verið að ræða. Lucas, sem skaust á stjörnuhimininn í kjölfar gamanþáttanna Little Britain, er sagður miður sín vegna fréttanna.

Lucas og Kevin McGee létu pússa sig saman árið 2006. Þeir skildu fyrir ári vegna erfiðleika í sambandinu, en McGee stríddi við eiturlyfjafíkn.

Hinn 32 ára gamli McGee hafði skrifað á fésbókarsíðu sína stuttu áður en hann fannst látinn á heimili sínu að honum þætti dauðinn ákjósanlegri en lífið.

„Kevin átti erfitt með að takast á við frægðarsól Matts og hann sökk dýpra í eiturlyfjaneyslu. Matt er aftur á móti mjög jarðbundinn og hefur aldrei snert eiturlyf. Brestir komu í sambandið í kjölfarið því Matt gat einfaldlega ekki sætt sig við þetta,“ sagði sameiginlegur vinur þeirra tveggja.


**MIÐUR SÍN** Matt Lucas, til hægri, er miður sín yfir fréttum um andlát Kevins McGee. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lennon-veisla í boði Yoko Ono

Á föstudaginn, sem hefði orðið 69 ára afmælisdagur Johns Lennon, verður Friðarsúlan í Viðey tendruð í þriðja sinn. Yoko Ono kemur enn og aftur til landsins og býður ókeypis ferðir til Viðeyjar á föstudaginn og um næstu helgi. Einnig býður hún á tónleika til heiðurs John Lennon í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi sem hefjast kl. 22 á föstudagskvöld. Dagskráin hefst hins vegar klukkan 20, þegar sýnt verður beint frá tendrun Friðarsúlunnar. Því næst verður sýnd myndin The Bed-In, um friðarbaráttu þeirra hjóna, og svo sýndar stiklur úr væntanlegri heimildarmynd Ara Alexanders Ergis um tilurð Friðarsúlunnar, Imagine Peace Tower.

Íslenska stórskotaliðið tekur þátt í minningartónleikunum. Þarna munu söngvarar eins og Krummi, KK, Egill Ólafsson, Páll Rósinkranz og Björgvin Halldórsson syngja lög úr söngbók Lennons, bæði Bítlalög og sólóefni. Yoko og Sean Lennon verða á svæðinu, svo Bítlaaðdáendur ættu ekki að missa af þessu kvöldi. Nú er bara að vona að fleiri hörmungar dynji ekki yfir þjóðina samfara Friðarsúlutendruninni, því fyrst logaði borgarstjórn og svo hrundi fjármálakerfið. Varla er þó við Yoko að sakast og hún hvetur fólk til að koma við í Naustinu í Viðey og skrifa á óskatré sitt. - drg


**FRIÐARSÚLUÁFORMIN KYNNT 2006** Yoko, Sean, Stefán og Alfreð kynna Viðeyjarverkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# LeAnn flutt í hverfið

**Fyrrverandi eiginkona leikarans Eddie Cibrian kvartar sáran undan nýrri kærustu hans, söngkonunni LeAnn Rimes. Brandi Glanville segir Rimes hafa sýnt mikið tillitsleysi þegar hún flutti í hverfið sem Glanville býr í ásamt börnum sínum og Cibrian, en hjónaband þeirra fór í súginn eftir að upp komst um framhjáhald Cibrians og Rimes.**

**„LeAnn Rimes flutti í næstu götu við mig og börnin. Hún er komin inn á mitt svæði og mér finnst það mjög óþægilegt. Mér finnst að hún hefði getað sýnt smá tillitssemi og haldið sig fjarri mér og börnunum. Það er eins og hún þrái líf mitt. Hún vill börnin. Hún vill manninn minn. Hún má fá manninn en hún fær ekki börnin mín,“ sagði Glanville í nýlegu blaðaviðtali.**


**NÝR NÁGRANNI** Fyrrverandi eiginkona Eddie Cibrian vill LeAnn Rimes burt úr hverfinu.

# Brand elskar Katy Perry

**Grínistinn Russell Brand sagði í viðtali við The Sun að hann væri ástfanginn af bandarísku söngkonunni Katy Perry, en þau hafa verið að stinga saman nefjum í nokkrar vikur. Vinur leikarans segir hann hafa lengi verið hrifinn af Perry. „Russell hefur verið skotinn í Katy í langan tíma og var eins og lítill skóladrengur þegar þau fóru að hittast. Hann telur hana vera hina fullkomnu kærustu og er tilbúinn að hætta að hitta aðrar stúlkur,“ sagði vinurinn.**

**Samkvæmt heimildarmanni veit Katy af glaumgosaorðsporinu sem fer af Brand en henni finnst hann þó svo heillandi og fyndinn að hún er tilbúin að láta reyna á sambandið.**


**HEILLUÐ** Katy Perry er heilluð af glaumgosanum Russell Brand.



# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 3.30, 6 og 9 | 16 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 7 og 10 | 12 |
| BIONICLE - Íslenskt tal | kl. 4(650 kr.) | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 4, 6, 8 og 10 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SURROGATES | kl. 6 - 8D - 10:10D | 12 |
| SURROGATES | kl. 5 - 8 - 10:10 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| BANDSLAM | kl. 5:30 | L |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 10:50 síðasta sinn | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 síðasta sinn | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SURROGATES | kl. 6 - 8:20D - 10:30D | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6D | L |
| KRAFTUR SÍÐASTI SPRETTURINN | kl. 8:10D - 9:20D | L |
| DISTRICT 9 | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| FINAL DESTINATION 4 | kl.10:30(3D) síðasta sinn | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 6 | L |
| SURROGATES | kl. 8 | 16 |
| UP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 | 12 |

HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| JENNIFER´S BODY | kl. 5.45 - 8 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 10.20 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| JENNIFER´S BODY | kl.10 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 5.45 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.50 - 8.30 - 11 | 14 |
| JENNIFER´S BODY | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BEYOND REASONABLE DOUBT | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |




# Listamenn styrktir

Listamaðurinn Alexander Zaklynzky stendur fyrir kvikmyndasýningu í Hafnarhúsinu til styrktar íslenskri list. Sýnd verður heimildarmyndin A Sea Change, í leikstjórn Barböru Ettinger, sem fjallar um áhrif mengunar og ofveiði á lífríki hafsins og hefur hlotið fjölda verðlauna á kvikmyndahátíðum víða um heim.

„Aðstandendur kvikmyndarinnar höfðu samband við mig því þeir vildu sýna myndina hér á landi. Ég hélt að það væri sniðugt að sýna myndina og láta ágóðann renna til styrktar íslenskum listamönnum sem eru á leið til Danmerkur til að taka þátt í Climate Forum-ráðstefnunni sem haldin verður í desember,“ segir Alexander.

„Við erum að leita eftir verkum eftir fleiri listamenn til að hafa með okkur út til sýningar. Verkin verða þó að tengjast umhverfisvitund á einhvern hátt því ráðstefnan fjallar um umhverfismál. Ég tel að listamenn geti átt stóran þátt í að auka umhverfisvitund fólks með list sinni og finnst mikilvægt að listamenn séu svolítið meðvitaðir um umhverfi sitt. Ef fólk hefur áhuga á að sýna verk á ráðstefnunni þá getur það haft samband við mig í gegnum síðuna www.asea.is,“ segir Alexander.

Myndin verður sýnd laugardaginn 10. október klukkan 18.00 og er aðgangseyrir 500 krónur. **- sm**



**STYRKIR LISTAMENN** Alexander sýnir heimildarmynd um verndun hafsins. Ágóðinn rennur til styrktar listamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sonur Gunna Þórðar er kominn í tónlistarbransann

**Eplið fellur sjaldnast langt frá eikinni. Sonur Gunna Þórðar þreifar nú fyrir sér í tónlistinni.**

„Nei, við erum ekkert líkir Trúbroti, þetta er nú frekar eins og King Crimson, Yes og ELP rúllað upp í eitt,“ segir Zakarías Gunnarsson, 21 árs sonur Gunnars Þórðarsonar tónlistarmanns. Zakarías spilar á bassa með hljómsveitinni Caterpillarmen. Með honum í bandinu eru bræðurnir Ísak Örn og Ingimundur Guðmundssynir á gítar og orgel og Andri Þórhallsson á trommur.

„Ég er gamli kallinn í bandinu, 21 árs,“ segir Zakarías. Hann segir hina hafa verið að fást við blúsrokk en bandið hafa farið að „proggast upp“ þegar hann kom til sögunnar í janúar á þessu ári. „Við sækjum samt alveg innblástur í yngri bönd eins og Battles,“ bætir hann við. Caterpillarmen hefur verið að vekja athygli að undanförnu með gríðarþéttri frammistöðu á tónleikum og fyrsta platan er tilbúin. Hún heitir Api og kemur út á vegum Brak-útgáfunnar bráðlega, eða „fyrir Airwaves,“ eins og Zakarías segir. „Það eru sex lög á henni með eins mörgum köflum og hægt er að troða í hvert lag. Platan er samtals 38 mínútur. Við erum svo byrjaðir að pæla í næstu plötu og erum meðal annars komnir með eitt 20 mínútna lag sem skiptist í fjóra kafla.“

Á meðan synir Rúnars Júlíussonar hafa getið sér gott orð í músíkinni er Zakarías fyrsti afkomandi Gunna Þórðar sem lætur til sín taka á þessu sviði. „Ég byrjaði að læra á bassa tólf ára, fór á gítarinn fimmtán ára, og síðan aftur á bassann. Og jú, pabbi er mjög ánægður með bandið,“ segir hann.

Caterpillarmen: Leggið nafnið á minnið. Næst spilar bandið á Grand rokk nú á föstudagskvöldið á fjáröflunartónleikum fyrir Hljóðstofuna, nýtt hljóðver. Það kemur fram auk átta annarra hljómsveita, þar á meðal Mammút, Bob og Sudden Weather Change.

**drgunni@frettabladid.is**



**PROGGAÐIR** Hljómsveitin Caterpillarmen frá vinstri: Andri, Zakarías, Ísak Örn og Ingimundur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TÓNLIST ★★★

**I Am a Tree Now**
Þóra Björk

## Hæfileikamanneskja á ferð



I Am a Tree Now er fyrsta plata Þóru Bjarkar Þórðardóttur sem varð í öðru sæti í baráttu- og bjartsýnislagakeppni Rásar 2 í sumar með lagið Sumarylur. Laufléttur rólyndis þjóðlaga/blús/djassandi er yfir stærstum hluta plötunnar, en þó er tekið á popprás endrum og eins með fínum árangri.

Sumarylurinn valíumkenndi er góðu heilli ekki of einkennandi fyrir gripinn í heild, því flestar hinna lagasmíðanna eru nokkuð skemmtilegar og grípandi. Má sérstaklega nefna upphafslagið Mystery Man, titillagið, ballöðuna gullfallegu Soft Hands, The One for Me og Would You Mind, sem tekst á gott flug í viðlaginu, í því sambandi. Síðri eru You'll Meet a Stranger, Still With Empty Hands og Þúég.

Þóra Björk býr augljóslega yfir gnótt af hæfileikum. Söngurinn er fallegur og melódíurnar þægilegar (hvorutveggja minnir meira en lítið á Emilíönu Torrini). Meira mætti leggja upp úr textum, sem eru oft og tíðum endurtekningar á klisjulegum vangaveltum um náttúru mannskepnunnar. Hljóðfæraleikur er framúrskarandi góður og valinn maður í hverju rúmi.

Hér á ferð hin fínasta plata. Þóra Björk verður örugglega áberandi á næstunni.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Fallega sungin, þægileg og grípandi lög en textagerðin brokkgeng. Fín plata.



**RIFIST** Ósætti er á milli stúlknanna í Sugababes.

# Sykurstúlkur ósáttar

**Aðeins hálfum mánuði eftir að stúlknasveitin Sugababes skipti út söngkonunni Keishu Buchanan fyrir Eurovision-farann Jade Ewen virðist allt vera komið í bál og brand á ný.**

**Upptök rifrildisins voru þau að á meðan verið var að mynda stúlkurnar hringdi farsími Amelle Berrabah í sífellu og gera þurfti hlé á tökum á meðan hún svaraði í símann. Samkvæmt heimildarmanni The Sun fór þessi truflun mjög í taugarnar á þeim Ewen og Heidi Range. „Hinar þurftu að bíða á meðan Amelle svaraði í símann og það fór meira og meira í taugarnar á þeim. Umboðsmaður þeirra þurfti að skerast í leikinn og segja þeim að haga sér eins og fagmenn.“**

# Örlygur Smári gerist plötusnúður

„Mig hefur langað til að gera þetta í langan tíma og fæ kjörið tækifæri til að kýla á þetta,“, segir upptökustjórinn og lagahöfundurinn Örlygur Smári.

Örlygur lætur gamlan draum rætast annað kvöld þegar hann verður plötusnúður á 90‘s-kvöldi á skemmtistaðnum Spot. Hann hefur hingað til verið þekktari fyrir gæfuríkt samstarf þeirra poppkóngsins Páls Óskars ásamt því að hafa tvisvar samið framlag Íslands í Eurovision.

„Ég hef aldrei unnið sem plötusnúður, en ég var í þessum bransa,“ segir Örlygur, spurður hvort hann ætli að rifja upp gamla takta. „Ég var í hljómsveit í gamla daga og spilaði á böllum. Þá sá ég um tónlistina í pásunni. Þannig að maður ætti að vita hvað fólkið vill heyra.“

Plötusnúðsferillinn náði aldrei svo langt að Örlygur fengi DJ-nafn. Undirritaður stingur upp á DJ Smári, en hann býst ekki við að nota það. „Nei, ætli það?“ segir hann og hlær.

Spurður um framhaldið segir Örlygur að það sé aldrei að vita hvort plötusnúðsferillinn verði farsæll. „Ég ætla að sjá hvernig þetta gengur og þróast,“ segir hann. „Ég er mikið að vinna dansmúsík. Það er gaman að sitja ekki bara heima í stúdíóinu og búa þetta til heldur spila þetta líka.“

Haffi Haff og Anna Hlín koma einnig fram á 90s-kvöldinu sem dúettinn A.K.A og þá mun Valli Sport einnig þeyta skífum. - afb


**DJ SMÁRI?** Örlygur Smári stígur á svið sem plötusnúður á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Katie Price skrifar fjórðu ævisöguna

Fjórða ævisaga glamúrfyrirsætunnar Katie Price er nú í burðarliðnum en breskar bókaútgáfur hafa lýst því yfir að þær hafi ekki áhuga á að gefa bókina út. Þetta er fjórða ævisaga Price á fimm árum og í þeirri nýjustu mun hún fjalla um skilnað sinn við Peter Andre.

„Bóksalar vilja ekki ergja viðskiptavini sína með því að taka inn enn eina ævisöguna eftir Price, sem hefur nú þegar skrifað og gefið út þrjár slíkar á síðustu fimm árum. Svo virðist sem Price ætli sér að mjólka aðdáendur sína og hafa af þeim hvern einasta eyri,“ sagði starfsmaður bókaútgáfunnar Random House í viðtali við The Sun. Síðasta bók Price, Pushed to the Limit, kom út í febrúar á þessu ári.

Ævisaga Peter Andre, fyrrverandi eiginmanns Katie Price, er væntanleg í hillur breskra bókaverslana fyrir jólin.


**SAGAN ÖLL?** Katie Price hyggst skrifa fjórðu ævisöguna á fimm árum.


**UNGT OG LEIKUR SÉR** Brad Pitt er of þreyttur til að fara út að skemmta sér og býður vinum sínum þess í stað heim. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leikherbergi Brads Pitt

**Brad Pitt segist ekki hafa orku til að fara út að skemmta sér nú þegar hann er sex barna faðir. Þess í stað býður hann vinum sínum heim til sín þegar hann hefur þörf fyrir félagsskap.**

**Samkvæmt heimildum hefur Pitt útbúið sérstakt „leikherbergi“ fyrir sig og vini sína og hefur ekkert verið til sparað. Pitt og sambýliskona hans, Angelina Jolie, eiga þrjú heimili og er „leikherbergi“ í hverju þeirra. Í herbergjunum má meðal annars líta stóran bjórkæli og mótorhjól af ýmsum gerðum. Herbergið í New Orleans er ríkmannlegast. Þar geymir Pitt gömul Harley-Davidson-mótorhjól og einstakt safn gamalla vínylplatna með rokktónlist.**

# Biel döpur og þreytt

**Fréttir af meintum sambandsslitum söngvarans Justins Timberlake og leikkonunnar Jessicu Biel virðast lífseigar. Nýjustu fregnir herma að Biel eigi erfitt með að einbeita sér að vinnu þessa dagana, en hún er í Vancouver við tökur á kvikmyndinni A-Team. Á meðan Biel sást döpur og þreytt á matsölustað í Vancouver skemmti Timberlake sér í góðra vina hópi í Los Angeles.**

**Haft var eftir ömmu söngvarans í viðtali við Cover að fjölskyldan liti á Timberlake sem einhleypan mann. „Jessica vill gifta sig en Justin finnst hann ekki tilbúinn að festa ráð sitt. Hann er of upptekinn við að sinna tónlistinni og vinnur hörðum höndum að því að halda sér á toppnum. Hvað okkur varðar, þá finnst okkur hann alltaf hafa verið einhleypur. Kærusturnar koma og fara og samböndin hafa ekki verið alvarleg. Justin fer sínar eigin leiðir og hann er ekki tilbúinn að kvænast,“ sagði amman um barnabarn sitt.**


**EINHLEYPUR** Amma Timberlakes lítur á hann sem einhleypan mann.


Dúndur
útsölumarkaður Skeifunni 17
Buxur 2.500,-
Jakkar 5.000,-
Bolir 1.500,-
Toppar 1.500,-
Fylgihlutir 500,-
Kjólar 3.000,-
Peysur 2.000,-
Jólapappír og jólakort á klink!
Aðeins 8.-18. október
Opið 12 - 18 alla daga
next

## > Jóhannes tekur við af Wake

Blikar hafa ráðið nýjan þjálfara fyrir kvennalið sitt í knattspyrnu. Jóhannes Karl Sigursteinsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við félagið. Jóhannes Karl er ekki ókunnugur í Kópavoginum en hann hefur verið aðstoðarmaður Vöndu Sigurgeirsdóttur og síðan Gary Wake síðustu tvö sumur. Jóhannes var þar áður aðalþjálfari hjá kvennaliði Stjörnunnar.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ARON EINAR GUNNARSSON: Á NÝ Í BYRJUNARLIÐI COVENTRY EN ÞÓ TÆPUR FYRIR LANDSLEIKINN GEGN SUÐUR-AFRÍKU**

# *Gott spark í rassinn að vera settur út úr liðinu*

Miðjumaðurinn Aron Einar Gunnarsson hjá Coventry hefur farið hægt af stað með enska b-deildarfélaginu Coventry á þessu keppnistímabili en hann var lykilmaður hjá liðinu á síðasta tímabili og var meðal annars kosinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum félagsins.

„Ég er búinn að eiga í smá veseni þar sem ég er búinn að standa í samningaviðræðum við Coventry og það var ekki að ganga eins og ég hafði vonað. Ég var því pirraður og lét ástandið fara í taugarnar á mér og skorti kannski einhvern drifkraft á æfingum og í leikjum. Ég var bara ekki með hausinn hundrað prósent í lagi og því tók knattspyrnustjórinn Chris Coleman mig út úr liðinu. Hann sagði mér að ég hefði ekkert endilega verið að spila illa en að greinilegt væri að ég væri ekki með einbeitinguna í lagi. Það var gott spark í rassinn að vera settur út úr liðinu og ég ákvað bara að ýta þessum samningaviðræðum til hliðar og fara að einbeita mér að því sem skiptir máli og það er að spila fótbolta. Ég er því kominn aftur í mitt gamla form og hlakka bara til þess að halda áfram að spila með liðinu. Ég á enn eitt og hálft ár eftir af samningi mínum við Coventry og ef þeir eru ekki tilbúnir að bjóða mér nægilega góðan samning þá kemur bara í ljós hvað gerist en þessi mál eru alla vega alfarið í höndunum á umboðsmanni mínum núna,“ segir Aron Einar.




„Ég fór í skoðun og myndatöku á hnénu í gær og það er eitthvað að brjóskinu í hnénu á mér og það hefur truflað mig síðustu vikur. Ég fékk sem sagt högg á hnéð í landsleiknum á móti Noregi á dögunum og eftir skoðunina í gær ráðlögðu læknarnir mér að hvíla í viku en sögðu að þetta væri ekkert til þess að hafa miklar áhyggjur af. Ég þurfti því alla vega að draga mig út úr hópnum fyrir leikinn með U-21 árs landsliðinu á föstudag en ég kem heim á sunnudag og þá kemur í ljós hvort ég sé klár fyrir leikinn með a-landsliðinu gegn Suður-Afríku á þriðjudaginn. Við sjáum hvernig þetta fer,“ segir Aron Einar vongóður.



**ATLI JÓHANNSSON** Átti fínt tímabil með KR í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Atli Jóhannsson:

## Vill vera áfram hjá KR

**FÓTBOLTI** Eyjapeyinn Atli Jóhannsson er samningslaus frá KR og hefur verið orðaður við nokkur lið eftir að tímabili lauk. Sjálfur hefur hann þó ekki í hyggju að yfirgefa Vesturbæinn.

„Ég hef áhuga á að vera áfram hjá KR og þeir hafa áhuga á að halda mér. Ég mun setjast niður með þeim í vikunni og vonandi klárum við nýjan samning,“ sagði Atli við Fréttablaðið.

„Ég er annars voða rólegur yfir þessu öllu. Ég hef eitthvað heyrt af áhuga annarra liða en er lítið að velta því fyrir mér. Ég vil vera áfram hjá KR og það gengur fyrir að spjalla við KR-inga.“

- hbg

# Torres of stór biti fyrir Valsstúlkur

**Valsstúlkur töpuðu í gær, 1-2, gegn ítalska liðinu Torres og féllu úr keppni í Meistaradeild UEFA. Torres vann einvígið 6-2 samanlagt en þjálfari Vals segir tölurnar ekki gefa rétta mynd af styrkleika liðanna.**

**FÓTBOLTI** „Við gerðum okkur náttúrlega mjög erfitt fyrir með að tapa fyrri leiknum 4-1 á Ítalíu og þegar þær komast yfir í þessum leik þá vorum við í vondum málum. Ég er annars mjög ánægður með hugarfarið hjá mínu liði því stelpurnar voru enn að berjast þegar níutíu og tvær mínútur voru komnar á klukkuna og þannig þekki ég þessar stelpur. Þær gefast aldrei upp,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals.

Boðið var upp á íslenskar aðstæður með kulda og vindi í gær. Hallbera Guðný Gísladóttir og Laufey Ólafsdóttir komust báðar í ákjósanlegar skotstöður um miðbik fyrri hálfleiks en skotin rötuðu ekki á rammann. Varnarlega lentu Valsstúlkur annars ekki í stórkostlegum vandræðum.

Eitthvað sofnuðu Valsstúlkur þó á verðinum þegar skammt var eftir af fyrri hálfleik því þá slapp Panico inn fyrir vörn Vals og lagði boltann snyrtilega á fjærstöngina þar sem Sandy Iannella var mætt og gat ekki annað en skorað.

Valsstúlkur börðust áfram og uppskáru árangur erfiðisins þegar Katrín Jónsdóttir jafnaði leikinn með skallamarki á 69. mínútu eftir hornspyrnu Dóru María Lárusdóttur. Valsstúlkur voru svo nálægt því að taka forystu þegar tíu mínútur lifðu leiks þegar Thelma Björk Einarsdóttir átti þrumuskot langt utan af velli sem fór í slá og yfir. Mínútu síðar náðu gestirnir hins vegar að komast yfir þegar Panico slapp inn fyrir vörn Vals og skoraði af miklu öryggi framhjá Maríu Björgu Ágústsdóttur í marki Vals. María Björg kom þó í veg fyrir að sigur Torres yrði stærri á lokakafla leiksins þegar hún varði snilldarlega.



**SNJÓBOLTI** Leikið var við kuldalegar aðstæður á Hlíðarenda í gær. Hallbera Guðný Gísladóttir skeiðar hér upp vænginn framhjá snjósköflunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta var mjög erfitt og kuldinn hjálpaði ekki til en ég held að við höfum nú þolað hann betur en þær ítölsku. Við vissum að við þurftum að eiga toppleik til þess að fara áfram. Við þurftum líka að taka áhættu með því að færa liðið framar á völlinn og það bauð hættunni heim og þær ítölsku kunnu að nýta sér það. Við klúðruðum þessu náttúrlega í fyrri leiknum úti og það er meira en að segja það að vinna upp þann mun hér heima,“ sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals, í leikslok. omar@frettabladid.is





14 til 28 Nóvember 2009
Fyrsta lífvarðanámskeið á Íslandi
Öryggisvarðaskólinn
Sími: 698 1666
ovskoli.is
Terr Security
Terr security býður uppá starfsmöguleika á heimsvísu


Tryggvi Guðmundsson segir líklegt að hann verði áfram í herbúðum FH:

## Vil fá að spila meira næsta sumar

**FÓTBOLTI** „Ég er með samning við FH og á að mæta til æfinga hinn 8. nóvember næstkomandi. Þannig er staðan hjá mér,“ segir Tryggvi Guðmundsson FH-ingur en hann er talsvert orðaður við brottför frá FH-liðinu.

Tryggvi á ár eftir af samningi sínum við félagið en þrátt fyrir það herma heimildir Fréttablaðsins að framtíð hans sé ekki trygg hjá félaginu. Tryggvi lenti á bekknum í sumar og var að vonum afar ósáttur við það.

„Ég vil vera áfram hjá FH en ég neita því ekkert að mig langar að spila meira næsta sumar en ég gerði í sumar. Ég hef trú á því að það geti gerst. Þetta var svolítið skrítið sumar. Ég lenti á bekknum snemma en kom aftur inn sterkur og hélt mér í liðinu út tímabilið. Sýndi að ég hef enn talsvert fram að færa,“ segir Tryggvi, sem útilokar samt ekki aðra möguleika.

„Maður veit aldrei hvað gerist í þessu. Ef eitthvert félag vill fá mig þá verður það bara að hafa samband við FH og það er þeirra að ákveða hvort þeir vilji halda mér eður ei. Ég er samt til í að vera áfram,“ segir Tryggvi og neitar að hafa rætt við einhver félög.

Orðrómur er um að honum gangi illa að vinna með Heimi Guðjónssyni, þjálfara FH, en hann blæs á það. „Það er allt fínt hjá okkur Heimi. Ef ekki þá væri hann væntanlega búinn að losa sig við mig,“ sagði Tryggvi. - hbg




**TRYGGVI EKKI AÐ HUGSA SÉR TIL HREYFINGS** Tryggvi Guðmundsson segir það ekki vera í kortunum að hann sé að yfirgefa FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Opið til kl. 18 í kvöld

## Dæmi um bílaleigubíla sem eru á rýmingarsölu Thrifty bílaleigu



**Ford Fiesta Trend (PK086)**
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 07/2006. Ek. 49.000 km.
Verð 1.650.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
**Thrifty verð 1.250.000 kr.**



**Citroën C1 (DF141)**
1,0i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 05/2006. Ek. 81.000 km.
Verð 1.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 300.000 kr.
**Thrifty verð 890.000 kr.**



**Citroën Xsara Picasso (TP762)**
2.0i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 05/2004 Ek. 99.000 km.
Verð 1.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
**Thrifty verð 990.000 kr.**



**Ford Focus Trend (TL619)**
1.6i bensín beinskiptur 5 dyra
Skrd. 12/2005 Ek. 59.000 km.
Verð 2.060.000 kr.
Thrifty afsláttur 570.000 kr.
**Thrifty verð 1.490.000 kr.**



**Citroën C4 Saloon Comfort (RO259)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 07/2007 Ek. 25.700 km.
Verð 2.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
**Thrifty verð 1.990.000 kr.**



**Volvo C30 (FRZ29)**
1.6i dísil beinskiptur 3 dyra.
Skrd. 09/2008 Ek. 10.000 km
Verð 3.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 800.000 kr.
**Thrifty verð 2.990.000 kr.**



**Mazda5 Touring (VBY17)**
2,0i bensín beinskiptur 7 manna.
Skrd. 01/2008. Ek. 47.000 km.
Verð 2.750.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
**Thrifty verð 2.190.000 kr.**



**Ford Explorer XLT Sport 4x4 (ML119)**
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarbeisli, leðuráklæði,
nálægðarskynjari aftan ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 82.000 km.
Verð 3.220.000 kr.
Thrifty afsláttur 630.000 kr.
**Thrifty verð 2.590.000**

# Gerðu bílakaup dagsins!

Nýttu tækifærið - Thrifty bílaleiga þarf að losna við bíla fyrir veturinn. Nú getur þú gert bílakaup á alveg sérstökum kjörum. Komdu og skoðaðu. Reynsluaktu bíl frá Thrifty bílaleigu og gerðu bílakaup dagsins. Við erum þar sem Brimborg er á Bíldshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri.

Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn

**Rýmingarsala á bílaleigubílum**

Opið til 18 í kvöld



**Citroën C4 Comfort (KJ818)**
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Glerþak, 16” álfelgur.
Skrd. 09/2006. Ek. 27.000 km.
Verð 2.260.000 kr.
Thrifty afsláttur 770.000 kr.
**Thrifty verð 1.490.000 kr.**



**Ford Transit Connect 220L (UJ245)**
1,8i dísil beinskiptur 6 dyra.
Rennihurð á hlið, fellanl.sæti ofl.
Skrd. 04/2005. Ek. 80.000 km.
Verð 1.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
**Thrifty verð 990.000 kr.**



**Mazda6 Touring (ZU022)**
2,0i bensín sjálfskiptur station.
16”álfelgur ofl.
Skrd. 09/2007. Ek. 36.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
**Thrifty verð 2.550.000 kr.**



**Volvo S60 (VU856)**
2.0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 10/2005 Ek. 102.000 km.
Verð 2.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
**Thrifty verð 2.290.000 kr.**



**Citroën C5 (JN459)**
1,8i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 07/2006. Ek. 30.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 530.000 kr.
**Thrifty verð 1.790.000 kr.**



**Mazda3 Touring (OM314)**
1,6i bensín beinskiptur 4 dyra.
Skrd. 07/2007. Ek. 54.400 km.
Verð 2.140.000 kr.
Thrifty afsláttur 550.000 kr.
**Thrifty verð 1.590.000 kr.**



**Audi A4 TFSI Quattro (YYK88)**
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 01/2006. Ek. 75.000 km.
Verð 4.250.000 kr.
Thrifty afsláttur 860.000 kr.
**Thrifty verð 3.390.000 kr.**



**Volvo S80 SE+ (**
4,4i bensín sjálfs
Nálægðarskynja
18” álfelgur of
Skrd. 01/2007
Verð 6.790.0
Thrifty afsláttur 1.000.000 kr.
**Thrifty verð 5.790.000 kr.**



**Mazda6 Sport (LP883)**
2,3i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Leður, rafdrifið bílstj. sæti,
BOSE hljómkerfi, Xenon ljós ofl.
Skrd. 06/2006. Ek. 63.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 560.000 kr.
**Thrifty verð 2.390.000 kr.**



**Ford Focus C-Max (ZO589)**
1.6i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 07/2006 Ek. 56.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 640.000 kr.
**Thrifty verð 1.680.000 kr.**



**Toyota Avensis (USD25)**
1.8i bensín beinskiptur station.
Skrd. 07/2008 Ek. 30.000 km.
Verð 3.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
**Thrifty verð 2.990.000 kr.**



**Volvo S40 (KS988)**
2.0i dísil beinskiptur 4 dyra
Skrd. 08/2006 Ek. 86.000 km.
Verð 2.690.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
**Thrifty verð 2.190.000 kr.**



**Ford Mondeo Trend (SA314)**
2,0i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 09/2004. Ek. 92.600 km.
Verð 1.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
**Thrifty verð 1.390.000 kr.**



**Ford Transit 300M (PN789)**
2.0i dísil beinskiptur 6 dyra
Skrd. 09/2005 Ek. 91.000 km.
Verð 2.150.000 kr.
Thirfty afsláttur 860.000 kr.
**Thrifty verð 1.290.000 kr.**



**Citroën Berlingo (UN576)**
2.0i dísil beinskiptur
Skrd. 07/2005 Ek. 74.000 km
Verð 1.290.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
**Thrifty verð 790.000 kr.**



**Ford Focus Trend (BU864)**
1,6i bensín beinskiptur station.
Skrd. 05/2007. Ek. 67.000 km.
Verð 2.350.000 kr.
Thrifty afsláttur 670.000 kr.
**Thrifty verð 1.680.000 kr.**



**Ford Escape XLT (LU369)**
3,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 06/2004. Ek. 83.000 km.
Verð 2.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
**Thrifty verð 1.590.000 kr.**



**Ford Explorer Sport Trac (KG426)**
4.6i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd 08/2006 Ek. 80.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
**Thrifty verð 2.890.000 kr.**



**Citroën C4 SX (SO447)**
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 38.000 km.
Verð 1.860.000 kr.
Thrifty afsláttur 470.000 kr.
**Thrifty verð 1.390.000 kr.**



**Ford Fiesta Trend (PI883)**
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 06/2007. Ek. 68.000 km.
Verð 1.720.000 kr.
Thrifty afsláttur 630.000 kr.
**Thrifty verð 1.090.000 kr.**



**Citroën C3 SX (TF119)**
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 08/2005. Ek. 64.000 km.
Verð 1.460.000 kr.
Thrifty afsláttur 470.000 kr.
**Thrifty verð 990.000 kr.**



**Mazda3 Touring (ZNJ01)**
1.6i bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 06/2008 Ek. 47.000 km.
Verð 2.420.000 kr.
Thrifty afsláttur 430.000 kr.
**Thrifty verð 1.990.000 kr.**



**Ford Expedition Limited (AL514)**
5,4i bensín sjálfskiptur 8 manna.
Nálægðarskynjari aftan,
dráttarkrókur. ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 68.000 km.
Verð 4.650.000 kr.
Thrifty afsláttur 660.000 kr.
**Thrifty verð 3.990.000 kr.**



**Ford Focus Trend Collection (TK164)**
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Upphitanleg framrúða, tölvustýrð
miðstöð, rafdr. rúður framan og
aftan ofl.
Skrd. 06/2007. Ek. 69.000 km.
Verð 2.430.000 kr.
Thrifty afsláttur 540.000 kr.
**Thrifty verð 1.890.000 kr.**



**Volvo V50 T5 AWD (UB596)**
2,5i bensín sjálfskiptur station.
Dráttarkrókur, leðuráklæði,
hraðastillir ofl.
Skrd. 08/2005. Ek. 60.000 km.
Verð 3.290.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
**Thrifty verð 2.690.000 kr.**



**Citroën C2 VTS (AF498)**
1,6i bensín beinskiptur 3 dyra.
Álfelgur 16”, loftkæling,
sportfjöðrun ofl.
Skrd. 04/2007. Ek. 20.000 km.
Verð 2.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 700.000 kr.
**Thrifty verð 1.490.000 kr.**



**Mazda Tribute AWD (UA411)**
2.3i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 05/2005 Ek. 65.000 km.
Verð 2.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
**Thrifty verð 1.990.000 kr.**



**Ford Explorer Eddie Bauer 4x4 (AU201)**
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarbeisli, nálægðarskynjari aftan,
hraðastillir ofl.
Skrd. 05/2006. Ek. 92.000 km.
Verð 3.820.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.130.000 kr.
**Thrifty verð 2.690.000 kr.**



**Ford Mondeo Trend (TP082)**
2.0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 05/2007 Ek. 59.000 km.
Verð 2.550.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
**Thrifty verð 1.950.000 kr.**

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.

## Komdu. Kauptu bíl á rýmingarverði af Thrifty

**Við erum þar sem Brimborg er, Bíldshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri.**
**Sölumenn Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.**

Opið til kl. 18 í kvöld

**Thrifty Íslandi**
Bíldshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

**Thrifty Íslandi**
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty® Bílaleiga
www.thrifty.is

Cohn & Wolfe Íslandi. Leyfishafi Dollar Thrifty á Íslandi er Brimborg.

Steinþór Freyr Þorsteinsson Stjörnumaður:

# Hugurinn stefnir út

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Steinþór Freyr Þorsteinsson hjá Stjörnunni sló eftirminnilega í gegn í sumar.

Eftir að hafa verið efnilegur leikmaður hjá Breiðabliki blómstraði Steinþór í bláa búningnum. Hann var líklega besti maður Íslandsmótsins á meðan hann var heill heilsu og leikur Stjörnuliðsins hrundi þegar hann meiddist.

Steinþór hefur eðlilega vakið athygli eftir sumarið og skoðar nú sína möguleika.

„Hugurinn stefnir út. Því er ekki að neita. Ég er að láta skoða möguleika í þeim efnum og vonandi kemst ég eitthvert á reynslu næstu vikur,“ sagði Steinþór í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann hefur verið orðaður við lið hér heima og þar á meðal sitt gamla félag Breiðablik.

„Ég veit ekki hvaðan það kemur. Það er ekkert til í því. Ef ég verð hér heima leik ég líklegast áfram með Stjörnunni þar sem ég er samningsbundinn. Maður veit samt aldrei með framtíðina enda er ég Bliki,“ segir Steinþór.

- hbg













**GUNNLEIFUR GUNNLEIFSSON** Hér í leik með íslenska landsliðinu en hann hefur verið aðalmarkvörður Íslands undanfarið ár. Hann er nú genginn í raðir FH. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á enn eftir mín bestu ár

**Gunnleifur Gunnleifsson gerði í gær þriggja ára samning við Íslandsmeistara FH. Um leið hætti Daði Lárusson hjá félaginu eftir fjórtán ára veru hjá FH.**

**FÓTBOLTI** Gunnleifur Gunnleifsson gerði í gær þriggja ára samning við FH en hann hafði verið á mála hjá HK síðan 2002. Félögin hafa átt í viðræðum undanfarnar vikur en Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að þetta stæði til.

FH tilkynnti um leið að Daði Lárusson hefði verið leystur undan samningi en hann hefur verið aðalmarkvörður félagsins undanfarin fjórtán ár.

„Eftir að það var ljóst að ég yrði ekki áfram í HK ræddi ég við nokkur félög,“ segir Gunnleifur. „Ég gerði mér snemma grein fyrir því að ég vildi fara til FH. Ég var þó samningsbundinn HK og þurftu félögin að ræða þetta sín á milli. Þeim tókst að finna lendingu og er ég afar þakklátur fyrir það. Það tók svo ekki langan tíma fyrir mig að ganga frá samningi við FH.“

Hann segist afar spenntur fyrir því að hefja æfingar með sínu nýja félagi. „Ég er fullur eldmóðs að byrja enda er FH frábært félag í alla staði. Ég hef bara heyrt góða hluti um félagið og ég er gríðarlega spenntur fyrir þessu.“

Gunnleifur er 34 ára gamall en er óhræddur við að skuldbinda sig í þrjú ár til viðbótar. „Mér finnst að ég eigi enn eftir mín bestu ár í boltanum – ég er rétt að byrja,“ segir hann í léttum dúr.

Hann hefur verið aðalmarkvörður íslenska landsliðsins undanfarið ár og stefnir á að halda sínu sæti í landsliðinu. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari sagði í síðasta mánuði að það væri viðbúið að hann gæti ekki valið Gunnleif áfram ef hann spilaði í næstefstu deild hér á landi. Því kom það fáum á óvart að hann skyldi ákveða að yfirgefa HK.

„Fyrir mér er íslenska landsliðið toppurinn. Það er því mjög skiljanlegt að ég þurfti á alvöru áskorun að halda og vera í því besta umhverfi sem hægt er hverju sinni. Sú ákvörðun að fara til FH er þáttur í því,“ segir Gunnleifur. „En ég skil við HK í góðu enda ekki annað hægt. HK er minn klúbbur og þar ólst ég upp. Ég hef gefið af mér til félagsins af lífi og sál og á því einnig margt að þakka. Þarna á ég marga vini og ég verð tíður gestur á leikjum HK í framtíðinni. Ég vona svo innilega að ég fái tækifæri til að spila við HK í efstu deild sem allra fyrst.“

eirikur@frettabladid.is

Daði Lárusson á leið frá FH eftir fjórtán ára veru:

# Vissulega pínu súrt

**FÓTBOLTI** Daði Lárusson og forráðamenn FH komust að samkomulagi í gær um að Daði yrði leystur undan samningi sínum við félagið. Hann hefur verið aðalmarkvörður félagsins í fjórtán ár en koma Gunnleifs Gunnleifssonar breytti hans stöðu.

„Ég átti ár eftir af mínum samningi og hefði kosið að klára hann. En þeir tóku þessa ákvörðun og ég varð að sætta mig við hana,“ sagði Daði. „En þetta er allt gert í mesta bróðerni þó að þetta sé vissulega pínu súrt. Þetta eru skrítnir tímar.“

Hann segir að þetta hafi ekki komið sér í opna skjöldu. „Þetta hefur verið í umræðunni undanfarnar vikur og fréttirnar komu því ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti. Ég er einfaldlega ekki hannaður til bekkjarsetu og það sagði ég stjórninni. Það var því niðurstaðan að ég færi.“

Daði er ekki byrjaður að ræða við önnur félög en ætlar sér að vera áfram í efstu deild. „Ég á nóg inni og ætla mér að vera í fremstu röð markvarða á næstu árum. Ég mun ekki gefa tommu eftir.“

- esá

Samningur Marels Baldvinssonar við Val rennur út um áramótin:

# Gunnlaugur vill halda mér hjá Val

**FÓTBOLTI** Framtíð framherjans Marels Baldvinssonar hefur verið í umræðunni síðustu daga. Samningur hans við Val rennur út um áramótin og hann hefur þegar verið orðaður nokkuð sterklega við Stjörnuna.

„Ég veit ekki hvað verður. Ég á eftir að hitta Valsmenn að máli og ræða við þá um framtíðina. Ég hef ekki rætt við önnur félög. Ég mun fyrst heyra hljóðið í Valsmönnum áður en ég skoða annað. Ég mun hitta þá í vikunni. Það er best að fá þessa hluti á hreint sem fyrst,“ sagði Marel sem hefur þegar rætt við nýjan þjálfara Valsmanna, Gunnlaug Jónsson.

„Við áttum ágætt spjall þar sem hann sagðist meðal annars vilja halda mér hjá félaginu,“ sagði Marel en það er þá stjórnarinnar að ganga frá nýjum samningi við framherjann.

Marel var einn fjölmargra leikmanna Vals sem ollu miklum vonbrigðum í sumar. Sjálfur byrjaði hann ágætlega en síðan fjaraði undan leik hans eins og flestra leikmanna liðsins.



**MAREL BALDVINSSON** Mun ræða við Valsmenn í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta var svo sannarlega mikið vonbrigðasumar. Það var alls ekki lagt upp með þetta fyrir tímabilið. Ég geri því ráð fyrir miklum breytingum á Hlíðarenda eins og hefur mátt sjá í fjölmiðlum. Ég hef engar sérstakar skýringar á þessu gengi okkar en þarna var fullt af hæfileikaríkum fótboltamönnum sem náðu bara ekki saman.“ - hbg




HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

Aron Pálmarsson átti góða innkomu hjá Kiel:

# Lemgo náði stigi í Kiel

**HANDBOLTI** Kiel tapaði í gær sínu fyrsta stigi á tímabilinu þegar liðið gerði jafntefli við Lemgo á heimavelli, 27-27. Staðan í hálfleik var 13-12, Kiel í vil en Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins.

Aron Pálmarsson átti glimrandi fína spretti með liðinu bæði í fyrri og seinni hálfleik. Hann skoraði tvö mörk í röð í stöðunni 11-11 og tryggði þar með að sínir menn færu með forystu inn í leikhléið.

Kiel náði svo góðum undirtökum í leiknum í síðari hálfleik. Aron skoraði sitt þriðja og síðasta mark í leiknum þegar hann kom Kiel í fimm marka forystu, 24-19, þegar síðari hálfleikur var tæplega hálfnaður.

En þá hrukku gestirnir í gang og jöfnuðu metin, 25-25. Kiel komst tvívegis yfir en Lemgo átti ávallt svar við því. Bæði lið fengu tækifæri til að skora á lokamínútu leiksins en allt kom fyrir ekki.

Hvorki Vignir Svavarsson né Logi Geirsson léku með Lemgo vegna meiðsla.

Einn annar leikur fór fram í deildinni í gær. Hannes Jón Jónsson skoraði eitt mark þegar hans menn í Hannover-Burgdorf töpuðu fyrir Melsungen á heimavelli, 30-26.

Lemgo er með ellefu stig í efsta sæti þýsku úrvalsdeildarinnar en Flensburg getur skotist á toppinn með sigri á Lübbecke um helgina. Lemgo er í þriðja sæti með níu stig. **- esá**



**ARON PÁLMARSSON** Stóð sig vel með Kiel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GEKK ILLA** Björgvin Hólmgeirsson náði sér ekki á strik í sókninni frekar en félagar hans í Haukum gegn Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hörmulegur handbolti

**Stjarnan og Haukar mættust í opnunarleik N1-deildarinnar í gær. Íslandsmeistararnir mörðu sigur, 16-17, í vægast sagt skelfilega illa spiluðum handboltaleik.**

**HANDBOLTI** Íslandsmót karla hófst í gær. Vonandi er fall fararheill fyrir deildina því handboltinn sem boðið var upp á að þessu sinni var í einu orði sagt skelfilegur. Var engu líkara en maður væri að fylgjast með neðrideildarleik en ekki leik þar sem Íslandsmeistarar væru að spila. Haukarnir mörðu sigur að lokum en þurfa heldur betur að girða sig í brók fyrir framhaldið.

Stjörnumenn fengu fín tækifæri til þess að jafna leikinn undir lokin en klúðruðu síðustu tveimur skotunum sínum. Þeir voru þó ekki í neinu þunglyndi enda jákvætt fyrir þetta unga og óreynda lið að standa í meisturunum í fyrsta leik. Flestir bjuggust fyrir fram við því að þeir yrðu flengdir með 10-15 mörkum í leiknum. Þessi niðurstaða er því til að byggja á en það sama verður ekki sagt um frammistöðuna.

Leikurinn í gær var leikur markvarðanna. Birkir Ívar fór gjörsamlega hamförum í markinu. Varði 27 skot og var með 63 prósenta markvörslu. Það sjáum við ekki aftur í vetur í leik þar sem markvörður spilar í 60 mínútur. Leikmenn Stjörnunnar hjálpuðu þó nokkuð til með lélegum og oft á tíðum illa ígrunduðum skotum sem Birkir þurfti ekki að hafa mikið fyrir að verja.

Gamli jálkurinn Roland Eradze var einnig í fantaformi hinum megin og hélt Stjörnumönnum lengi vel á lífi á leiknum. Sýndi gamalkunna takta og hann á eftir að reynast Stjörnumönnum drjúgur í vetur haldi hann heilsu.

Fyrir utan markvörsluna er ekkert jákvætt hægt að segja um þennan leik. Hann var einfaldlega hræðilegur. Sóknarleikur beggja liða var átakanlega hægur, óagaður og lélegur. Skyttur liðanna voru algjörlega út á túni. Það var átakanlegt að fylgjast með sóknarleik liðanna.

Bæði lið geta mun betur og þá sérstaklega Haukar. Þeir vinna tæplega annan leik sem þeir spila svona illa. Þeir máttu að lokum þakka fyrir stigin eftir að hafa hleypt Stjörnunni inn í leikinn með ævintýralegum klaufaskap.

„Ég get ekki verið kátur þrátt fyrir sigurinn. Vörnin var reyndar ágæt á köflum og Birkir að verja frábærlega. Sóknarleikurinn var aftur á móti hræðilegur og okkar reyndustu menn gerðu hvern feilinn á fætur öðrum. Þetta jaðraði við að vera pínlegt á köflum fannst mér," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, heiðarlegur í leikslok.

„Það var mikill sviðsskrekkur í mörgum okkar leikmanna í dag. Fyrsti leikur í deild og menn pínu hræddir. Sumir að spila stór hlutverk í fyrsta skipti í liði sem hefur verið meistari síðustu tvö ár. Það var fínt að fá hroll strax, vonandi hrista menn það af sér og fara að spila handbolta í næsta leik."

Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnunnar, var ekki alls ósáttur í gær þrátt fyrir tapið.

„Við erum að spila á móti meisturunum og vissum að það yrði erfitt. Ég hafði samt trú á að við gætum sigrað. Varnarleikur og markvarsla var fín og sóknarleikurinn ágætur en Birkir át allt sem á markið kom. Það er samt jákvætt að hafa staðið í Haukunum og þetta er eitthvað til að byggja á," sagði Patrekur. **henry@frettabladid.is**

### STJARNAN - HAUKAR 16-17

**Mörk Stjörnunnar (skot)**: Þórólfur Nielsen 5/2 (12/4), Vilhjálmur Halldórsson 4/2 (14/2), Jón Arnar Jónsson 3 (6), Sverrir Eyjólfsson 2 (4), Kristján Svan Kristjánsson 1 (3), Eyþór Magnússon 1 (5).
**Varin skot**: Roland Valur Eradze 17/2 (32/5) 53%, Viktor Alex Ragnarsson 3/1 (5/1) 60%.
**Hraðaupphlaup**: 2 (Kristján, Jón).
**Fiskuð víti**: 6 (Sverrir 3, Daníel, Guðmundur, Þórólfur).
**Utan vallar**: 12 mín.
**Mörk Hauka (skot)**: Elías Már Halldórsson 3 (4/1), Einar Örn Jónsson 3/1 (5/2), Sigurbergur Sveinsson 3/2 (10/3), Freyr Brynjarsson 2 (5), Pétur Pálsson 2 (2), Tjörvi Þorgeirsson 1 (2), Guðmundur Árni Ólafsson 1 (4), Björgvin Hólmgeirsson 1 (7), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (3).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 27/2 (43/6) 63%.
**Hraðaupphlaup**: 5 (Pétur 2, Freyr, Elías, Einar).
**Fiskuð víti**: 6 (Sigurbergur 2, Heimir Óli 2, Pétur, Einar).
**Utan vallar**: 8 mín.
**Dómarar**: Jónas Elíasson og Ingvar Guðjónsson, góðir en nokkuð hliðhollir Haukum.









BT
BT MÚSIN - MEÐ EGÓIÐ Í LAGI
BT HEFUR OPNAÐ VERSLUN Í
ORMSSON SMÁRALIND
EGO
6.OKTÓBER
EGÓ
6. OKTÓBER
1.999
2. 499
LAY LOW
FLATEY
1.999
2. 499
STRUMPASAFNIÐ 1
STRUMPARNIR
1.999
X-MEN WOLVERINE
X-MEN ORIGINS WOLVERINE
2.199
2. 499
KARLAR SEM HATA KONUR
KARLAR SEM HATA KONUR
2.199
2. 499
PACKARD BELL DOT N
FISTÖLVA MEÐ 11,6" HD LED SKJÁ
AMD Athlon 64 L110
2GB DDR2
512MB ATI X1270
250GB Harður diskur
Windows Vista Home Premium
ÖFLUGASTA FISVÉLIN
packard bell
PICO mini
8 GB
5. 999
99.999
lenovo
LENOVO IDEAPAD U330
13,3" SKJÁR LED HD
Intel T4200
3GB DDR2
13,3" LED skjár
320GB Harður diskur
Windows Vista Home Premium
119.999
139. 999
NÝJAR VÖRUR FÁANLEGAR Í SKEIFUNNI
POPPVÉL
OBH NORDICA
9.999
PIZZAOFN
OBH NORDICA
19.999
KAFFIVÉL
INVENTUM
19.999
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

## > Jeremy Irons

„Ég hef það alltaf á tilfinningunni að ég hefði getað leikið síðasta hlutverk aðeins betur. Þegar að því kemur að ég verð fullkomlega sáttur hætti ég að öllum líkindum að leika.“

***Irons fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni The Man in the Iron Mask sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HORFIR MEÐ ÁHUGA Á HUNDAHVÍSLARANN CESAR

# *Máttur hundahvíslarans gegn ofurfóstrunni*

Á sjónvarpsstöðinni National Geographic er hægt að horfa á þáttinn The Dog Whisperer sem fjallar um hundaþjálfarann Cesar Millan sem tekur að sér að aðstoða hundaeigendur með uppeldið á gæludýrum sínum.

Cesar Millan er fæddur og uppalinn í Mexíkó. Hann dvaldi oft á sveitabæ afa síns þar sem hann lærði að umgangast hunda og önnur dýr. Strax sem ungur drengur var Cesar harðákveðinn í því að verða heimsins besti hundaþjálfari þegar hann yrði eldri. Hann flutti til Bandaríkjanna átján ára gamall þar sem hann hóf störf á hundasnyrtistofu og varð fljótlega þekktur fyrir það að geta greitt og baðað hunda sem aðrir vildu ekki koma nærri.

The Dog Whisperer er í anda þáttanna Supernanny, nema að í stað krakka með hegðunarvandamál eru hundar með hegðunarvandamál. Þeir eru af öllum stærðum og gerðum og vandamálin eru mörg, sumir þykja grimmir, aðrir feimnir og óframfærnir og nokkrir gelta of mikið. Eigendurnir eru flestir ráðþrota og í örvæntingu sinni láta þeir allt eftir dýrinu.



Í síðasta þætti kom Cesar til bjargar hundi sem átti að aflífa vegna þess hversu oft hann hafði bitið bæði menn og dýr en sem betur fer kom ekki til þess því Cesar karlinn, með aðstoð hundahóps síns, kom bitvarginum í skilning um að þessi hegðun væri ekki viðunandi.

Mér þykir þátturinn um hundahvíslarann skemmtileg afþreying og ég er sannfærð um það að hægt sé að nýta sér þessa aðferðafræði Cesar á annað og meira en hunda. Í South Park-þáttunum var Cesar fenginn til að nota þessi fræði sín á óþekktarangann Cartman með góðum árangri.

Þótt það sé kannski óþarfi að klípa börn í hálsinn er ekki ólíklegt að staðfesta og ófrávíkjanlegar reglur komi þeim til góða.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.00 President's Cup 2009, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.20 NCIS** STÖÐ 2



▶ **21.50 Law & Order: Criminal Intent** SKJÁREINN



▶ **21.50 You Are What You Eat** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.35 Persónur og leikendur** (Erlingur Gíslason) (e)

**15.15 Viðtalið** (Alexander Stubb) (e)

**15.45 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Flautan og litirnir** (1:8) Kennsluþættir um blokkflautuleik fyrir byrjendur byggðir á samnefndum kennslubókum. (e)

**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (1:12) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Hvaða Samantha?** (11:15) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** Matreiðsluþáttaröð í umsjón Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur.

**20.40 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (56:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

**21.25 Nýsköpun – Íslensk vísindi** (2:12) Þáttaröð um vísindi. Umsjónarmaður er Ari Trausti Guðmundsson.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (20:23) Bandarísk þáttaröð um lögmann auðugrar fjölskyldu í New York og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn.

**23.10 Hamarinn** (1:4) (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.10 Fíaskó**

**10.00 My Date with Drew**

**12.00 Bowfinger**

**14.00 Fíaskó**

**16.00 My Date with Drew**

**18.00 Bowfinger**

**20.00 The Man in the Iron Mask**

**22.10 Sixteen Years of Alcohol**

**00.00 Retrograde**

**02.00 Dog Soldiers**

**04.00 Sixteen Years of Alcohol**

**06.00 Backbeat**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías, Gulla og grænjaxlarnir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Sjálfstætt fólk**

**11.00 Primeval** (6:6)

**11.45 Supernanny** (1:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (41:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (42:300)

**14.35 Ally McBeal** (1:23)

**15.20 ´Til Death** (4:15)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Nonni nifteind, Bratz og Ævintýri Juniper Lee.

**16.58 Elías**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (4:22)

**19.45 Two and a Half Men** (23:24) Charlie reynir að tala stuðningshóp Judith til um að leyfa Jake að halda áfram að eyða helgum heima hjá honum.

**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.

**20.35 The Apprentice** (11:14) Donald Trump leitar að nýjum lærlingi. Átján þátttakendur takast á í þrautum þar sem allt í senn reynir á viðskiptavit þeirra, markaðsþekkingu, leiðtogahæfileika, samstarfsvilja og færni í almennum samskiptum.

▶**21.20 NCIS** (9:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**22.10 Eleventh Hour** (12:18)

**22.55 Road to Perdition**

**00.50 Fangavaktin** (2:8)

**01.25 The 4400** (8:13)

**02.10 Johnny Dangerously**

**03.40 Volcano High**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Kiel - Lemgo** Útsending frá leik í þýska handboltanum.

**16.45 Kiel - Lemgo** Útsending frá leik í þýska handboltanum.

**18.05 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**18.30 President's Cup 2009** Hitað upp fyrir Forsetabikarinn í golfi sem fram fer 9.-11. október næstkomandi.

▶**19.00 President's Cup 2009** Bein útsending frá Forsetabikarnum í golfi en mótið er eitt það sterkasta í golfheiminum í dag enda mæta flestir af bestu kylfingum heims til leiks.

**00.00 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Arsenal - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.20 Wolves - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 Goals of the Season 1999** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**19.55 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.

**21.00 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.

**21.30 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.55 Burnley - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Nýtt útlit** (2:10) (e)

**08.00 Dynasty** (67:88) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Nýtt útlit** (2:10) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**18.00 Dynasty** (68:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**18.50 Lífsaugað** (3:10) Þórhallur Guðmundsson miðill stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur. (e)

**19.30 Game Tíví** (4:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Everybody Hates Chris** (20:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.

**20.30 30 Rock** (1:22) Bandarísk þáttaröð sem hlotið hefur Emmy-verðlaunin undanfarin þrjú ár sem besta gamanserían.

**21.00 Flashpoint** (11:12) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Hryðjuverkamenn láta til skarar skríða í borginni og einn úr sérsveitinni leggur líf sitt að veði til að bjarga málunum.

▶**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (21:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Logan leggur allt í sölurnar þegar prestur fær hann til að taka upp rannsókn á þremur morðum sem framin voru fyrir 16 árum.

**22.40 The Jay Leno Show**

**23.30 She's Got the Look** (5:6) (e)

**00.20 Secret Diary of a Call Girl** (e)

**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram með sitt tveggja manna tal við Gunnar Dal.

**21.30 Birkir Jón** Þingmaður framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Eldsnöggt með Jóa Fel

Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir. Hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur af hjartans lyst. Jói ætlar einnig að kenna okkur að baka einföld brauð, fín og gróf, formkökur, klatta, flatkökur og skonsur svo eitthvað sé nefnt. Í kvöld er það lambalæri, kryddað að hætti Jóa Fel með öllu tilheyrandi, silungasalat og klausturbleikja í forrétt og svokallað lime-epli í eftirrétt.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**30 Rock**

### SkjárEinn kl. 20.30

Bandarísk þáttaröð sem hlotið hefur Emmy-verðlaunin undanfarin þrjú ár sem besta gamanserían. Í kvöld byrjar SkjárEinn að sýna þriðju þáttaröðina og í fyrsta þættinum reynir Liz að koma í veg fyrir að samstarfsfólkið eyðileggi möguleika hennar á að ættleiða barn þegar kona frá ættleiðingarskrifstofunni heimsækir hana á vinnustaðinn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.30** Óperukvöld Útvarpsins
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Einfarar - Náttúra
**22.36** Útvarpsleikhúsið: Í aðalhlutverki - Erlingur Gíslason
**23.05** Tónleikur
**00.00** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (16:26)
**17.00 Doctors** (17:26)
**17.30 The O.C. 2** (15:24) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.15 Seinfeld** (4:24)
**18.45 Doctors** (16:26)
**19.15 Doctors** (17:26)
**19.45 The O.C. 2** (15:24)
**20.30 Seinfeld** (4:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**21.50 You Are What You Eat** (4:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og hjálpar fólki sem er komið í ógöngur.
**22.15 Gossip Girl** (1:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klædd-ur í næsta glæsipartíi.
**23.00 Ástríður** (8:12) Tangónámskeið getur lífgað upp á ástarsambandið. Verst hvað Ástríður er lengi að tileinka sér réttar hreyfingar. Þarf Sveinn Torfi að finna sér nýjan dansfélaga?
**23.25 Medium** (8:19)
**00.10 True Blood** (3:12)
**01.05 Auddi og Sveppi**
**01.35 In Treatment** (21:43)
**02.00 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** The Black Adder **12.30** Lead Balloon **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** The Black Adder **15.15** Lead Balloon **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Lead Balloon **18.30** Coupling **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** Judge John Deed **20.50** Lead Balloon **21.20** Coupling **21.50** Absolutely Fabulous **22.20** EastEnders **22.50** The Weakest Link **23.35** Judge John Deed

## DR 1

**12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.50** S P eller K **14.00** Boogie Update **14.30** Braceface **14.50** Hojspændingsmanden og Robotdrengene **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Den lyserode panter **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporlos **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Min bedstemors hus **21.30** Jagten på pædofile **22.25** Seinfeld **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Ut i nærturen **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sorens onskestovler **16.05** Fritt fram **16.35** Danny og Daddy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Tilbake til 60-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Forbrytelsen **20.30** Den norske humor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Klar til kamp! **23.15** Kulturnytt

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Den stora resan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Robins **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Att vara adoptivbarn **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Skavlan **23.00** Älskade, hatade förort **23.30** Kysst av spriten




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mikið á gamlar plötur eins og Glenn Campbell og Anne Murray, sem er gamaldags „feelgood“-tónlist. Svo hlusta ég líka á Hercules and Love Affair og Emilíönu Torrini sem er bara týpísk stelputónlist held ég.“*

Sigrún Halla Unnarsdóttir, fatahönnuður.

# Sigvaldi J. Kárason sigraði í Cannes

Franco og Formula Fun, teiknimyndaþáttaröð sem nokkrir Íslendingar koma að, var valið áhugaverðasta barnaefnið á sjónvarps- og auglýsingahátíðinni í Cannes sem nú fer fram við strendur Miðjarðarhafsins. Sigvaldi J. Kárason er leikstjóri þáttanna og hann var kampakátur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta er bara rosalegt, þvílíkur rússíbani,“ segir Sigvaldi en hann var staddur inni í fatabúð þegar Fréttablaðið náði tali af honum og var klæða sig upp fyrir kvöldverð sem honum var boðið að sækja. „Þetta er svona lokuð veislu, hundrað manns mæta og maður á víst að vera snyrtilegur til fara,“ segir Sigvaldi en hann var að einbeita sér að því að hneppa skyrtu sem Fransmaður var að reyna selja honum á meðan samtalið fór fram.

Sigvaldi segir að sigurinn hafi gjörsamlega breytt öllu. Nú sé verið að semja um landsvæði sem þáttaröðin á að vera sýnd á. Slíkir samningar séu yfirleitt ekki gerðir fyrr en þættirnir hafa farið í sýningu. Stóru hákarlarnir í bransanum syndi í kringum þau. „Við höfum hitt fólk sem við töldum nær útilokað að hitta en það beið reyndar bara eftir því að ná tali af okkur. Þetta hefur verið alveg ótrúlegt.“

Franco og Formula Fun fjallar um strákinn Franco sem hverfur á vit Formúlunnar með hraðskreiðu bílunum sínum sem hann ferjar heimshornanna á milli með flugvélinni sinni. Brautirnar eru á þeim stöðum sem alvöru Formúlan fer fram nema þær eru gæddar meiri ævintýrablæ. **- fgg**





**SIGUR** Sigvaldi J. Kárason og teiknimyndaserían Franco and Formula Fun sigruðu á Cannes. Hún var valin áhugaverðasta barnaefnið og sigurinn hefur gjörbreytt öllu um dreifingu.



**LÁRÉTT**
**2.** sigtun, **6.** frá, **8.** forsögn, **9.** pili, **11.** fyrir hönd, **12.** skran, **14.** veldis, **16.** tveir eins, **17.** einatt, **18.** umfram, **20.** rykkorn, **21.** gefa frá sér reiðihljóð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lengdareining, **3.** klaki, **4.** skynja, **5.** lík, **7.** sviptur veruleikaskyni, **10.** mánuður, **13.** sjáðu, **15.** flóki, **16.** efni, **19.** gjaldmiðill.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** síun, **6.** af, **8.** spá, **9.** rím, **11.** pr, **12.** drasl, **14.** ríkis, **16.** tt, **17.** oft, **18.** auk, **20.** ar, **21.** urra. **LÓÐRÉTT: 1.** yard, **3.** ís, **4.** upplifa, **5.** nár, **7.** firrtur, **10.** maí, **13.** sko, **15.** strý, **16.** tau, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Umhverfismál.
2. Moka snjó.
3. Tölvupóstar blaðamanns Morgunblaðsins.


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010




**VELKOMIN** Valgeir Guðjónsson og Ásta Kristrún hafa bryddað upp á þeirri skemmtilegu nýjung að bjóða útlendingum heim til sín í Vesturbæinn. Íslendingar geta líka fengið að kynnast þessari sérstöku ferðaþjónustu og hlýtt á ljúfa tóna og fyrirlestur um fornöld og víkinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VALGEIR GUÐJÓNSSON:** NÝR KOSTUR Í FERÐAÞJÓNUSTU

# STUÐMAÐUR OG FRÚ BJÓÐA ÚTLENDINGUM HEIM TIL SÍN

„Við Ásta höfum stundum rætt þetta, hvort það væri ekki gaman að bjóða upp á svona hér á Íslandi. Við höfum séð þetta í útlöndum og farið í svona og þetta er miklu persónulegra heldur en að láta einhvern fararstjóra þusa yfir manni á fleygiferð inni í rútu,“ segir Valgeir Guðjónsson, Stuðmaður með meiru. Hann og eiginkonan, Ásta Kristrún Ragnarsdóttir, ákváðu í sumar að opna hús sitt í Vesturbænum fyrir útlendingum, bjóða þeim upp á alvöru íslenska gestrisni með smá fyrirlestrum um íslenska þjóð, sögu hennar og menningu. Ef einhverjir vilja geta þeir fengið að gæða sér á rammíslenskum veigum sem þau hjónin reiða fram.

Heimasíðan reykjavikhospitality.com segir raunar allt sem segja þarf en verkefnið er ungt og enn í mótun. Valgeir útskýrir að það hafi kviknað í sumar. „Við ákváðum að kanna málið og sáum að það var ekkert svona í boði og höfum í rólegheitunum verið að koma þessu á koppinn.“ Valgeir segir að þau hafi gert sér grein fyrir því að þau væru ágætlega sett til þess að taka á móti fólki heima hjá sér. „Maður grípur í gítarinn og svo tengdist ég fornaldar- og víkingasögunni ágætlega hér á árum áður og get því frætt fólk um þann tíma í lífi þessarar þjóðar.“

Valgeir segir þetta hafa farið nokkuð rólega af stað, þau hafi þó fengið nokkra hópa þar sem þetta hafi mælst vel fyrir. „Við fengum til að mynda hóp af Bandaríkjamönnum hingað til okkar um daginn, þetta eru gamlir starfsfélagar, vísindafólk, og það hefur verið þeirra ær og kýr að ferðast saman og fara inn á heimili fólks um allan heim. Það var því ekkert síðra fyrir okkur en þau að hittast og við áttum mjög ánægjulega stund.“ Valgeir bætir því við að þeim hafi alls ekki liðið eins og þau væru stödd á einhverjum útnára, hér töluðu til að mynda allir ensku upp á 8,5. Aðspurður hvort þjónustan standi Íslendingum til boða segir Valgeir að auðvitað séu landar hans velkomnir heim til þeirra. „Ef fólk er að fara eitthvað út þá bjóðum við fram krafta okkar sem gestgjafar,“ en áhugasamir Íslendingar geta nálgast það á heimasíðunni nematorg.is. Útlendingum er hins vegar bent á áðurnefnda heimasíðu, reykjavikhospitality.com. **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fjölmenni var á frumsýningu heimildarmyndarinnar Guð blessi Ísland í Háskólabíói á þriðjudag. Fjölmörg þekkt andlit voru í salnum þó að fjarvera íslenskra útrásarvíkinga hafi verið æpandi, enda biðu þeirra merktir stólar á besta stað. Ólíklegasta þríeykið í salnum var án efa að finna í þriðju efstu sætaröð, en þar sátu saman **Hemmi Gunn**, Ásgeir Kolbeins og lögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson og virtust skemmta sér vel.



**Hlynur Sigurðsson**, upplýsingafulltrúi Latabæjar, hefur ákveðið að söðla um og snúa sér aftur að fjölmiðlum. Hann hefur verið ráðinn fréttastjóri sjónvarpsfrétta á Mbl.is og Skjá einum en útsendingar hefjast í næstu viku. Eins og kunnugt er hefur Inga Lind Karlsdóttir verið ráðin fréttalesari á Skjá einum í tengslum við þetta verkefni. Hlynur er ekki ókunnur því að starfa við fjölmiðla. Hann var fréttamaður á Ríkisútvarpinu og kom svo á fót Fasteignasjónvarpinu sem dó drottni sínum þegar mestu lætin gengu yfir á fasteignamarkaðinum.

Tökur standa nú yfir á Wipeout-þætti Stöðvar 2 í Argentínu. Í einu hollinu sem fór út voru samankomin Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður, Egill Einarsson líkamsræktarþjálfari, Baldur Rafn Gylfason hárgreiðslumaður og **Alexandra Helga Ívarsdóttir** fegurðardrottning svo fáeinir séu nefndir. Einhver mistök urðu við bókun á farseðlum fyrir þennan hóp. Flogið var frá Keflavík til Kaupmannahafnar og þaðan til Madríd. Þegar þangað var komið varð hópurinn hins vegar að bíða í sólarhring áður en hægt var að fljúga lokaáfangann til Argentínu. Munu þessi þekktu andlit því hafa skemmt sér vel saman við mojitodrykkju, pókerspil og fleira í þeim dúr. **- afb, hdm**




íslensk hönnun og handverk



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is


# Anna Sigga með fyrstu íslensku hárlínuna

„Stóru hárgreiðslufyrirtækin senda reglulega frá sér hárlínur, alveg eins og fatahönnuðir gera. Mér datt í hug að það gæti verið gaman að gera mína eigin línu og ákvað að láta verða af því þar sem þetta er eitthvað sem mér þykir gaman að gera og það hefði verið leiðinlegt ef hugmyndin hefði bara grotnað í hausnum á mér,“ segir Anna Sigríður Pálsdóttir hárstílisti, sem sendi frá sér sína fyrstu hárlínu, Psychobilly, fyrir stuttu. Anna sótti innblástur til dagatalsstúlkna sjötta áratugarins og til listamannsins Gil Elvgren auk þess að vera undir áhrifum frá „quiff“-hártískunni sem var vinsæl á sjötta áratugnum.

„Ég veit ekki til þess að þetta hafi verið gert hér á landi áður þannig að það gæti verið að ég sé sú fyrsta sem prófa mig áfram í þessu hér heima. Vanalega eiga línur sem þessar að veita hárgreiðslufólki innblástur en ég ákvað að gerast svo djörf að dreifa þessu bara til almennings og ekki á stofur,“ segir Anna sem hyggst halda áfram og ætlar að senda frá sér vor- og sumarlínu í byrjun næsta árs.

Hárgreiðslustofan Gel hætti fyrir ári og í hennar stað opnaði Barber Theater þar sem Anna Sigga tekur á móti fólki í hársnyrtingu auk þess að hýsa ýmsar uppákomur. „Rýmið er í boði fyrir hvern þann sem vill nota það. Þar að auki ætla ég að halda bíókvöld mánaðarlega í vetur og sýna myndir sem eru teknar á 8mm filmu. Þett verður allt auglýst betur þegar nær dregur.“ **- sm**



**PSYCHOBILLY** Fyrirsætan skartar hárgreiðslu úr hárlínu Önnu sem hefur hlotið nafnið Psychobilly. MYND/ESTHER ÍR



**HÁRLÍNA** Anna Sigríður hefur sent frá sér sína fyrstu hárlínu sem ber heitið Psychobilly. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
KR. 699,-
Legghlífar, þykkar og góðar. 3 litir
Verð 699.- stk
KR. 999,-
Sæng og koddi
Aðeins 999.- settið
KR. 999,-
Flugfreyjutaska, stækkanleg
Verð áður 1999.- Verð nú 999.-
KR. 199,-
VERÐ FRÁ
Fingravettlingar á alla fjölskylduna
Barna prjónavettlingar verð 199.-
Dömu prjónavettlingar verð 599.-
Herra flísvettlingar verð 599.-
KR. 3.999,-
Hágæða sængurverasett,
damaskofin bómull. Margar gerðir.
Kynningarverð 3999.- settið
KR. 399,-
Hárteygjur 100 stk í pakka
Fallegir litir, frábært verð!
KR. 999,-
VERÐ FRÁ
Jersey teygjulök, 100% bómull, 3 litir
90x200 verð 999.-, 140x200 verð 1299.-
180x200 verð 1599.-
KR. 299,-
Ullarsokkar
Dömu og herra, fjórir litir
KR. 499,-
Herra
bómullarboxer
KR. 299,-
Yndislega mjúkir sokkar
Verð aðeins 299.-
KR. 999,-
Fellistóll með sterku áklæði
Verð áður 2499.-
KR. 299,-
Sætar peningabuddur.
Margar gerðir
HERSHEY´S
KOSSAR KR. 299,-
HERSHEY´S
SÚKKULAÐI
396 gr.
Signatures Of Nature
MIKIÐ ÚRVAL AF ÓDÝRUM
HREINLÆTISVÖRUM:
EASY Glerúði 750 ml. 299,-
EASY Eldhúsúði 750 ml. 299,-
EASY 4 in 1 750 ml. 299,-
TALENT Eldhúsrúllur 4 stk. 399,-
EASY FAB mýkingarefni 2 l. 299,-
OFURTILBOÐ
VIKUNNAR
KR. 499,-
15 LÍTRA BOX
Plastkassi með loki, 15 lítra
Verð áður 999.- Verð nú aðeins 499.-
Einnig fáanlegir í 31l, 40l, og 55 lítra.
SKÓMARKAÐUR
NÝ SENDING VERÐ FRÁ 499.-
OPIÐ 10-18 · SUNNUDAGA 12-18

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



BÓKA LAGERSALA

**Við flytjum lagerinn!**

Gerðu bókakaupin á risamarkaði Forlagsins

**Fiskislóð 39**

Allir sem versla fá bókagjöf




**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

## *Aftur í sama farið?*

Það getur reynst erfitt að breyta út af vananum. Við erum gjörn á að hjakka í sama hjólfarinu og sitja sem fastast í þeim aðstæðum sem við þekkjum best, jafnvel þó að þær aðstæður séu ekki endilega þær bestu og breytinga væri þörf. Í þessu venjulega felst ákveðið öryggi . Þó að okkur takist stundum að hrista upp í hlutunum og breyta tímabundið til er tilhneigingin til að falla aftur í sama farið rík.

**ÞETTA** á við um svo margt, bæði um hversdagslega hluti og þá sem skipta sköpum. Heimili mitt var til dæmis um tíma sjónvarpslaust. Það tók mig dálítinn tíma að venjast því, en þegar ég hafði lært að meta þá ró sem fylgdi í kjölfarið saknaði ég þess ekki neitt. Ég sá meira að segja fyrir mér, þegar sjónvarpssendingar næðust aftur, að kveikja hreinlega ekkert á sjónvarpinu, nema kannski rétt til að horfa á fréttir. Það gekk þó ekki eftir. Tækið hefur malað daginn út og daginn inn, síðan það komst aftur í gagnið.

**HVER** hefur ekki ætlað sér að taka upp heilbrigðari lífsstíl? Hætta að láta ofan í sig óhollustu og að hreyfa sig meira. Leggja bílnum og ganga, drekka vatn og borða fisk, fara fyrr að sofa og þar fram eftir götunum. Mörgum hefur meira að segja reynst þrautin þyngri að láta af slæmum vana þrátt fyrir að sá ávani gæti farið með þá í gröfina verði ekkert að gert. Það er hægara sagt en gert að laga sig að nýjum aðstæðum og fylgja þeim eftir.

**VINSÆLDIR** ríkisstjórnarinnar hafa hrunið síðan hún tók við völdum, eins og hún byrjaði vel. Fólk sá fram á breyttar áherslur með stjórnarsamstarfi sem ekki hafði verið áður reynt. Öðrum kimum samfélagsins yrði nú loksins gefinn gaumur í fyrsta sinn í langan tíma.

**EN** stjórnin tók við á erfiðum tímum og nú er fólk orðið óþreyjufullt, hún riðar til falls og það hlakkar í hægrimönnunum sem sögðu vinstri öflin aldrei geta valdið þeim verkefnum sem fram undan væru.

**GÆTI** það verið að eftir einungis stutt hlé frá völdum taki Sjálfstæðisflokkurinn aftur við taumunum og sama stjórnarmynstrið sem fólk barði sig frá síðasta vetur, sendi þá þjóðina beint aftur í sama farið?



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er fimmtudagurinn 8. október 2009, 280. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.57 | 13.15 | 18.32 |
| Akureyri | 7.45 | 13.02 | 18.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


**Lokadagar**



BOSS HUGO BOSS

HUGO HUGO BOSS

strellson

LLOYD

eterna

gardeur

Van Gils

bugatti

þýskir dagar

20% afsláttur

af öllum þýsku merkjunum okkar!

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

B&S
KONUR
B&S Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS
KRINGLUNNI 533 4242